allt
ÞRÖSTUR BJÖRGVINSSON
*Matseldin alfarið úti í garði*
• matur • tilboð • langur laugardagur
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



22 ÁRA Á HRAFNISTU
STEFÁN EINAR STEFÁNSSON
*Æskulýðsfulltrúi á elliheimili*
FÓLK 46 ▶



birta
ANDI FORTÍÐAR
Gömlu búðirnar í bænum
• snjólaug braga • coldplay • heilsa
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. júní 2005 - 148. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Sterkari en Ungverjar

Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari segir að Ísland ætti að leggja Ungverjaland. Hann segir að í versta falli þurfi liðið að fá fjögur stig úr næstu tveimur leikjum en krafan er sex stig.



ÍÞRÓTTIR 30

### *Gömul brögð í nýrri stöðu*

Gömul slagorð um vinstri hættur og varnarleysi verða líklega áberandi í málflutningi sjálfstæðismanna og nýrri pólitískri stöðu verður mætt á stöðnuðum sagnfræðilegum forsendum, að mati Birgis Guðmundssonar.



SKOÐUN 24

### Almenningur hluti af listsköpun Sigga

Fjöllistahópurinn Siggi er einn af þeim hópum sem munu starfa á vegum Hins hússins í sumar í Skapandi sumarstarfi.



UNGA FÓLKIÐ 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÁLFSKÝJAÐ EÐA SKÝJAÐ** Hætt við lítilsháttar vætu suðvestan til, annars yfirleitt þurrt. Hiti 6-13 stig, hlýjast suðvestanlands.

VEÐUR 4

# Alfreð vill flugvöllinn burt

**Alfreð Þorsteinsson segir að landfylling undir nýjan Reykjavíkurflugvöll á Lönguskerjum í Skerjafirði gæti kostað 10 til 20 milljarða króna en menn megi ekki láta þann kostnað vaxa sér í augum. Sala lóða í Vatnsmýrinni geri gott betur en að hrökkva fyrir þeim kostnaði.**

**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Alfreð Þorsteinsson, Framsóknarflokki og borgarfulltrúi R-listans, telur tímabært að höggva á hnútinn um Reykjavíkurflugvöll og Vatnsmýrina. Hann vill reisa nýjan flugvöll á uppfyllingu við svonefnd Lönguskerjafirði og segir það ekki kostnaðarsamara en að reisa orkuver á Hellisheiði.

Alfreð telur ástæðu til að skoða nánar tillögur Sjálfstæðisflokksins um byggð á eyjunum við sundin norðan Reykjavíkur. „Hins vegar er alveg ljóst að þessi mál eru ekki næsta stóra viðfangsefnið á sviði skipulagsmála í Reykjavík. Þar hlýtur Vatnsmýrin að koma á undan. Hvorki Sjálfstæðiflokkurinn né R-listinn geta skotið sér undan því að taka afstöðu um framtíð Reykjavíkurflugvallar.“



**ALFREÐ** Ljóst að aldrei næst sátt um að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni.

Alfreð segir ljóst að aldrei muni nást sátt um að Reykjavíkurflugvöllur verði í Vatnsmýrinni til frambúðar, hvorki í núverandi mynd né smækkaðri. „Jafnljóst er að það er skylda Reykjavíkur sem höfuðborgar að greiðar flugsamgöngur séu í næsta nágrenni borgarinnar og þá er ég ekki að tala um Keflavíkurflugvöll heldur flugvöll sem staðsettur yrði nær höfuðborginni. Kostnaður við nýjan flugvöll ásamt landfyllingu og vegagerð gæti numið 10-20 milljörðum króna, en á móti koma tekjur af sölu lóða í Vatnsmýrinni langt umfram þennan kostnað,“ segir Alfreð.

Hugmyndin um flugvöll á Lönguskerjum er ekki ný af nálinni, segir Alfreð og bendir á að framsóknarmenn hafi meðal annarra lagt fram hugmynd í þá veru í borgarstjórn fyrir um 30 árum. Einnig hafi Hrafn Gunnlaugsson gert henni skil í sjónvarpsmynd um framtíðarsýn sína um skipulag höfuðborgarinnar. „Þetta er einfaldlega skynsamlegt og arðsamt verkefni fyrir borgina og ríkið.“

Alfreð Þorsteinsson fjallar nánar um skipulagshugmyndir sínar, Sjálfstæðisflokkinn og fleira í viðtali við Fréttablaðið á morgun, laugardag. - jh



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BARIST VIÐ SINUELD** Mikill sinubruni braust út við Litla-Sandfell í Þrengslum í gær. Slökkviliðið í Þorlákshöfn fékk tilkynningu laust fyrir eitt og var mætt á staðinn klukkan eitt. Slökkvilið Hveragerðis mætti einnig á svæðið og um klukkan fimm var búið að slökkva eldinn. Tólf hektarar lands brunnu í sinubrunanum. Eldurinn kviknaði út frá reykblysi sem kastað var úr annarri tveggja þyrla varnarliðsins sem voru þar að æfingum. Svo virðist sem eldur frá blysinu hafi komist í sinuna með ofangreindum afleiðingum.



**ÁN ÖKULEYFIS** Konur í Sádi-Arabíu mega ekki aka bíl og því verða þær ýmist að ganga eða fá karlmenn til að keyra sig.

Pólitískt stormviðri:

## Vilja ekki að konur keyri

**SÁDI-ARABÍA, AP** Mörgum er heitt í hamsi vegna vangaveltna um hvort leyfa eigi konum að aka bíl.

Allt hófst þetta með því að Mohammad al-Zulfa stakk upp á því á ráðgjafaþingi Sádi-Arabíu að skoðaðir yrðu kostir þess og gallar að konur fengju að aka bíl, en það er stranglega bannað í landinu. Síðan þá hefur al-Zulfa orðið fyrir miklu aðkasti og vilja sumir svipta hann ríkisborgararétti.

Stuðningsmenn bannsins segja það fyrirbyggja að konur komist eftirlitslaust leiðar sinnar og brjóti jafnvel íslömsk lög í leiðinni. ■

Uppsagnirnar reiðarslag segir fjölskyldufaðir:

# Baráttuandinn er alveg horfinn

**ATVINNUMÁL** „Þetta er reiðarslag,“ sagði Jón Páll Jakobsson, sjómaður á Bíldudal, um uppsagnirnar hjá fiskvinnslustöðinni Bílddælingi. Hann og kona hans eru bæði meðal starfsmanna fyrirtækisins og sjá því fram á að missa vinnuna.

„Það hefur að sjálfsögðu slæma þýðingu fyrir byggðarlagið þegar svo margir missa vinnuna,“ sagði Jón Páll í Hádegisútvarpi Talstöðvarinnar í umsjón Fréttablaðsins í gær. Skel Bílddælinga er þó orðin hörð að sögn Jóns Páls enda Bílddælingur fimmta fyrirtækið í röðinni síðan árið 1992 til að hverfa á braut.

Jón og kona hans eiga fjögur börn á aldrinum tveggja til tíu ára. Jón Páll telur eigin möguleika á starfi annars staðar ágæta en hann geti þurft að sækja vinnu fjarri heimilinu. Erfiðara sé fyrir konu hans að fá aðra vinnu. Jón Páll sagði fjölskylduna ekki ætla að yfirgefa Bíldudal. Til standi að reisa kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal en vinnsla á ekki að hefjast fyrr en á haustmánuðum árið 2006.

Jón Páll sagði fólk almennt hætt að hugsa mikið um hvað við taki hjá byggðarlaginu. „Baráttuandinn er alveg horfinn,“ sagði Jón Páll. „Mjög erfitt er að yfirgefa þorpið enda ómögulegt að taka húsið með sér.“ Lítil hreyfing er á fasteignamarkaði í bænum og þar býr fátt ungt fólk. „Byggðarlagið samanstendur að mestu af fólki sem komið er yfir miðjan aldur og á húsin sín skuldlaus,“ sagði Jón Páll. - ht



**JÓN PÁLL JAKOBSSON ÁSAMT ÞREMUR BARNA SINNA** Jóni Páli og eiginkonu hans var sagt upp störfum þegar allir starfsmenn fiskvinnslunnar Bílddælings fengu uppsagnarbréf um mánaðamótin.

Hellur & steinar



STEYPUSTÖÐIN
S. 540 6800
www.steypustodin.is

MÖGNUÐ TILBOÐ Á NÝJUM VÖRUM
til sunnudags!




Kauphlaup
2.-5. júní



## SPURNING DAGSINS

*Stefán Már, var mikið um prestaköll í þinni æsku?*

„Jú, prestar kölluðu vissulega oft á mig, þá aðallega foreldrar mínir."

Stefán Már Gunnlaugsson var nýlega kjörinn prestur á Hofi. Báðir foreldrar hans eru prestar.

Sáttaumleitanir Hannesar dugðu ekki til:

# Bauðst til að skrifa bókina aftur

**DÓMSMÁL** „Fyrir nokkrum dögum hafði Hannes samband við okkur og bauðst til þess að skrifa bókina aftur, leiðrétta hana samkvæmt dómsskjölunum þar sem hann færi eftir settum reglum um heimildanotkun," segir Guðný Halldórsdóttir, dóttir Halldórs Laxness, um sáttaumleitanir Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar við fjölskyldu nóbelskáldsins.

Fjölskylda Halldórs hefur höfðað mál á hendur Hannesi fyrir meintan ritstuld á höfundarverki Halldórs Laxness í bók hans um rithöfundinn sem kom út haustið 2003. Málflutningur-inn hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur á miðvikudag.

„Þetta snýst ekki um það að við fjölskyldan séum ísúrir og basískir kommúnistar heldur viljum við fá að vita hvort það er leyfilegt að taka texta frá öðrum, stela honum og nýta sér hann í eigin þágu. Okkur er alveg sama hver skrifar um hann pabba, bara svo framarlega sem það er heiðarlega gert. Við vildum ekki fara í mál við Hannes heldur vildum við bara að hann bæðist afsökunar og tæki bókina úr sölu. Það vildi Hannes hins vegar ekki gera," segir Guðný. - ifv



**GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR** Dóttir Halldórs Laxness, Guðný Halldórsdóttir, segir málflutning fjölskyldunnar á hendur Hannesi ekki snúast um einelti eða kommúnisma heldur ritstuld.

Frjálslyndi flokkurinn:

# Krefst rannsóknar

**EINKAVÆÐING** Frjálslyndi flokkurinn krefst ítarlegrar, opinberrar rannsóknar á allri starfsemi Einkavæðingarnefndar og vill að mat verði lagt á gerðir hennar og ráðherranna.

Í samþykkt stjórnar flokksins segir að greinaflokkur Fréttablaðsins um einkavæðingu bankanna og VÍS beri vitni um spillta stjórnarhætti sem leggja verði af. Þingflokkur Frjálslyndra lagði ásamt þingflokki Vinstri grænna í fyrra fram beiðni um skýrslu frá forsætisráðherra um einkavæðingarferlið. Þeirri beiðni var hafnað. -oá

Baugsmálið:

# Sakborningar yfirheyrðir

**LÖGREGLURANNSÓKN** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hefur yfirheyrt sakborninga og vitni í Baugsmálinu svokallaða að undanförnu að því er fréttastofa Ríkisútvarpsins greindi frá í gærkvöldi.

Samkvæmt fréttum Ríkisútvarpsins eru yfirheyrslurnar yfirgripsmiklar og hafa staðið yfir undanfarnar vikur. Lögregla rannsakar ásakanir þess efnis að Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson, núverandi og fyrrverandi forstjórar Baugs, hafi brotið gegn Baugi, meðal annars með því að draga sér fé úr fyrirtækinu.

Ekki náðist í Jón Ásgeir, Tryggva eða Jón H. Snorrason, yfirmann efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóraembættisins, í gærkvöldi. - oá

## LANDHELGISGÆSLAN

**KONA SÓTT MEÐ ÞYRLU** TF-SIF þyrla Landhelgisgæslunnar var í gær kölluð út til að sækja konu sem hafði slasast við skíða- eða snjóbrettaiðkun á Snæfellsjökli. Læknir óskaði eftir aðstoð þyrlunnar, sem flutti konuna á Landspítala – háskólasjúkrahús. Konan er handleggsbrotin og með heilahristing.



## FRAKKLAND

**AFHENDING AIRBUS TEFST** Risaþota Airbus-verksmiðjanna, A380, verður afhent kaupendum hálfu ári síðar en fyrirhugað var. Quantas-flugfélagið í Ástralíu hefur lýst því yfir að þar á bæ hyggist menn krefjast bóta vegna seinkunarinnar. Vélin á að geta borið 555 farþega 15 þúsund kílómetra leið án þess að millilenda.

# Þakka guði stuðninginn á hverjum degi

**Aron Pálmi Ágústsson segist þakka guði fyrir að fólk hugsi til sín. RJF-hópurinn hefur sent bréf til ríkisstjóra Texas og óskar eftir lausn hans. Móðursystir Arons kom til Texas í gær og verður hjá honum í mánuð.**

**DÓMSMÁL** „Ég er mjög þakklátur fyrir bréfin og þessa fallegu hugsun. Ég þakka guði á hverjum degi fyrir að fólk sé að hugsa til mín," segir Aron Pálmi Ágústsson í Texas í Bandaríkjunum. RJF-hópurinn, sem berst fyrir lausn Arons Pálma, sendi í gær bréf til ríkisstjóra Texas þar sem fram kom ósk um að hann hlutaðist til um að Aroni Pálma yrði veitt lausn úr betrunarvistinni. Bréfi hópsins fylgir bænabréf frá biskupi Íslands.

Aron Pálmi á eftir að ljúka rúmum tveimur árum af tíu ára betrunarvist sem hann var dæmdur til ytra. Hann sagðist í samtali við Fréttablaðið vonast til að bréfið hlyti náð fyrir augum yfirvalda í Texas. „Því fyrr sem ég kemst til Íslands, því betra. Ég bið til guðs á hverjum degi að ég komist til Íslands." Hann segir dagana líða hægt og hann hafi lítið fyrir stafni. Hann geti farið í verslun og þvegið þvott og fari auk þess í kirkju en fái ekki að fara jafnt oft og hann kysi sjálfur. „Ég er að reyna að fá leyfi til að fara þrisvar í viku en fæ bara að fara einu sinni," segir Aron Pálmi.

Valgerður Hermannsdóttir, móðursystir Arons, kom til Texas í gær og mun dvelja hjá honum ásamt frænkum Arons Pálma í mánuð. Valgerður hafði með sér afrit af bréfum til yfirvalda í Texas fyrir fangelsisyfirvöld. RJF-hópurinn, sem lætur sig réttlæti í máli Arons Pálma varða, er skipaður mönnum sem upphaflega komu að máli Bobby Fischer. Hópurinn berst fyrir heimfararleyfi og frelsi Arons Pálma. Í bréfi hópsins til ríkisstjórans segir að íslensk stjórnvöld og sendiráð Íslands í Washington muni leggja kapp á að uppfylla öll þau skilyrði sem kunni að vera sett af hálfu fangelsisyfirvalda í Texas. Aron Pálmi býr einn í leiguíbúð í Beumont í Texas, sem stjúpfaðir hans ber kostnað af, en á sér þá ósk heitasta að setjast að á Íslandi og byggja upp líf sitt eftir harmleikinn. hjalmar@frettabladid.is



**ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON** Á eftir að ljúka rúmlega tveggja ára betrunarvist í Texas í Bandaríkjunum.




**BRÉF TIL TEXAS** RJF-hópurinn sendi bréf til ríkisstjóra Texas í von um að Aron Pálmi fáist laus úr betrunarvist.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FALLEGT VEÐUR Í MAÍ** Túlípanabreiður við Fríkirkjuveg á fallegum vordegi í maí.

Veðurfar á landinu:

# Kalt, þurrt og sólríkt

**VEÐUR** Veður í maí var heldur óvenjulegt. Það var óvenjuþurrt og sólríkt um meginhluta landsins og lengst af fremur svalt og næturfrost viðloðandi. Meðalhiti í Reykjavík var 5,7 stig og er það 0,6 stigum undir meðallagi.

Afar lítil úrkoma var í Reykjavík í mánuðinum, ekki nema rétt um þriðjungur af því sem er í meðalári. Sólarstundir voru að sama skapi óvenju margar, 317 sólarstundir mældust í mánuðinum, sem er nær tvöfalt það sem venjulegt er. ■

Hrottaleg árás:

# Þrír dæmdir

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur úrskurðaði þrjá menn í gær í fangelsi fyrir líkamsárás og þjófnað. Tveir mannanna fengu þrjátíu daga fangelsi en einn fékk sextíu daga.

Mennirnir eru dæmdir fyrir að ráðast inn á heimili annars manns og veita honum sýnilega áverka í andliti og á líkama með barsmíðum og spörkum.

Annar mannanna er sagður hafa slegið fórnarlambið ítrekað með hækju sem hann studdi sig við. Að auki er mennirnir dæmdir fyrir að taka síma fórnarlambsins ófrjálsri hendi. - mh

Alltaf skynsamlegt

ÓB

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is

Skipta um húsnæði og ráða nýjan framkvæmdastjóra:

# Vinstri grænir fá listabókstafinn V

**STJÓRNMÁL** Dómsmálaráðuneytið hefur orðið við beiðni Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um nýjan listabókstaf, en til þessa hefur flokkurinn haft bókstafinn U. Hann verður eftirleiðis V.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segir að nokkur brögð hafi verið að því í kosningum að kjósendur hafi greitt Vinstri grænum atkvæði sitt með bókstafnum V á atkvæðaseðli og sumar kjörstjórnir hafi dæmt það gilt en aðrar ekki. Þessi misskilningur ætti nú að verða úr sögunni þar sem listabókstafurinn V verði eftirleiðis á kjörseðlum, næst í sveitarstjórnarkosningunum eftir tæpt ár. Tilkynning þessa efnis verður send landskjörstjórnum og yfirkjörstjórnum.

Vinstri grænir hafa endurbætt húsakynnin á jarðhæð Suðurgötu 3 í Reykjavík og flutt starfsemi sína þangað. Jafnframt hefur Svandís Svavarsdóttir verið ráðin framkvæmdastjóri flokksins og tekur hún við af Kristínu Halldórsdóttur 1. ágúst næstkomandi. - jh



**VINSTRI GRÆNIR Í SUÐURGÖTU 3 Í REYKJAVÍK** Svandís Svavarsdóttir, til vinstri, er nýr framkvæmdastjóri Vinstri grænna. Með henni á myndinni eru Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Halldórsdóttir.





# Lyfjadreifing heitir nú Parlogis

**Nýtt nafn undirstrikar sérstöðuna:** Með því að skipta yfir í nafnið Parlogis undirstrikum við þá þjónustu sem fyrirtækið veitir í vörustjórnun en nafnið á rætur í setningunni „Partner in Logistics“ sem verður erlenda slagorð fyrirtækisins. Íslenska slagorðið „Víðtæk vörustjórnun“ endurspeglar þá þjónustu sem Parlogis veitir viðskiptavinum sínum.

Víðtæk vörustjórnun felur í sér umsjón með; birgðastýringu, innkaupum, innflutningi, birgðahaldi, merkingu, pantanamóttöku, dreifingu, reikningagerð og innheimtu á þeim vörum sem viðskiptavinir okkar markaðssetja á Íslandi.

**Starfsemi Parlogis:** Parlogis hefur það meginhlutverk að þjónusta heilbrigðis- og rannsóknargeirann og tengda starfsemi á sviði vörustjórnunar. Parlogis annast í dag víðtæka vörustjórnun fyrir um 25 framleiðendur, umboðsmenn og markaðsfyrirtæki til um 2000 kaupenda og tekur þjónustuver fyrirtækisins á móti um 400 pöntunum daglega.

parlogis

Parlogis hf. | Krókháls 14 | 110 Reykjavík | Sími: 5900 200 | Fax: 5900 201 | parlogis.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 02.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,74 | 65,04 |
| Sterlingspund | GBP | 117,56 | 118,14 |
| Evra | EUR | 79,43 | 79,87 |
| Dönsk króna | DKK | 10,67 | 10,74 |
| Norsk króna | NOK | 10,03 | 10,09 |
| Sænsk króna | SEK | 8,68 | 8,73 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 95,27 | 95,83 |

*Gengisvísitala krónunnar*

111,40 +0,60%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti bæjarstjórnar Kópavogs vísar gagnrýni leikskólastjóra á bug:

# Ekki notaðir til uppfyllingar

**FÉLAGSMÁL** „Ég get fullyrt að leikskólastjórar njóta virðingar hér í bæjarfélaginu og þeir eru ekki notaðir til uppfyllingar frekar en aðrir,“ segir Gunnsteinn Sigurðsson forseti bæjarstjórnar Kópavogs vegna óánægjubréfs sem fjórtán leikskólastjórar hafa ritað honum.

Í bréfinu segir að leikskólastjórar hafi verið boðnir á afmælishátíð bæjarins 18. maí með dags fyrirvara. Almennt hafi boð til annarra hins vegar verið send út með góðum fyrirvara.

„Það lítur því út fyrir að leikskólastjórum hafi verið boðið til að fylla út í tóm sæti þegar í ljós kom að aðrir gestir höfðu afþakkað boðið,“ segir í bréfinu. Þá segja leikskólastjórarnir það hafa vakið undrun sína, að þeim hafi ekki verið boðið til hátíðarkvöldverðar eins og öðrum stjórnendum bæjarins, svo sem stjórnendum grunnskóla og tónlistarskóla.

Gunnsteinn sagði, að hátíðarhöldunum hefði verið skipt í þrennt. Menn hefðu viljað koma miklu fleirum að, en til stæði að gera eitthvað meira fyrir starfsfólk bæjarins þegar liði á árið. Bæjarráð myndi ræða bréf leikskólastjóranna og svara því. -jss



**GUNNSTEINN SIGURÐSSON** Segir leikskólastjóra í Kópavogi njóta virðingar

Breyttar vefslóðir:

# Klámsíður fái .xxx endingu

**NETIÐ** Nú hillir undir að þeir sem halda úti erótískum síðum eða klámsíðum á netinu fái kost á því að fá heimasvæði með endingunni .xxx. ICANN (Internet Corporation for Assigned Names and Numbers) hefur samþykkt að boðið verði upp á .xxx endingu og verða hlutaðeigandi hvattir til að nýta sér það. ICANN hefur áður hafnað hugmyndum sem þessum vegna ónógrar eftirspurnar.

Vonir standa til þess að allt klám á netinu muni með tímanum fara á þessi svæði, en óvíst er hvernig þeir sem standa í þessu taka breytingunni. ■



**JÓHANNES M. GUNNARSSON** Styrkja þarf netkerfi Landspítalans og leggja í það heilmikið fé.

Tölvunet Landspítalans:

# Þolir ekki aukið álag

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórnendur Landspítala-háskólasjúkrahúss bíða nú eftir greinargerð frá tæknideild spítalans vegna bilunarinnar sem varð í netkerfi hans í vikunni, að sögn Jóhannesar M. Gunnarssonar lækningaforstjóra.

„Við vissum það fyrir að það þarf að styrkja netið betur og leggja í það heilmikið fé,“ sagði hann, en kvaðst ekki geta nefnt upphæðir í því sambandi. „Það er hægt að gera það í áföngum og hefur verið gert þannig,“ sagði hann enn fremur. „Þörfin fyrir það að setja upp og tengja tæki sem þjóna þessari flutningsleið er svo mikil og vaxandi að við höfum hreinlega ekki við.“ -jss

## LÖGREGLUFRÉTT

**BÍLVELTA Í FAGRADAL** Umferðarslys varð á þjóðveginum í Fagradal, milli Reyðarfjarðar og Egilsstaða, þegar bíll fór út af og valt. Tvennt var í bílnum og voru þau flutt á sjúkrahús, töluvert slösuð. Bíllinn er ónýtur eftir veltuna.

**BÍLVELTA Á EYRARBAKKAVEGI** Bíll valt á Eyrarbakkavegi, á móts við bæinn Stekka, þegar ökumaður bílsins missti stjórn á honum. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, meiddist lítið. Bíllinn er ónýtur og þykir mildi að ekki fór verr.



**VÍTAHRINGUR** Karl G. Kristinsson yfirlæknir segir að MÓSA-bakteríur hafi orðið landlægar á öldrunarstofnunum erlendis, þar sem aðstæður til varnar séu erfiðar. Veikt fólk komi inn á spítala með bakteríuna, sem ekki takist að uppræta í öllum tilvikum, fari síðan aftur til síns heima og þannig geti skapast vítahringur, sem koma þurfi í veg fyrir.

# Læknar orðnir uggandi

**Sýkingum af völdum fjölónæmrar bakteríu, MÓSA, hefur farið hratt fjölgandi á Norðurlöndunum á síðari árum. Í öðrum Evrópulöndum er þessi veira orðin landlæg. Sérfræðingar á Norðurlöndum vilja skera upp herör gegn henni, ella sé vá fyrir dyrum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Vá er fyrir dyrum á Norðurlöndum vegna mikillar aukningar á fjölónæmum bakteríum, ef ekki verður að gert. Þetta er niðurstaða vinnuhóps norrænna sýklafræðinga og smitsjúkdómalækna. Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítala-háskólasjúkrahúss, segir þetta ekki koma á óvart því menn hefðu vitað hvert stefndi.

Í skýrslu vinnuhópsins kemur fram að staðan er langverst í Finnlandi. Hér á landi var ástandið nokkuð stöðugt á árunum 1986-1999 með 0-5 ný tilvik á ári. Aukningar á þessum fjölónæmu bakteríum varð vart hér á árunum 2000-2002, en á næstu tveimur árum fækkaði sýkingum aftur. Á þessu ári hefur MÓSA-sýkingum fjölgað hér á nýjan leik og á fyrstu þremur mánuðum þessa árs voru þær orðnar 16 á móti 8 í fyrra.

„Ef ekkert yrði að gert frekar en við gerum í dag myndum við enda líkt og hinar Evrópuþjóðirnar sem eru í verulegum vandræðum með þessa bakteríu,“ sagði Karl. „Við viljum ekki fara í það far því þegar þessar bakteríur eru einu sinni orðnar landlægar á spítölum er mjög erfitt að uppræta þær.“

Karl sagði að vinnuhópurinn hefði sent niðurstöður sína til heilbrigðisyfirvalda allra Norðurlandanna.

„Tilgangurinn er að fá stjórnmálamenn og almenning í lið með okkur,“ sagði hann enn fremur. „Það mun kosta meiri pening að halda í horfinu en við erum að eyða í varnir í dag. Það þarf að samhæfa reglurnar milli Norðurlandanna. Það þurfa að vera skýrar reglur um leit og einangrun á MÓSA-tilfellum. Aðstæður eru víða slæmar. Það skortir einangrunarherbergi á sjúkrahúsum og samræmda eftirfylgni með reglunum.“

Karl kvaðst ekki geta sagt til um hver kostnaðurinn gæti orðið við nauðsynlegar aðgerðir hér á landi. Í hugmyndum um nýtt sjúkrahús LSH væri gert ráð fyrir einmenningsherbergjum að stærstum hluta, sem væri mjög þýðingarmikið. Fram að því þyrfti að gera ráð fyrir kostnaðarsömum aðgerðum til að mynda með leit að MÓSA-bakteríunni, einangrunarvist fyrir þá sem væru með hana og jafnvel að loka deildum.

jss@frettabladid.is

**Hvað er MÓSA?**

Klasakokkar eru algengar spítalabakteríur, sem geta valdið alvarlegum sýkingum til dæmis blóðsýkingum. Hluti af þessum bakteríum er ónæmur fyrir mörgum sýklalyfjum og því eru bakteríurnar nefndar fjölónæmar eða MÓSA. Meira en 30 prósent af þeim blóðsýkingarbakteríum sem fundust í tíu Evrópulöndum reyndust vera fjölónæmar og allt upp í 90 prósent á einstökum sjúkrahúsum, að því er fram kemur í skýrslu norræna vinnuhópsins.

**FJÖLDI NÝRRA MÓSA-TILFELLA Á ÍSLANDI**

| | |
|---|---|
| 2001 | 10 |
| 2002 | 46 |
| 2003 | 18 |
| 2004 | 8 |
| 2005 | 16 |

**FJÖLDI NÝRRA MÓSA-TILFELLA Á NORÐURLÖNDUM 2004**

| | |
|---|---|
| Finnland | 1468 |
| Svíþjóð | 712 |
| Danmörk | 577 |
| Noregur | 221 |
| Ísland | 8 |


SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



ÍSLANDSVINUR

50.000 króna gjafabréf

Öllum nýjum Subaru Legacy bílum fylgir nú **50.000 króna úttekt** í Intersport eða Nevada Bob. Bættu við tjaldi, grilli, golfsetti eða flugustöng og borgaðu ekki krónu!

Verð frá:
Sedan: 2.220.000 kr.
Wagon: 2.320.000 kr.
Ferðagasgrill fylgir öllum nýjum Subaru Legacy.

INTERSPORT

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Fiton/SÍA


## VEÐRIÐ Í DAG

**HVAÐAN VARSTU AÐ KOMA?** Sólin síðustu daga hefur gert suma kaffibrúna. Gaman að geta sagt þegar fólk spyr: Þú er svo brún(n), hvaðan varstu að koma? Bara úr garðinum heima!!! **ÚTLIT FYRIR MINNI SÓL Í DAG** Við megum þó ekki gleyma að þó víða skíni sól hefur hún verið mismikil á landinu. En þar sem hún hefur verið eru horfur á eitthvað minni sól í dag. En á morgun rofar til á ný um sunnan- og vestanvert landið. Ekki ónýtt það!!!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Hæg breytileg átt.

### Sunnudagur




Hæg norðlæg eða breytileg átt.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C | hálfskýjað | París | 25°C | þrumur | Alicante | 27°C | hálfskýjað |
| Osló | 11°C | alskýjað | Berlín | 22°C | skýjað | Milano | 24°C | hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C | alskýjað | Frankfurt | 26°C | heiðskírt | New York | 21°C | skúrir |
| Helsinki | 15°C | heiðskírt | Madrid | 29°C | hálfskýjað | San Francisco | 20°C | heiðskírt |
| London | 19°C | skúrir | Barcelona | 24°C | heiðskírt | Orlando/Florida | 31°C | þrumuveður |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Meira úrval




TILBOÐ
371 kr/kg
Merkt verð 619,-

Heill ferskur **kjúklingur**




**Lamba-hryggur** frosinn í sneiðum

TILBOÐ
989 kr/kg
Verð áður 1.258,-




**Nautasteik**

TILBOÐ
1.585 kr/kg
Merkt verð 2.264,-




**Jamie Oliver** mælir með kaldpressaðri Avocado olíunni

**Olivado Extra Virgin Avacado Olían** er einstaklega góð sem salatsósa, sem dýfa fyrir brauð og matreiðsluolía.

Jói FEL

**Hafrakökur**






**Kettle chips** kartöfluflögur
- komnar aftur




TILBOÐ
399 kr/stk
Verð áður 539,-

**Fyrirtakspizzur** 3 tegundir

Nýtt í Hagkaupum




Gott verð
499 kr/pk

**Nestle Vivana** ís
- ísinn sem sló í gegn í Danmörku

Gildir til 5. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Reyndi að smygla fólki til Bandaríkjanna um Ísland:

# Dæmdur í hálfs árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Kínverskur karlmaður var í gær dæmdur í hálfs árs fangelsi fyrir að reyna að smygla ungum Kínverjum um Ísland til Bandaríkjanna.

Kínverjinn var sakfelldur var fyrir að aðstoða tvo einstaklinga við að komst til Íslands eða annars ríkis með ólöglegum hætti, en refsiramminn fyrir brot af þessu tagi er að hámarki tveggja ára fangelsi.

Eyjólfur Kristjánsson flutti málið fyrir hönd ákæruvaldsins. Hann telur þetta mál tengjast gífurlega umsvifamikilli glæpastarfsemi. „Þessi mál eru sennilega hluti af vel skipulagðri glæpastarfsemi sem mansalið er. Það er þriðja umsvifamesta glæpastarfsemi í heiminum á eftir vopnasölu og fíkniefnaviðskiptum. Það er því ekkert undarlegt að hluti af þessu rati inn á okkar borð. Vonandi verður hægt að senda þau skilaboð til aðilanna sem í þessum geira starfa að leiðin um Ísland sé ófær.“ **- mh**



**KOMIÐ Í HÉRAÐSDÓM** Maðurinn var dæmdur fyrir að aðstoða útlendinga við að ferðast ólöglega til landsins.

Mullah Krekar:

## Talinn ógna Norðmönnum

**NOREGUR, AP** Dómsmál Mullah Krekar gegn norskum stjórnvöldum hófst í dag. Krekar er stofnandi kúrdísku samtakanna Ansar al-Islam sem grunuð eru um hryðjuverk í Írak.

Hann hefur síðan 1991 haft stöðu pólitísks flóttamanns í Noregi en nýverið fyrirskipuðu norsk yfirvöld að vísa bæri honum úr landi þar sem þau telja hann ógnun við þjóðaröryggi.

Krekar hefur nú hafið dómsmál þar sem hann fer fram á afturköllun skipunarinnar. Talið er að málið geti velkst árum saman í dómskerfinu áður en niðurstaða fæst.



## KJÖRKASSINN

*Myndir þú kaupa sumarhús af Orkuveitunni?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 37,6% |
| Nei | 62,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vinna Íslendingar Ungverja í undankeppni heimsmeistaramótsins í fótbolta?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

## BANDARÍKIN

**REKIN FYRIR AÐ TAKA TÖFLUR** Unglingsstúlka hefur verið rekin úr skóla sínum í York-sýslu í Pennsylvaníu eftir að hún sagði kennara sínum að hún hefði tekið væga höfuðverkjatöflu á leið í skólann vegna mígrenis. Skólareglur kveða á um að lyfjataka verði að vera í samráði við yfirkennara. Móðir stúlkunnar er æf út í skólayfirvöld.

**HANDTEKIN FYRIR TÖLVUPÓSTÁREITNI** Debby Wilbanks, frá Seminole í Flórída, hefur verið tekin föst fyrir að áreita spennusagnahöfundinn Randy White með stöðugum tölvupóstsendingum. Að sögn lögreglu sendi hún rithöfundinum mörg hundruð tölvuskeyti þar sem hún játaði honum eldheita ást sína.

# Góð störf tapast vegna sterkrar krónu

**Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir einu leiðina út úr rekstrarkröggum íslenskra fyrirtækja að taka upp evruna sem gjaldmiðil. Formaður Vinstri grænna vill stöðva stóriðjustefnu stjórnvalda.**

**EFNAHAGSMÁL** Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir jafn mikla ástæðu til að hafa áhyggjur af því að íslensk fyrirtæki kjósi nú að stofna til reksturs erlendis og því að fyrirtæki segi upp fólki hérlendis.

Fregnir berast þessa dagana af erfiðleikum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og fyrirtækja í samkeppnisrekstri. Tilkynnt hefur verið um uppsagnir í fiskvinnslu á Bíldudal, Reyðarfirði og Stöðvarfirði jafnframt því sem Skinnaiðnaður á Akureyri áætlar að segja upp 40 manns á næstunni.

„Fækkun starfa í innlendum samkeppnisiðnaði er af sömu rótum runnin og viðleitni fyrirtækja til þess að flytja störf á erlenda grund. Það er hins vegar nefnt útrás,“ segir Sveinn Hannesson. „Það eru mörg önnur störf en í fiskiðnaði sem eru að tapast en gætu verið arðbær. Þetta gerist vegna firnasterkrar krónu. Ég sé eftir arðbærum störfum eins og til dæmis Marel er að skapa í Slóvakíu. Þetta eru hátæknistörf og Marel fjárfestir þar fremur en í Garðabæ,“ segir Sveinn.

Hann segir að íslenska myntin sé vitlaus og til lengri tíma litið sé ekkert annað til ráða en að leggja niður óstöðuga krónuna og taka upp evruna sem gjaldmiðil hér á landi. „Í fjárfestingarfasa rýkur krónan upp og veldur búsifjum og hið sama gerist þegar um hægist, þá með gengisfalli krónunnar. Við eigum að miða okkur við evruna. Það er hið eina skynsamlega. Aðrar þjóðir Evrópu hafa talið nauðsynlegt að draga úr sveiflum með því að taka hana upp sem gjaldmiðil. Ef einhver hefur þörf fyrir slíkt er það við. Ísland er ekki heppilegt myntsvæði í alþjóðaviðskiptum heimi nú um stundir,“ segir Sveinn.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir að stjórnvöld eigi að hætta að vinna gegn viðleitni Seðlabankans til að halda aftur af þenslu og ættu nú að stöðva stóriðjustefnu sína. „Allir eru sammála um að orsakir ástandsins séu þrjár: Í fyrsta lagi stóriðjustefnan, í öðru lagi skattalækkanir stjórnvalda og í þriðja lagi ástandið á fasteignamarkaðinum. Stjórnvöld hafa möguleika á beinum aðgerðum varðandi stóriðjustefnuna. Skynsamlegast væri að lýsa því yfir að nú sé nóg komið í bili og hagkerfinu verði gefið svigrúm til kælingar,“ segir Steingrímur.

**johannh@frettabladid.is**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** „Við höfum ávallt varað við þessu og nú er verið að segja við menn að þetta erfiða ástand haldi áfram með skefjalausri stóriðjustefnu,“ segir Steingrímur.



**SVEINN HANNESSON** „Það er kallað útrás þegar íslensk fyrirtæki treysta sér ekki til að stofna ný störf hér á landi en gera það erlendis þess í stað.“

Arkþing hannar menningarhús á Akureyri:

## Kostar 1.400 milljónir fullbúið

**MENNINGARHÚS** Í gær var undirritaður samningur um hönnun menningarhúss á uppfyllingunni við Torfunef á Akureyri. Gert er ráð fyrir að byggingarframkvæmdin verði boðin út í byrjun næsta árs og stefnt er á að húsið verði tilbúið til notkunar fyrir árslok 2007.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, og Sigurður Hallgrímsson, arkitekt hjá Arkþingi, undirrituðu hönnunarsamninginn á Akureyri en Arkþing varð fyrir valinu að undangenginni hönnunarsamkeppni.

Starfsemi Tónlistarskólans á Akureyri verður í menningarhúsinu en Kristján Þór segir að ekki sé búið að ákveða endanlega hvernig húsið verður nýtt að öðru leyti. „Leikfélag Akureyrar verður ekki með fasta aðstöðu í húsinu en þó er gert ráð fyrir aðstöðu til leiksýninga og tónleikahalds í húsinu. Kostnaður við bygginguna er áætlaður 1.370 milljónir króna en þá verður sá hluti sem hýsir tónlistarskólann aðeins fokheldur. Af því mun ríkið greiða um 700 milljónir króna en Akureyringar verða að bera mismuninn,“ segir Kristján. **- kk**




**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Kristján Þór Júlíusson og Sigurður Hallgrímsson undirrituðu samninginn en Kristján telur að menningarhús á uppfyllingu við Torfunef falli vel að verðlaunahugmyndinni í samkeppni um nýjan miðbæ á Akureyri.

NÁM Í HÓLASKÓLA
VAXANDI ATVINNUGREINAR
ferðamál
fiskeldi
fiskalíffræði
hrossarækt
reiðmennska
Hagnýtt og vandað starfsnám á háskólastigi þar sem fræði og framkvæmd eru vel samþætt.
UMSÓKNARFRESTUR: 10. JÚNÍ
Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur
s: 455-6300, www.holar.is

Sumartilboð 9. og 16. júní




Glæsilegir gististaðir í boði
- Sunset Beach Club Mjög gott íbúðahótel við ströndina í Benalmadena Costa.
- Amaragua Eitt vinsælasta íbúðahótelið á staðnum.
- Flatotel Glæsilegur gististaður í Benalmadena.




Verðdæmi á Flatotel:
44.900* kr.
á mann í íbúð m/1 svefnh. m.v. að 3 ferðist saman. Enginn barnaafsláttur. Verð á aukaviku skv. verðlista.
Innif.: Flug, gisting í 7 nætur, akstur til og frá flugvelli erlendis, íslensk fararstjórn og föst aukagjöld. Ef bókað er símleiðis eða á skrifstofu greiðist bókunar- og þjónustugjald sem er 2.000 kr. á mann.
Fleiri eða færri?
Finndu verð á þinni ferð á www.urvalutsyn.is
VISA
Færð þú MasterCard ferðaávísun?
Tryggðu þér bestu kjörin og bókaðu strax.
www.urvalutsyn.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 28597 06/2005

# ÆVINTÝRAEYJAN
# ÍSLAND

**Frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna**




**Komdu við á næstu Olís-stöð, fáðu stimpil í Ævintýrakortið og ævintýraglaðning!**

**Við drögum síðan úr ævintýrapottinum vikulega og um stórglæsilega vinninga í lok sumars.**

**Kynntu þér málið á næstu Olís-stöð eða á www.olis.is**

**Ævintýrakortið**
með útskýringum á leiknum ætti að hafa borist þér í pósti en þú getur einnig nálgast það á næstu Olís-stöð – eins mörg og fjölskyldan þarf.

Þú getur einnig framvísað Ævintýrakortinu á Upplýsingamiðstöðvum ferðamála um allt land og fengið þar afsláttarmiða á margvíslega ferðatengda vöru eða þjónustu.

**Yfir 1000 glæsilegir vinningar!**

olís
www.olis.is

Ferðamálaráð Íslands
www.ferdalag.is

Himinn og haf / SÍA – 9050264



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir nýi bæjarstjórinn í Kópavogi?*

2 *Hvar verður Landbúnaðarstofnun staðsett?*

3 *Við hverja leika Íslendingar landsleik í knattspyrnu á morgun?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Lögreglan svarar gagnrýni í Dettifossmálinu:

# Gættum rannsóknarhagsmuna

**FÍKNIEFNAMÁL** Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, segir vinnubrögð lögreglunnar í Dettifossmálinu hafa verið eðlileg og gefur lítið fyrir gagnrýni sem kom fram hjá Jóni Magnússyni og Brynjari Níelssyni, hæstaréttarlögmönnum og verjendum tveggja sakborninga í málinu.

„Vinnubrögð lögreglunnar í þessu tiltekna máli finnst mér vera eðlileg og í samræmi við aðferðir sem notaðar eru í svona stórum málum“.

Ásgeir varði sérstaklega þá aðferð lögreglunnar að grípa ekki til aðgerða fyrr en heildarmynd væri komin á málið. „Það að bíða með inngrip í mál, þangað til allir aðilar sem að glæpnum koma eru orðnir viðriðnir málið, er sú aðferð sem virkar best í svona málum, og er í raun eina aðferðin sem getur fært lögreglunni nógu góðar upplýsingar til þess að komast til botns í málinu“. -mh



**ÁSGEIR KARLSSON** Telur vinnubrögð lögreglunnar í Dettifossmálinu eðlileg og ver sérstaklega seint inngrip lögreglunnar í málið.

Skoðanakönnun:

# Vilja halda í flugvöllinn

**KÖNNUN** Meirihluti landsmanna, eða 55 prósent, vill hafa Reykjavíkurflugvöll þar sem hann er, samkvæmt könnun IMG Gallup.

Mikill munur er þó á viðhorfi eftir búsetu og fylgi við stjórnmálaflokka. Rúmur helmingur íbúa á höfuðborgarsvæðinu vill færa flugvöllinn en rúm 68 prósent íbúa á landsbyggðinni vilja flugvöllinn áfram þar sem hann er.

Meirihluti Vinstri grænna og Samfylkingarfólks vill flugvöllinn burt en fylgismenn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks eru á móti því að færa flugvöllinn. -ghs

## LÖGREGLUFRÉTT

**BÍLVELTA UPPI UNDIR BÚRFELLI** Bíll valt á Landvegi til móts við Rjúpnavelli, um níu kílómetra frá Galtalæk. Bílinn, sem var pallbíll með hýsi á pallinum, eyðilagðist í veltunni. Þýskt par, sem var í bílnum, slapp við meiðsli. Mildi þykir að ekki fór verr.

## JAPAN

**TÝNDRA HERMANNA LEITAÐ** Japanar hafa kallað erindreka sína heim frá Filippseyjum en þeir voru sendir þangað til að leita tveggja japanskra hermanna sem sögur segja að hafi lifað í frumskógum eyjanna allt frá seinni heimsstyrjöldinni. Erindrekarnir hafa reynt að hafa uppi á mönnunum síðan fyrir helgi en ekki tekist það.

Oddviti sjálfstæðismanna:

# Ósáttur við Orkuveitu

**FRÍSTUNDABYGGÐ** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur, segist ósáttur við að Orkuveita Reykjavíkur komi til með að taka þátt í uppbyggingu á frístundabyggð við Úlfljótsvatn.

„Ég tel það ekki hlutverk Orkuveitunnar að standa í starfsemi af þessu tagi. Eðlilegt er að bjóða öðrum að taka þátt í máli af þessum toga en ég er ekki sammála þessari aðferð. Þetta mál þarf að ræða í borgarstjórn,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. ■



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** „Þetta mál þarf að ræða í borgarstjórn.“



**VESTMANNAEYJAR** Sindri Viðarsson, útskriftarnemi í sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum á Akureyri, heldur því fram í lokaritgerð sinni að línuívilnun og krókaaflamark hafi kostað Vestmannaeyjar einn milljarð króna.

# Hafa tapað milljarði

**Línuívilnun og krókaaflamark hafa kostað Vestmannaeyinga einn milljarð króna síðan kerfið var tekið upp, samkvæmt nýrri úttekt.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Þegar dagbátar voru settir undir krókaaflamark og Alþingi samþykkti línuívilnun voru aflaheimildir að andvirði um eins milljarðs króna færðar með handafli frá Vestmannaeyjum. Sindri Viðarsson útskriftarnemi bendir á þetta í lokaritgerð sinni frá sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri. Hann staðhæfir einnig að veiðigjaldið hafi kostað sjávarútveginn umtalsverðar upphæðir.

Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í fyrirtækinu Bergur-Huginn ehf. í Vestmannaeyjum, segist sjálfur hafa glatað rúmlega 100 þorskígildistonnum vegna þessara tilfærslna ríkisstjórnarinnar. „Það er endalaust verið að færa frá einum til annars og ég get ekkert borið hönd fyrir höfuð mér í þessu máli. Þetta er einhver pólitískur skollaleikur um línuívilnun og að krókaaflamarksbátar fái þetta og hitt og við alltaf látnir blæða þó maður sé búinn að fjárfesta í kvóta fyrir nokkra milljarða“, segir Magnús. Magnús segir sína útgerð tapa tugum milljóna ár hvert vegna aðgerðanna.



**ÁRNI MATHIESEN**

Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra segir veiðigjaldið auðvitað koma til með að kosta útgerðarmenn meira þegar það verði að fullu komið í framkvæmd en verða þó afkomutengt fyrir útgerðina. Árni vill ekki meina að Vestmannaeyingar hafi tapað á krókaaflamarki vegna þess að fiskaflahámarksbátar hafi nú frjálsa sókn í svokallaðar aukategundir. Hann bendir einnig á að þegar breytingin var gerð hafi kvótinn verið aukinn, „þó Vestmannaeyingar hafi fengið lægri prósentu fengu þeir samt enn sama magnið,“ segir Árni. „Þegar til lengri tíma er litið og framtíðarviðgangs fiskistofnsins skiptir engu máli hvort fiskurinn er veiddur innan aflamarks eða frjálsri veiði, hann er jafn dauður fyrir það. Það var einungis verið að færa þennan hóp inn í aflamarkið til að ná betri stjórn á veiðunum og það tókst svo vel að nú er staðan sú að aflamark í ýsu hefur aldrei verið meira og það er Vestmannaeyingum til góðs,“ segir Árni.

Árni viðurkennir að vegna eðlis útgerðar í Vestmannaeyjum hafi línuívilnunin valdið því að þar sé minna veitt. oddur@frettabladid.is







Dæmdur fyrir bankarán í Vesturgötu:

# Fékk dóminn mildaðan

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur mildaði í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Jóni Þorra Jónssyni, sem dæmdur var fyrir að ræna útibú Búnaðarbankans við Vesturgötu.

Hæstiréttur dæmdi Jón Þorra í fimmtán mánaða fangelsi en Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt hann í tveggja ára fangelsi.

Jón Þorri játaði sök og viðurkenndi bótaskyldu sína vegna brotanna.

Grunur lögreglu beindist fljótt að Jóni Þorra þar sem hún taldi sig þekkja hann á myndum öryggismyndavéla á svæðinu, þar sem hann kom inn með lambhúshettu á höfði og með hníf í hendi. - mh



**FRÁ VETTVANGI** Ránið í Búnaðarbankaútibúinu við Vesturgötu var eitt nokkurra bankarána sem framin voru með stuttu millibili á höfuðborgarsvæðinu.


NÝJUNG FYRIR HANDHAFA VILDARKORTS VISA OG ICELANDAIR
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 28387 05/2005
HVAÐ ÁTT ÞÚ MARGA VILDAR-PUNKTA?
PUNKTAÐU NIÐUR FERÐALAGIÐ
Nú bjóðast fleiri tækifæri fyrir handhafa Vildarkorts VISA og Icelandair til þess að nota Vildarpunktana sína þegar ferðast er til útlanda.
Nú getur þú notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.400 kr.** greiðslu upp í hvaða fargjald sem er, fyrir hvern sem er og hvenær sem er. Fáðu frekari upplýsingar eða bókaðu næstu ferð á www.vildarklubbur.is og punktaðu ferðina niður um 5.400 kr.
ERT ÞÚ AÐ SAFNA RÉTTUM PUNKTUM?
Gildir til 15. júlí 2005.
VISA
ICELANDAIR
Vildarklúbbur




**STROKUBRÚÐUR FÆR DÓM** Jennifer Wilbanks (t.h.), bandaríska konan sem komst í heimsfréttirnar á dögunum fyrir að setja á svið eigið mannrán, var í gær dæmd fyrir tiltækið. Hún fékk skilorðsbundna refsingu en þarf auk þess að inna af hendi samfélagsþjónustu og greiða sekt.

Íraskir uppreisnarmenn voru enn við sama heygarðshornið í gær:

# Hátt í fjörtíu manns liggja í valnum

**BAGDAD, AP** Að minnsta kosti 38 manns létust og fjölmargir særðust í árásum uppreisnarmanna í Írak í gær.

Mannskæðasta sprengingin var í bænum Tuz Khormato, skammt suður af Kirkuk, þar sem 12 manns létust og 40 særðust. Bílsprengja sprakk fyrir utan við veitingahús þar sem lífverðir aðstoðarforsætisráðherra Íraks sátu að snæðingi, en ráðherrann var ekki sjálfur á staðnum.

Í bænum Baqouba var Hussein al-Tamimi, aðstoðarhéraðsstjóra í Diyala-héraði, banað ásamt þremur lífvörðum sínum og um svipað leyti féllu fjórir vegfarendur í sjálfsmorðsárás í Kirkuk. Því tilræði var beint gegn bílalest erlendra verktaka en þá sakaði ekki í árásinni.

Í Mosul sprungu tvö bifhjól sem hlaðin höfðu verið sprengiefnum og létust þrettán óbreyttir borgarar í því ódæði.

Uppreisnarmenn í Bagdad hófu skothríð úr bílum sínum á saklausa vegfarendur og dóu níu manns af skotsárum sínum.

Nú hafa um 800 fallið fyrir uppreisnarmönnum í Írak síðan ríkisstjórn var formlega mynduð 28. apríl síðastliðinn. Ekkert lát virðist vera á uppreisninni í landinu. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BÍLSPRENGJA HJÁ VEITINGAHÚSI** Að minnsta kosti 12 létu lífið og 40 særðust í Tuz Khormato þegar bílsprengja sprakk utan við veitingahús þar sem lífverðir eins af aðstoðarforsætisráðherrum landsins sátu að snæðingi. Ráðherrann var hins vegar víðs fjarri.




# Evrópusamruninn er í algeru uppnámi

**Leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins reyna nú að koma sér úr þeirri úlfakreppu sem þjóðaratkvæðagreiðslurnar í Frakklandi og Hollandi leiddu þá í. Vera má að breytingar verði gerðar á stjórnarskrársáttmálanum.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Pólitískt uppnám ríkir nú innan Evrópusambandsins eftir að Hollendingar kolfelldu stjórnarskrársáttmála sambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu í fyrradag. Leiðtogar aðildarríkjanna munu á næstu vikum leita leiða til að bjarga því sem bjargað verður af sáttmálanum.

Atkvæðagreiðslan í Hollandi var aðeins ráðgefandi en engu að síður brást Jan Peter Balkenende, forsætisráðherra Hollands, skjótt við í gær og dró til baka frumvarp um fullgildingu sáttmálans sem lá fyrir hollenska þinginu. Í ræðu sinni við þetta tækifæri sagði Balkenende að ráðamenn aðildarríkjanna hefðu þjösnað Evrópusamrunanum áfram án þess að spyrja þjóðir sínar um áhuga þeirra á því. „Núna verður Brussel að koma sér í samband við fólkið á ný. Við verðum að hlusta betur á borgarana og láta af öllum hástemmdum áformum nema fyrir þeim liggi skýr vilji hjá umbjóðendum okkar.“



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BROSANDI ÞRÁTT FYRIR ALLT** Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, og Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, settust á rökstóla í gær og ræddu framtíð Evrópusambandsins.

Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, hraðaði sér til Lúxemborgar í gær til skrafs og ráðagerða við Jean-Claude Juncker forsætisráðherra, en Lúxemborg er í forsæti ESB út þennan mánuð. Á laugardaginn mun svo Jacques Chirac Frakklandsforseti halda til Berlínar, þar sem þeir Schröder munu vafalítið leggja á ráðin um hvernig koma megi sambandinu úr þeirri klemmu sem það er í þessa dagana.

Leiðtogar flestra aðildarríkjanna lýstu yfir vonbrigðum með úrslitin í gær, nema þá helst Vaclav Klaus, forseti Tékklands. Hann sagði úrslitin í Hollandi sigur frelsis og lýðræðis í álfunni og lét auk þess þá skoðun í ljós að ólýðræðislegt væri að láta þjóðþing staðfesta sáttmálann án þjóðaratkvæðagreiðslu, eins og mörg aðildarríkjanna gera.

Fyrir síðustu helgi aftóku forsvarsmenn ESB með öllu að breytingar yrðu gerðar á stjórnarskrársáttmálanum. Í gær sagði talsmaður framkvæmdastjórnarinnar hins vegar að til greina kæmi að sáttmálinn yrði tekinn til gagngerrar endurskoðunar á leiðtogafundi sambandsins sem haldinn verður í Brussel 16.-17. júní.

Sjá síðu 20

sveinng@frettabladid.is




Hálendisvegirnir opnast einn af öðrum:

# Betri færð á hálendinu

**SAMGÖNGUR** Vegurinn inn í Flateyjardal á Norðurlandi, vegurinn inn í Lakagíga og Kaldidalur voru allir opnaðir í gær.

Vegurinn yfir Kjöl er ennþá aðeins fær að hluta. Að norðan er hægt að komast til Hveravalla og sunnanmegin er hægt að komast upp á Bláfellsháls.

Arnarvatnsheiði er opin upp að Surtshelli að sunnan og að Arnarvatni hinu stóra að norðanverðu.



**VEGAKORT** Kortið má finna á vefsíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, og er það uppfært vikulega með nýjustu upplýsingum um færð á fjallvegum og fjallabaksleiðum.

Á Austfjörðum er ekki búið að opna neinar hálendisleiðir en leyfilegt er að fara suður í Snæfell frá Kárahnjúkaveginum.

Flestar fjallabaksleiðir eru ennþá lokaðar. Þó er vegurinn frá Sigöldu inn í Landmannalaugar opinn en Dómadalsleiðin er lokuð.

Allur akstur er bannaður á milli Landmannalauga og Eldgjár og sömu sögu er að segja um Emstruleið og Fjallabak syðra.

- if



# hröð sending

Fólk á ekki að þurfa að bíða lengi eftir því
að fá sendinguna sína, hvar sem það býr!
Þess vegna sendast Landflutningar-Samskip út um
allt með alls konar vörur allan liðlangan daginn.
Daglega eru 40 brottfarir frá Reykjavík til áfangastaða
víðs vegar um landið. Í flestum tilfellum er sendingin
afgreidd til viðskiptavinarins innan sólarhrings.



Upplýsingar í síma
**458 8000**
og á landflutningar.is

Landflutningar SAMSKIP

Hraðar og öruggar sendingar í þéttbýli sem dreifbýli

MYND/AP



**ÞJÓÐHÁTÍÐ Á ÍTALÍU** Hermenn þjóta framhjá ítölskum ráðamönnum á hersýningu sem var haldin í Róm í tilefni þjóðhátíðardags Ítalíu. 59 ár voru liðin í gær síðan ítalska lýðveldið var sett á fót.

Fulltrúar ríkis og borgar undirrita samning:

# Heilsuverndarstöðin verður seld

**SÉRSKÓLAR** Reykjavíkurborg mun yfirtaka eignarhald á Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla, þar sem rekin er þjónusta við fötluð grunnskólabörn. Þá munu ríkið og Reykjavíkurborg selja húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík við Barónsstíg á almennum markaði.

Þetta eru atriði samnings um húsnæðismál sérskóla og Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík sem fulltrúar borgar og ríkis undirrituðu í vikunni. Samkvæmt honum yfirtekur borgin einnig eignarhald á minni húseignum við Vesturhlíðarskóla, þar sem rekin er þjónusta við fötluð grunnskólabörn, svo og Brúarskóla, sem er sérskóli fyrir börn á grunnskólaaldri með félagslegar og geðrænar raskanir. Það húsnæði sérskóla sem ekki er nauðsynlegt að nýta verður selt og andvirðið notað til að kosta uppbyggingu á nýrri sérdeildarálmu fyrir fatlaða við Fjölbrautaskólann í Ármúla. Húsnæðið sem selt verður er aðalbygging fyrrum Heyrnleysingjaskólans en kennsla og þjónusta við heyrnarlaus og heyrnarskert börn á grunnskólaaldri hefur verið sameinuð á einn stað í nýrri viðbyggingu við Hlíðaskóla.

Þá kaupir Reykjavíkurborg eignarhluta ríksins í Vörðuskóla, sem Iðnskólinn í Reykjavík nýtir nú. Verður það húsnæði afhent þegar Iðnskólinn í Reykjavík getur flutt í nýtt húsnæði. **- jss**



**VERÐUR SELD** Húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík verður selt og skipta borgin og ríkið með sér söluandvirðinu í samræmi við eignarhlut.

Höskuldur hættir:

# Mun sakna starfsins

**ÁTVR** Höskuldur Jónsson, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, hefur óskað eftir lausn frá embætti frá og með 1. september næstkomandi og hefur fjármálaráðherra fallist á það.



**HÖSKULDUR JÓNSSON** Höskuldur lætur af störfum í haust eftir tæp 20 ár í forstjórastóli ÁTVR.

Höskuldur hefur verið forstjóri ÁTVR í tæplega 20 ár, frá 1. apríl 1986. Þar áður var hann ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu um ellefu ára skeið. Höskuldur verður 68 ára gamall í haust og lætur því af störfum sökum aldurs.

„Vissulega kem ég til með að sakna starfsins. Ég hef notið þess að vinna með færu starfsfólki og fylgjast með umgjörð fyrirtækisins breytast á þessum tæpu tuttugu árum,“ segir Höskuldur. **- oá**

# Alfreð vill leiða Framsókn

**Útlit er fyrir að framsóknarmenn velji á framboðslista í flokksvali en raddir eru einnig uppi um prófkjör. Ólíklegt að þeir geri tilkall til borgarstjóraefnis R-listans. Viðræðunefnd R-listaflokkanna fundar næst að viku liðinni.**

**REYKJAVÍKURLISTINN** Búist er við því að framsóknarmenn velji fulltrúa sína á R-listann með flokksvali á kjördæmisþingi flokksins eða í prófkjöri, en fleiri munu hallast að fyrrnefnda kostinum. Ekki er annað vitað en að Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi gefi kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir flokkinn en Alfreð Þorsteinsson sagði í samtali við Fréttablaðið að hann gæfi kost á sér til forystu fyrir flokkinn í Reykjavík. Hann sigraði Önnu naumlega í flokksvali fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar og búist er við að þau stefni bæði á efsta sætið aftur.

Ef til flokksvals kemur hefur verið haft á orði að hafa svipaðan hátt á og hafður var þegar Framsóknarflokkurinn valdi fulltrúa sína fyrir síðustu alþingiskosningar í norðvesturkjördæmi. Þar var haldið svokallað tvöfalt kjördæmisþing. Þá eiga hverjir fimm félagar sem skráðir eru í starfandi flokksfélögum í kjördæminu einn fulltrúa á þinginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**VIÐRÆÐUNEFND R-LISTAFLOKKANNA** Frá fundi á þriðjudaginn.

Má segja að um nokkurs konar útfærslu á prófkjöri sé að ræða en markmiðið með þessu er að reyna að koma í veg fyrir að fólki verði smalað í flokkinn og þeir einir kjósi sem stjórnir viðkomandi félaga hafa valið. Fulltrúar framsóknarmanna hafa lagt fram tillögu um að hver hinna þriggja R-listaflokka fái tvo fulltrúa í annað til sjöunda sæti listans en hinir veljist með öðrum hætti. Um slíkt mun vera nokkuð góð sátt innan raða framsóknarmanna og er ekki talið að þeir muni gera tilkall til borgarstjóraefnis listans.

Viðræðunefnd R-listaflokkanna hélt fund í vikunni og var aðallega fjallað um málefnasamning þeirra.

Næsti fundur viðræðunefndarinnar verður haldinn á fimmtudaginn kemur.

hjalmar@frettabladid.is

OKKUR
BLÓÐLANGAR
Í JAFNRÉTTI

AÐEINS FJÓRÐI HVER BLÓÐGJAFI ER KONA. HÉR ER EKKI VANÞÖRF Á AÐ HEFJA BLÓÐI DRIFNA JAFNRÉTTISBARÁTTU SEM ÞÓ BJARGAR MANNSLÍFUM. ERTU MEÐ ÞETTA Í BLÓÐINU?

og vodafone
Heyrumst!

BLÓÐBANKINN

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - OGV 28426 06/2005

Samkeppnisstofnun:

# Hafnar kröfu Landssímans

**SAMKEPPNI** Samkeppnisstofnun telur ekki þörf á að rannsaka kvartanir Landssíma Íslands á hendur 365 – ljósvakamiðlum þar sem ákvörðunin sem kvörtunin nær til hefur ekki tekið gildi.

Síminn krafðist íhlutunar stofnunarinnar til að fá afhent sjónvarps- og útvarpsmerki 365 – ljósvakamiðla eins og stofnunin ákvað 23. mars síðastliðinn vegna samruna Og Vodafone og 365 ljósvaka- og prentmiðla. Þar sem ákvörðunin tekur ekki gildi fyrr en 23. júní var ekki talin ástæða til að aðhafast frekar.

-shg

Heilsuverndarstöð Reykjavíkur:

# F-listinn andvígur sölunni

**BORGARMÁL** Ólafur F. Magnússon, fulltrúi Frjálslynda flokksins í borgarstjórn, lýsir sig andvígan því að Reykjavíkurborg selji Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg. Heilsuverndarstöðin hefur þjónað því hlutverki sem nafnið gefur til kynna í rúm 50 ár, allt frá árinu 1954.

Ólafur átti sæti í stjórn heilsugæslunnar í tólf ár og kveðst hafa látið sig hlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar mjög varða. „Ég hef flutt margar tillögur um málefni hennar í borgarstjórn. Mér finnst það mjög hart að frétta af sölu Heilsuverndarstöðvarinnar fyrst í fjölmiðlum án þess að hafa orðið var við nokkra umræðu um málið innan borgarkerfisins. Þó að heilbrigðismál séu á hendi ríkisvaldsins áttu fulltrúar borgarstjórnar lengi sæti í stjórn heilsugæslunnar og þeim kemur að sjálfsögðu mikið við hvernig staðið er að heilsugæslu í borginni. Það liggur fyrir að mjög mikilvægum þætti heilsuverndarstarfs í borginni er sinnt á Heilsuverndarstöðinni,“ segir Ólafur.

- oá



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**ÓLAFUR F MAGNÚSSON** Fulltrúi Frjálslyndra í borgarstjórn vill ekki að Heilsuverndarstöðin verði seld.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MINNINGIN LIFIR** Á morgun eru sextán ár liðin síðan Khomeini erkiklerkur í Íran gaf upp öndina og af því tilefni verða haldnar minningarathafnir um allt land.

Noregur og ESB:

# Meirihluti andvígur

**NOREGUR** Stuðningsmönnum Evrópusambandsaðildar í Noregi hefur fækkað mjög samkvæmt nýrri könnun. Nú segjast aðeins um 35 af hundraði norskra kjósenda vilja sjá Noreg innan ESB en um 45 prósent leggjast gegn aðild.

Könnunin var gerð eftir að Frakkar felldu stjórnarskrá Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu og ljóst að niðurstaðan hefur haft veruleg áhrif á afstöðu Norðmanna því kannanir síðustu misseri hafa yfirleitt sýnt meirihluta fyrir aðild að ESB. ■

Sendiráð Indónesa:

# Lokað vegna duftsendingar

**CANBERRA, AP** Sendiráði Indónesíu í Canberra, höfuðborg Ástralíu, var lokað og það innsiglað eftir að þangað barst pakki með grunsamlegu hvítu dufti í fyrradag.

Embættismenn telja líklegt að málið tengist sakfellingu ástralskrar konu á indónesísku eynni Balí fyrir fíkniefnamisferli en mikil reiði ríkir í Ástralíu vegna málsins. John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, segir pakkann hafa verið stílaðan á sendiherra Indónesíu, sem þó var ekki í húsinu.

Ef grunur manna verður staðfestur um að duftið innihaldi sýkla af einhverju tagi er það í fyrsta skipti sem slík efni finnast í Ástralíu. ■

Kirgisistan:

# Ráðist inn í Hæstarétt

**KIRGISISTAN, AP** Um tvö hundruð mótmælendur réðust inn í húsakynni Hæstaréttar Kirgisistan á miðvikudag. Innrásina gerði fólkið til að reka út annan hóp mótmælenda sem þar hafði setið í tvo mánuði til stuðnings fimm frambjóðendum sem töpuðu í þingkosningum á dögunum. Þeir höfðu komið í veg fyrir dómhald allan þann tíma.

Lögregla og herlið þustu að húsinu og stíuðu fylkingunum í sundur. Einhverjar róstur voru þó við dómstólinn fram eftir degi.

Þetta eru alvarlegustu átökin í landinu eftir að Askar Akajev, fyrrum forseta þess, var steypt af stóli í mars síðastliðnum. ■

## LÍBÍA

**ÁFRÝJUNARÚRSKURÐI FRESTAÐ**
Hæstiréttur Líbíu hefur frestað ákvörðun um hvort hann muni taka upp mál sex búlgarska hjúkrunarfræðinga sem dæmdir hafa verið í héraðsdómi til dauða fyrir að smita 400 líbísk börn af HIV-veirunni með sýktu blóði. Foreldrar barnanna reyndu að ryðjast inn í dómsalinn í mótmælaskyni en var vísað frá.


FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Gefðu þér tíma í Leifsstöð



MÁTTURINN OG DÝRÐIN

Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30

**Forðist biðraðir á flugvellinum**

Vegna aukinna öryggisráðstafana á flugvöllum og til hægðarauka hvetjum við farþega til að mæta tímanlega í Leifsstöð þegar farið er úr landi. Við mælum með að farþegar mæti í flugstöðina **tveimur klukkustundum fyrir brottför.**

**Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 á morgnana í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.**

Athugið að innritun í Flugstöðinni hefst kl. 5.00.
Tilboðið gildir frá **1. júní - 31. ágúst 2005**

**Finnið rúturnar með okkar merki**

ferð til fjár! Fríverslun Leifsstöð




„Mín fyrsta aðgerð sem læknir verður að fara í viðtalið til að endurfjármagna námsárin.“
Arnþór H. Guðjónsson, nýútskrifaður læknir frá HÍ
Nám er hverrar krónu virði...
en að því loknu er nauðsynlegt að koma fjármálunum í fast form til framtíðar. Margir námsmenn eru með óhagstæð lán og skammtímaskuldir s.s. tölvulán, yfirdrátt og kreditkortaskuldir. Námslokalán Landsbankans er tilvalið til að skipuleggja og endurfjármagna fjármálin, það ber góð kjör og hægt er að fá greiðslufrest í allt að tvö ár.
Eftir fjárhagslegt álag háskólaáranna viljum við bjóða þér í viðtal hjá fjármálaráðgjafa þar sem farið er yfir.
• Námslokalán
• Vörðuna – vildarþjónusta
• Íbúðalán og endurfjármögnun
• Greiðsludreifingu og Greiðsluþjónustu
• Lífeyrismál og sparnað
• Persónutryggingar
Pantaðu viðtal í síma 410 4000. Það kostar ekki krónu.
Nánari upplýsingar í næsta útibúi, þjónustuveri eða á landsbanki.is
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is
GOTT FÓLK McCANN






Bobby Fischer leitar enn að íbúð:

# Sækist eftir kyrrð

**FISCHER** Skáksnillingurinn Bobby Fischer leitar enn að íbúð til kaups í Reykjavík. Upphaflega var ætlun Fischers að festa kaup á íbúð í Kvosinni í hjarta Reykjavíkur. Hann hefur enn ekki fundið draumaíbúðina og hefur þess vegna ákveðið að líta til annarra hverfa í Reykjavík enda sækist hann eftir kyrrð.

Einar S. Einarsson, sem komið hefur að málum Fischers hér á landi, segir Fischer vel geta unað við að búa í öðrum hverfum en miðborg Reykjavíkur. „Hann hefur ferðast með strætisvagni og það er ekkert því til fyrirstöðu að hann búi utan miðborgarinnar. Hann vill helst búa í hljóðlátu hverfi,“ segir Einar.

Fischer leitar nú að íbúð til leigu með húsgögnum enda vill hann vanda valið þegar kemur að kaupum. Einar segir Fischer ætla að fjárfesta til langtíma og því vilji hann vanda valið og bíði eftir réttu eigninni. Að öðru leyti er það að frétta af skákmeistaranum að hann nýtur góða veðursins í Reykjavík og ræðir við fólk um málefni líðandi stundar. **- hb**


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**BOBBY FISCHER** Er til í að leggja á sig ferðir með strætisvagni fyrir réttu íbúðina.

# Of gamall til að fá heyrnartæki

**Reykvískur ellilífeyrisþegi fékk þau svör hjá stéttarfélagi sínu, þegar hann bað um styrk til kaupa á heyrnartæki, að hann væri orðinn of gamall. Hann kveðst hafa greitt í félagið alla tíð og er sár vegna synjunarinnar.**

**FÉLAGSMÁL** „Ég varð fyrst og fremst dálítið sár,“ sagði Kristján Vilmundarson, 74 ára reykvískur ellilífeyrisþegi, sem fékk þau svör hjá stéttarfélagi sínu að hann væri of gamall til að fá styrk frá því til kaupa á heyrnartæki.

Kristján kvaðst hafa heyrt um dæmi þess að fólk hefði fengið aðstoð stéttarfélagsins til að kaupa heyrnartæki. Sjálfur þyrfti hann að nota tvö og kostaði hvort um sig eitt hundrað þúsund krónur. Nú hefði verið komið að því að endurnýja tækin en hann hefði ekki treyst sér í svo mikil útgjöld á einu bretti. Því hefði hann ákveðið að kaupa bara eitt tæki. Í gærmorgun hefði hann svo hringt í stéttarfélagið sitt Eflingu til að athuga með styrkveitingu til kaupanna.

„Jú, stúlkan sem varð fyrir svörum sagði að það gæti gengið og bað um kennitölu,“ sagði hann. „Þegar ég sagði henni kennitöluna sá hún að ég var orðinn 74 ára. Þá sagði hún að ég væri orðinn of gamall til að fá aðstoð frá verkalýðsfélaginu mínu.“

Kristján kvaðst hafa greitt til verkalýðsfélagsins síns alla tíð og fengi vissulega ellilífeyri frá því að upphæð 54 þúsund krónur á mánuði. Aðra styrki hefði hann aldrei fengið frá félaginu. Hann hefði þurft að nota heyrnartæki í 25-30 ár og hann hefði aldrei sótt um aðstoð hjá félaginu fyrr en nú.

„En mér fannst afar leiðinlegt að heyra að ég væri orðinn of gamall til að fá þessa aðstoð hjá þeim,“ sagði hann. „Mér skilst að úr því að ég er hættur að borga í félagið eigi ég ekki rétt á henni. Mér finnst þetta skjóta svolítið skökku við, því það er fyrst þegar maður er hættur að vinna sem maður getur þurft á stuðningi að halda. Eitt tæki kostar mig meira en ég fæ útborgað á mánuði, því það nær ekki hundrað þúsundum.“

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, sagði að samkvæmt reglugerð um sjúkrasjóð væri hann fyrir þá sem væru á vinnumarkaði. **jss@frettabladid.is**



**HEYRNARTÆKI** Heyrnartækin eru dýr. Hvert stykki kostar um 100 þúsund krónur. Sjúkrasjóðir stéttarfélaganna hafa stundum hlaupið undir bagga með félagsmönnum um kaup á slíkum hjálpartækjum.

Nýstofnað menntasvið Reykvíkurborgar:

# Eykur samstarf milli leikskóla og grunnskóla

**MENNTAMÁL** Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, telur að með nýstofnuðu menntasviði borgarinnar geti samstarf leikskóla og grunnskóla eflst til muna.

Menntasviðið tekur við starfsemi Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. „Við teljum okkur geta með þessu eflt bæði faglegt og þjónustulegt samstarf leikskóla og grunnskóla. Við erum að horfa til þess að geta minnkað skilin milli leikskóla og grunnskóla, svo þekkingin geti með auðveldari hætti farið á milli þessari tveggja stiga í skólakerfinu,“ segir Stefán.

Að auki telur Stefán að hagræðing í rekstri geti náðst, þótt starfsfólki verði ekkert fækkað. „Starfsfólkið ætti að geta nýst betur með þessum hætti. Höfuðmarkmiðið með þessum breytingum er ekki endilega að hagræða heldur frekar að fagleg forysta á þessum tveimur stigum sem sameinast, nái saman um nýsköpun og þróun mótunar fyrstu þrepa skólastigsins“.

Fyrrverandi fræðslustjóri Reykjavíkur, dr. Gerður G. Óskarsdóttir, verður sviðsstjóri menntasviðsins. Menntaráð Reykjavíkur, sem skipað er sjö kjörnum fulltrúm, annast stefnumörkun og eftirlit með starfsemi sviðsins. **- mh**



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN** Telur sóknarfæri fyrir Reykjavíkurborg skapast með auknu samstarfi á yngstu þrepum skólastigsins.

# Sjómannadagurinn

## spennandi helgartilboð




**899** kr.kg.
Léttreyktur grísahnakki
verð áður 1.502 kr.kg.




**989** kr.kg.
Rauðvínslegnar grísakótilettur
verð áður 1.548 kr.kg.




**1.199** kr.kg.
SS rauðvínslegið lambalæri
verð áður 1.668 kr.kg.




**395** kr.kg.
Lambaframpartur grillsagaður
verð áður 599 kr.kg.



**199** kr.kg.
Kjúklingavængir magnbakki
verð áður 299 kr.kg.



**99** kr.kg.
Appelsínur USA




1/2 kg.
**149** kr.pk.
Gulrætur mini



**359** kr.kg.
Kjúklingalæri magnbakki
verð áður 599 kr.kg.

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 3. til 5. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EYÞÓR ARNALDS

# *Ferðast til London í vinnuna*



Eyþór Arnalds hefur síðastliðna mánuði verið eins og jójó milli Lundúna og Íslands. Hann starfar hjá fyrirtækinu Enpocket sem þjónustar farsímafyrirtæki og sameinaðist Landmati á síðasta ári en þar starfaði Eyþór áður. Aðalskrifstofur fyrirtækisins eru í London og því kallar vinnan á mikil ferðalög. Eyþór var á leið heim til Íslands í gær en hann reynir að vera að minnsta kosti tíu daga í hverjum mánuði í Reykjavík. Þá eyðir hann eins miklum tíma með börnum sínum og hann getur.

„Já, það er aðeins lengra í vinnuna,“ segir Eyþór kíminn, þegar hann er spurður hvernig honum líki þessi ferðalög. London sé skemmtileg borg en hins vegar sjái hann ekki fram á að vinna við þetta lengur en út árið. Hvað tekur við er ekki víst. „Það verður eitthvað spennandi,“ segir Eyþór, sem hefur lítið komið nálægt tónlistinni í lengri tíma. Hann segir þó að það sé með tónlistina eins og hjólið. Maður gleymi því ekki svo glatt.

Eyþór ætlar að taka sér eitthvert frí í sumar. Þá ætlar hann að vera hér heima. „Það er best að vera á Íslandi, það er ekki spurning,“ segir hann og er feginn að íslenska sumarið skuli loksins vera komið. Draumastaður Eyþórs er uppi við Álftavatn og ætlar hann að reyna að verja einhverjum tíma þar í sumar ásamt börnum sínum.

## SVONA ERUM VIÐ



**ÁRIÐ 2003 VORU 24 KVIKMYNDAHÚS Á ÍSLANDI SEM ALLS GÁTU TEKIÐ 8821 Í SÆTI.**

Heimild: Hagstofan



**TÍMAMÓTUM FAGNAÐ** Vladimír Pútín, forseti Rússlands, og Nursultan Nazarbajev, forseti Kasakstan, stilltu sér upp fyrir myndatöku á geimflaugaskotpallinum í Baikonur í Kasakstan. Hálf öld er liðin síðan pallurinn var tekinn í notkun.

Blíða á Kárahnjúkum:

# Vaknar klukkan sex



**ODDUR FRIÐRIKSSON** Vaknar við morgunsólina á Kárahnjúkum.

„Það hefur verið blíða á Kárahnjúkum síðustu daga,“ segir Oddur Friðriksson, sem vinnur að virkjunarframkvæmdunum þar efra. Þegar svo háttar til starfa menn í glaða sólskini frá morgni til kvölds. „Gluugginn minn snýr í austur og ég er glaðvaknaður klukkan sex á morgnana.“ Oddur grætur það ekki enda fegurðin talsverð. „Morgnarnir hér eru fallegir og kvöldin líka,“ segir hann.

Fimm stiga hiti var á Kárahnjúkum um miðjan dag í gær.

- bþs



**SÁTTAR** Sonja á Borginni og Ásdís á Thorvaldsen eru ánægðar með sýningahaldið á Austurvelli.

# Átökin um Austurvöll

**Forseta Alþingis er í nöp við árvissa ljósmyndasýningu á Austurvelli. Flestir aðrir nábúar Austurvallar eru ánægðir með sýningarnar.**

Fjörlegar umræður hafa spunnist um ljósmyndasýningarhald á Austurvelli í kjölfar bréfs Halldórs Blöndal, forseta Alþingis, til Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra en í því fer hann fram á að borgin láti af sýningarhaldi á Austurvelli enda finnist honum óviðeigandi að völlurinn sé notaður með þessum hætti.

Margir eru ósammála Halldóri en segja engu að síður að lítil prýði sé af steinstöplunum sem ljósmyndirnar hvíla á.

Skemmst er frá því að segja að borgaryfirvöld hyggjast virða erindi þingforsetans að vettugi og hefst sýning á ljósmyndum Ragnars Axelssonar 24. júní.

Ráðamenn Reykjavíkur eru vitaskuld í fullum rétti þegar þeir ákveða hvernig Austurvöllur skuli notaður en engu að síður er eðlilegt að starfsmenn nærliggjandi húsa hafi ríka skoðun á því sem þar fer fram.

Ásdís Sigurðardóttir vinnur á Thorvaldsen og er hrifin af sýningunum. „Mér finnst þetta æðislegt. Austurvöllur er frábær staður og mér finnst frábært að eitthvað svona sniðugt sé gert hérna því þetta lífgar upp á miðbæinn.“ Hún telur Austurvöll alls ekki vanvirtan með sýningarhaldinu og telur grasið ekki fara illa þótt fólk spígspori um það og skoði myndirnar.

Sonja Magnúsdóttir starfar í móttökunni á Hótel Borg í sumar. „Fyrir ferðamenn er þetta örugglega mjög skemmtilegt,“ segir hún en það eru helst útlendingar sem dvelja á hótelinu. Líklegt verður að telja að flestir þeirra leggi leið sína yfir Pósthússtræti og berji myndirnar augum. „Mér finnst í fínu lagi að á Austurvelli sé annað slagið eitthvað að sjá fyrir landsmenn og erlenda ferðamenn en það má ekki ofgera því,“ segir Sonja, sem þó hefur smá áhyggjur af grasinu.

Séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur er á báðum áttum í málinu en tekur skýrt fram að hann sé feginn því hvað borgin hefur lifnað yfir sumarið. „Ég er mjög glaður yfir þeirri list sem þarna hefur verið sýnd undanfarin ár og vænti einnig góðs af listinni nú í sumar. En ég neita því ekki að mér finnst steinsteypan dálítið mikil og velti fyrir mér hvort ekki sé skynsamlegra, að minnsta kosti stundum, að fara með allt þetta grjót á Ingólfstorg, þar er grjót hvort eð er.“

bjorn@frettabladid.is

**Ólafur Stefánsson garðyrkjubóndi að Syðri Reykjum í Biskupstungum orti um bréf Halldórs:**

*Halldór Blöndal heimaríkur*
*hugar að Austurvelli.*
*Ráðhúsklíku Reykjavíkur*
*rekur hann burt í hvelli.*

**Séra Hjálmar Jónsson hugsaði stuttlega um málið og kvað svo:**

*Austurvöllur blómskrúð er*
*og brosir öllum móti.*
*En hvort er magnið meira hér*
*af menningu eða grjóti?*



**Á BÁÐUM ÁTTUM** Séra Hjálmar veltir fyrir sér hvort grjótstöplarnir eigi ekki betur heima á Ingólfstorgi en væntir góðs af list sumarsins.



**STEINUNN** heldur sínu striki



**HALLDÓR** er ósáttur




# Viðurkenndir bókarar

- Réttindanám fyrir bókara

Símennt Háskólans í Reykjavík býður einnar annar nám fyrir bókara. Um er að ræða réttindanám samkvæmt reglugerð nr. 473/2001 um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara sem skiptist í þrjá hluta:

- **Upplýsingamiðlun og upplýsingakerfi** (24 klst.)
- **Skattskil** (40 klst.)
- **Reikningshald** (40 klst.)

Verð kr. 239.000. Próftökugjöld innifalin.

**Námið er einkum ætlað:**
Starfsfólki bókhaldsstofa, fjármála- og hagdeilda fyrirtækja.

Námið er fagnám og er mjög umfangsmikið. Ágæt reynsla og þekking á bókhaldi, reikningshaldi og skattalegum atriðum er nauðsynleg. Að loknu námi hljóta útskrifaðir þátttakendur titilinn „Viðurkenndir bókarar“, sbr. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald.

Námið hefst 2. september n.k. og lýkur í desember. Próf verða haldin eftir hvern hluta. **Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2005.** Fjöldi þátttakenda er takmarkaður.

Undirbúningsnámskeið í bókhaldi og Excel hefst 15. ágúst. Verð 15.000 kr. - Tímalengd 16 klst.

**Frekari upplýsingar veitir:**
Þór Clausen
Beinn sími: 599 6288
Skiptiborð: 599 6200
thorc@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

www.ru.is/simennt

# Ný tónlist



**Á móti sól**
**árita disk sinn**
í dag í Hagkaupum smáralind
frá kl. 16-17

## LAGALISTI:

1. Þú og ég
2. Þrisvar í viku
3. Lítill drengur
4. Skandinavíu Blues
5. Hjálpaðu mér upp
6. Fiskisaga
7. Við erum við
8. Afgan
9. Bíólagið
10. Fyrsti kossinn
11. 15 ára á föstu
12. Á þjóðhátíð ég fer

13-24 Öll lögin í karókí útgáfum




1.999 kr

Á MÓTI SÓL - Hin 12 topplögin

# Ótrúlegt verð




998 kr
Verð áður 5.899-





Gildir til 6. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

**360 gráður**

**FBL GREINING:** VIÐBRÖGÐ FJÖLMIÐLA VIÐ ÚRSLITUM ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLNANNA

# *Dauð en ekki grafin*

Helstu dagblöð Evrópu velta nú fyrir sér niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Hollandi og Frakklandi.

Í Bretlandi spyr The Independent „Hvað nú fyrir Evrópu?" á mörgum tungumálum á forsíðunni. Bresku blöðin velta því auk þess fyrir sér hvaða þýðingu niðurstöðurnar hafi fyrir Tony Blair forsætisráðherra, en Bretar munu taka við forsæti í Evrópusambandsinu um næstu mánaðamót. The Independent sér tækifæri fyrir Blair til að móta nýjan samhljóm innan sambandsins í því óvissuástandi sem nú hefur skapast. Financial Times telur að hann muni nota sína sex mánuði til að knýja á um framgang þeirra efnahagsumbóta sem margir telja að Frakkar hafi einmitt hafnað. The Guardian hvetur hins vegar til varkárni og telur leiðarahöfundur blaðsins að það væri óskynsamlegt af ríkisstjórninni að reyna að búa sér til tækifæri úr krísunni.

Í Hollandi segir Trouw það óhjákvæmilega túlkun að ráðamenn hafi misskilið vilja borgaranna og De Telegraaf telur niðurstöðuna merki um aukna fjarlægð milli stjórnmála- og embættismanna og almennra borgara.



Í Þýskalandi telur Berliner Zeitung að Hollendingar og Frakkar hafi hafnað stjórnarskránni af ólíkum ástæðum. Franska vinstrið telji ESB of hliðhollt markaðsöflunum en Hollendingar telji það þvert á móti of andsnúið markaðsumbótum. Die Welt er mjög gagnrýnið á viðbrögð Frakklandsforseta við niðurstöðunni þar og Frankfurter Allgemeine telur að Chirac hafi ekki enn tekist að skýra nýja framtíðarsýn fyrir Frökkum.

Í Frakklandi sér Liberation aðeins framtíðina fyrir Evrópu sem fríverslunarsvæði með lágmarksmiðstýringu. Hið svissneska La Tribune De Geneve býst ekki við „hollri kreppu" innan ESB, en í besta falli löngu stöðnunartímabili. Á Spáni segir El Pais að Hollendingar hafi fyrst og fremst hafnað efnahagsstefnu eigin ríkisstjórnar og El Periodico telur að höfnunin muni valda stífni í samskiptum milli fátækari og auðugri aðildarríkja ESB.

The Economist hittir síðan ef til vill naglann á höfuðið með fyrirsögn gærdagsins: „Dauð, en ekki grafin."

**JOSE MANUEL BARROSO**

# Evrópuhraðlestin farin út af sporinu

**Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Frakklandi og Hollandi boða verulegt bakslag í samrunaferlið í Evrópu. Fram undan er nákvæm naflaskoðun og á meðan verður sambandið sett í hlutlausan gír.**

Hollendingar greiddu stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins náðarhöggið í fyrrakvöld þegar þeir kolfelldu plaggið í þjóðaratkvæðagreiðslu sinni. 62 prósent þjóðarinnar höfnuðu skránni á meðan aðeins rúmur þriðjungur sagði já. Engar líkur eru á að stjórnarskrársáttmálinn taki gildi í núverandi mynd heldur er fyrirsjáanlegt að verulegt bakslag komi nú í Evrópusamrunann.

Strax að lokinni atkvæðagreiðslunni í Hollandi létu viðbrögð ráðamanna ekki á sér standa. Þrátt fyrir að fæstir þeirra reyndu að dylja vonbrigði sín hvöttu þeir samt til að fullgildingarferlinu yrði haldið áfram.

### Fullgildingarferlið haldi áfram...

Þótt skýrt sé á um það kveðið að öll aðildarríkin 25 verði að staðfesta stjórnarskrána til að hún öðlist gildi er út af fyrir sig ekki fráleitt að halda ferlinu áfram. Þegar þjóðarleiðtogarnir 25 undirrituðu sáttmálann í Róm í október síðastliðnum lýstu þeir því jafnframt yfir að ef að minnsta kosti tuttugu ríki staðfestu hann þá mætti gera á honum einhverjar breytingar til að mæta óskum þeirra leiðtoga sem rötuðu í vandræði með staðfestinguna heima fyrir. Þegar eru tíu ríki búin að staðfesta sáttmálann, síðast Lettland í gærmorgun, en þrettán eiga það ennþá eftir.



**FRÉTTASKÝRING**
ÖRLÖG STJÓRNARSKRÁRSÁTTMÁLA ESB

**SVEINN GUÐMARSSON**
BLAÐAMAÐUR

### ...þótt það sé í raun fráleitt

Þegar betur er að gáð virðist hins vegar tilgangslaust að halda ferlinu áfram. Í fyrsta lagi er fráleitt að ætla almenningi í þeim ríkjum sem þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram í að kjósa um plagg sem svo mikil óvissa ríkir um.

Í öðru lagi virðist niðurstaðan í Frakklandi og Hollandi hafa breytt svo pólitísku andrúmslofti álfunnar að útlit er fyrir að aðrar þjóðir sem áður voru hlynntar sáttmálanum muni nú fella hann. Þegar skoðanakannanir benda til að Lúxemborgarar, sem eru með áköfustu ESB-sinnum, gætu sagt nei í atkvæðagreiðslu sinni 10. júlí þá er heldur bjartsýnt að reikna með að efasemdaseggir á borð við Dani og Breta muni leggja blessun sína yfir sáttmálann.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÞUNGIR Á BRÚN** Josep Borrell, forseti Evrópuþingsins, Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og Jean Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar og forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, hafa um margt að hugsa þessa dagana.

Í þriðja lagi þá gerði enginn ráð fyrir því að sáttmálanum yrði hafnað í sjálfum kjarnaríkjum sambandsins heldur var búist við andstöðu í smærri ríkjum þess eins og Danmörku, eða Bretlandi sem hefur alltaf verið á jaðri sambandsins bæði í landfræðilegum og pólitískum skilningi. Vissulega er mögulegt fyrir óánægð ríki að taka pokann og yfirgefa sambandið en útilokað er að ímynda sér ESB án þátttöku Frakka.

### Lífgunartilraunir hugsanlegar

Hvað sem þessu líður hafa nokkrar leiðir verið nefndar til að bjarga sáttmálanum, eða að minnsta kosti leifunum af honum. Giuliano Amato, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu og einn höfunda stjórnarskrársáttmálans, hefur stungið upp á að hlutum hennar verði einfaldlega bætt við Nice-sáttmálann sem nú er í gildi. Hefur staða utanríkisráðherra sambandsins sérstaklega verið nefnd í þessu samhengi en talið er að hægt sé að stofna hana án flókinna lagabreytinga. Það þýddi auðvitað að metnaðarfyllri ákvæði plaggsins sem ganga þyrftu í gegnum fullgildingarferli yrðu látin lönd og leið.

Nokkrir hafa lagt til að samið verði að nýju um ákveðin ákvæði stjórnarskrárinnar og svo verði einfaldlega kosið aftur, líkt og Írar gerðu árið 2002 þegar þeir kusu í annað sinn um Nice-sáttmálann. Hins vegar þykir ólíklegt að nokkur sátt náist um þau ákvæði sem helst hefur staðið styr um. Frakkar vilja að sáttmálinn tryggi félagsleg réttindi betur en nú stendur til. Þessu eru á hinn bóginn mörg aðildarríkjanna andvíg, ekki síst Bretar, því þau óttast að slíkar ráðstafanir verði á kostnað frjálsræðis í viðskiptum.

### Hurðum sambandsins skellt

Höfnun stjórnarskrársáttmálans er eitthvert mesta áfall sem Evópusambandið hefur orðið fyrir og líklegt er að bakslag komi í samrunann á næstu árum. Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hitti sennilega naglann á höfuðið í gær þegar hann sagði að úrslitin í Hollandi og Frakklandi vektu upp áleitnar spurningar um framtíð Evrópu sem engin svör væru til við. Fyrirsjáanlegt er að í hönd fari mikil endurskoðun á tilgangi og markmiðum ESB.

Í svipinn virðast úrslit síðustu daga helst boða slæm tíðindi fyrir þau ríki sem nú banka á dyr sambandsins.

Fjölmargir Frakkar sem sögðu nei gerðu það vegna andstöðu við aðild Tyrkja að ESB og vitað er að Angela Merkel, sem gæti orðið kanslari í Þýskalandi í haust, leggst jafnframt gegn henni. Jafnvel gæti hurðinni verið skellt á Búlgara og Rúmena sem búið er að lofa aðild að ESB þar sem franska þingið á enn eftir að leggja blessun sína yfir inngöngu þeirra. ■







# Frábær sumartilboð!
## Hvergi betra verð!




HVERGI BETRA VERÐ!

**25-** pr. stk.
NÚÐLUR
3 tegundir



**14900-**
MARKISA
3,5 x 2,5 m



**2850-**
PARTÝTJALD - BLÁTT / GRÆNT
3 x 3 x 2,5 m
Hliðar í partýtjald 695,-



**4950-**
GARÐSTÓLL - BADEN BADEN
m / þykkri sessu

20" LCD FLATSJÓNVARP!



**59990-**
20" MEDION LCD SJÓNVARP
m / fótstandi, textavarpi o.fl.



HVERGI BETRA VERÐ!

**3990-**
GARÐBEKKUR




**2990-**
SJÓNVARP 5,5"
S/H - m / útvarpi




**24900-**
DVD FERÐASPILARI, 7" SKJÁR
spilar einnig VCD-MP3-CD-CD/RW



Flatur pensill 120 mm 275-




**590-**
VIÐARVÖRN
2,5 ltr.




**590-**
GRÓÐURMOLD 50 L




**149-**
GRILLKOL
2 kg
Uppkveikilögur, 1 ltr. 185-




**149-**
EINNOTAGRILL

**ath!**
**Visa / Euro**
**Raðgreiðsla**

- Lynghálsi 4
- Skútuvogi 2
- Fiskislóð 3 (Granda)
- Selfoss, Austurveg 69

**Europris**

OPIÐ 11 - 20
ALLA DAGA

Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar.


BÓNUS
NORÐANFISKUR FROSINN LAX
699 kg KR.
BITAR BEINLAUSIR MEÐ ROÐI
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 999kr.
FROSINN LAX
ÍSLENSKT SJÁVARFANG
Laxabitar
BEINLAUSIR MEÐ ROÐI
5 GRILLBAKKAR
99
5 bakkar KR.
Gott á grillið
Þú ert á
HVÍTLAUKS MARINERAÐUR LAX
779 kg KR.
35% afsláttur við kassann
Merkt verð 1198kr.
Hvítlauksmarineraður
LAX Á GRILLIÐ
FLJÓTLEGT OG FÍNT Í BÚSTAÐINN
129
250 GRÖMM KR.
Allt sem þarf, er vatn, olía og vöfflujárn!
Vöffluduft
PURREFNABLANDA
fyrir um 20 vöfflur
179
HÁLFT KÍLÓ KR.
Halta
I. FLOKKS HUMAR
3790 kg KR.
5% afsláttur við kassann
Merkt verð 3990kr.
I. FLOKKUR FROSINN
HUMAR
nýveiddur
Bónus býður betur!
139
270 ml KR.
Hvítlauks sósa
Pipar sósa
KONÍAKS GRÍSAGRILLSNEIÐAR
699 kg KR.
Merkt verð 998kr.
30% afsláttur við kassann
Rabarbarasulta
BÓNUS - 900 GRÖMM
199
900 GRÖMM KR.
Rabarbarasulta
BÓNUS
AFSLÁTTUR 10% VIÐ KASSANN
Bezt
BEZT SVÍNAHAKK
499 kg KR.
Svínahakk
BEZT FRÁ FERSKUM KJÖTVÖRUM
Svínagrillsneiðar
KRYDDLEGINN ÍSLANDSGRÍS
BÓNUS SKÚFFUKAKA
Kofareykt
SVEITABJÚGU
SVEITABJÚGU
299 kg KR.
CHIQUITA ANANAS
159
stykkið KR.
BÓNUS SKÚFFUKAKA
199
400g KR.
ALVÖRU HARÐFISKUR!
Steinbítur
VESTFIRSKUR ÓBARINN
6x 500 ml KRISTALL PLÚS
498 KR.
Kristall plús
6x 500ml KIPPA
489
BOXIÐ KR.
BEN&JERRY'S
New York Super Fudge Chunk
Chiquita
ALVÖRU HARÐFISKUR!
3999 kg KR.
Skynsemin velur Bónus


EKKERT BRUÐL
réttri opnu!
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
Olï ólífuolía með sérstaklega grænu bragði, úr fyrstu kaldpressun sérvaldra handtíndra ólífa.
100% náttúruleg vara.
Framleidd af Lesieur, framleiðanda ISIO4.
OLÏ virgin ólífuolía
499
750ml KR.
BÓNUS Furuhnetur
129
100g poki KR.
159
100g poki KR.
KLETTASALAT * SALATBLANDA * SMÁSPÍNAT
Svínahnakki
ÚRBEINAÐ ALI GRILL
ALI GRILLKÓTELETTUR
824
kg KR.
45% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.
Svínakótelettur
ALI GRILLKRYDDAÐ
45%
afsláttur
við kassann
ALI úrbeinaður svínahnakki
824
kg KR.
45% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.
EKKERT BRUÐL
33cl Coca Cola
49
33cl KR.
VILLIBRÁÐARKRYDDUÐ
1099
kg KR.
BEINLAUS LAMBASTEIK
VILLIBRÁÐARKRYDDUÐ BEINLAUS LAMBASTEIK
EKKERT BRUÐL
Bezt
BEZT BRAUÐSKINKA
99
150g KR.
Brauðskinka
BEZT FRÁ FERSKUM KJÖTVÖRUM
Kartöflu salat
Hrá salat
95
350g KR.
RAUÐ EPLI
89
kg KR.
NÝ UPPSKERA
NÝ GÆÐA UPPSKERA FRÁ ARGENTÍNU
GOTT Á GRILLIÐ!
VILLIKRYDDAÐAR LÆRISSNEIÐAR
KJARNAFÆÐI
1439
kg KR.
Lærissneiðar
VILLIKRYDDAÐ LAMB
GRILLKRYDDAÐAR LAMBARIFJUR
299
kg KR.
Lambarifjur
GRILLKRYDDAÐAR KJARNAFÆÐI
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Ein meginástæða hins háa gengis er að mati hagspekinga stórframkvæmdirnar á Austurlandi og húsbyggingasprengjan á höfuðborgarsvæðinu.

## Krónan veikir landsbyggðina

Útflutningsiðnaður og ferðaþjónustan eru fórnarlömb hás gengis krónunnar. Ein meginástæða hins háa gengis er að mati hagspekinga stórframkvæmdirnar á Austurlandi og húsbyggingasprengjan á höfuðborgarsvæðinu, auk annarra utanaðkomandi þátta sem erfitt er að hafa hemil á. Það hefur lengi verið vitað að þessar miklu framkvæmdir eystra myndu hafa áhrif á okkar litla hagkerfi, og svo þegar við bætist þenslan á höfuðborgarsvæðinu er von að eitthvað láti undan.

Litlir staðir á landsbyggðinni, þar sem sjávarútvegur er uppistaðan í atvinnulífinu, eru í mikilli hættu vegna sterkrar stöðu íslensku krónunnar. Þetta hefur greinilega komið í ljós nú á síðustu dögum, þegar fregnir berast af hópuppsögnum á einum fjórum stöðum. Þarna er að vísu sums staðar um viðvarandi staðbundinn vanda að ræða, eins og á Bíldudal, þar sem 50 starfsmönnum sjávarútvegsfyrirtækis var sagt upp. Sjávarútvegur hefur um langt árabil átt undir högg að sækja á Bíldudal, og á það bæði við um rækjuvinnslu og bolfiskvinnslu, þannig að þetta er ekki nýtt á þeim stað. Engu að síður er þetta grafalvarlegt mál fyrir samfélagið á staðnum. Möguleikar þeirra sem sagt var upp á Stöðvarfirði og Reyðarfirði eru hins vegar meiri, því ef einhvers staðar er skortur á vinnuafli er það í þessum landshluta. Hjá Skinnaiðnaði á Akureyri dundu líka yfir uppsagnir um mánaðamótin. Innan þess geira hefur um árabil verið háð erfið barátta, og nú virðist sem þessi iðnaður muni leggjast af.

*Áður en það gerist hefur fleiri sjávarútvegsfyrirtækjum og öðrum útflutningsfyrirtækjum væntanlega blætt út miðað við óbreyttar aðstæður. Ef sú verður raunin eru stóriðjuframkvæmdirnar og húsnæðisþenslan á höfuðborgarsvæðinu dýru verði keyptar og landsbyggðin ennþá veikari en áður.*

Seðlabankinn gerir grein fyrir stöðunni í efnahagslífinu í dag, og jafnvel má búast við tilkynningu um hækkun stýrivaxta. Þeir hafa nú á einu ári verið hækkaðir átta sinnum, og verða líklega um tíu af hundraði við áramót. Í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabanka má alltaf búast við hækkun einhverra vaxtaflokka hjá bönkunum. Ekki bætir það stöðu útflutningsatvinnuveganna að þurfa bæði að búa við hátt gengi krónunnar og háa vexti. Slíkt gengur reyndar ekki upp til lengdar og því verða stjórnvöld og Seðlabankinn að vera samstiga í því að ná tökum á efnahagslífinu. Sem betur fer stjórnar grátkórinn svokallaði nú ekki lengur gengi íslensku krónunnar, en með þessu framhaldi er ljóst að í haust kemur til endurskoðunar á ákvæðum kjarasamninga og verðbólgan fer upp fyrir þau mörk sem sett hafa verið. Áður en það gerist hefur fleiri sjávarútvegsfyrirtækjum og öðrum útflutningsfyrirtækjum væntanlega blætt út miðað við óbreyttar aðstæður. Ef sú verður raunin eru stóriðjuframkvæmdirnar og húsnæðisþenslan á höfuðborgarsvæðinu dýru verði keyptar og landsbyggðin ennþá veikari en áður. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Afturelding Viktors Arnar

Það vill stundum vera með þá sem hafa atvinnu af því að skrifa, eða hafa skriftir að hlutastarfi, að þeir skrifa lítið annað en það sem þeir eru þekktir fyrir, hvort sem um er að ræða blaðamennsku eða skáldsagnaritun. Viktor Arnar Ingólfsson spennusagnahöfundur heldur þó úti vef (mmedia.is/%7Evai/“) þar sem hann fjallar um ritstörf sín að ógleymdum öllum þeim hljóðbókum sem hann hlustar á og virðist enginn skortur á. Í síðustu færslu hans kemur fram að hann undirbýr útgáfu tveggja bóka, annars vegar þýskrar útgáfu Flateyjargátu, hins vegar nýrrar skáldsögu sem hann ljóstrar upp hvað á að heita, Afturelding. Þar segir hann líka frá því að hann sé þegar búinn að selja útgáfuréttinn að nýju skáldsögunni til Þýskalands og telur hann að það geti reynst affarasælt þegar kemur að kynningu hennar hérlendis í haust.



### Veikist af höfundarverkinu

Annar rithöfundur sem heldur úti bloggsíðu (agustborgthor.blogspot.com) er smásagnahöfundurinn Ágúst Borgþór Sverrisson, sem hefur undanfarna mánuði skrifað af og til um það hvernig honum gengur að feta nýjar slóðir á rithöfundarferli sínum. Hann vinnur nú að skriftum stuttrar skáldsögu, nóvellu, sem hefur vafist mikið fyrir honum eftir áramót, skrifin stundum gengið vel en oftar illa og einu sinni fékk hann meira að segja sama sjúkdóm og aðalsöguhetjan. Svo lendir hann í vandanum sem margir rithöfundar þekkja víst: „Nú kemur bomban. Í millitíðinni hef ég fengið hugmynd að annarri nóvellu. Mjög góða og áleitna hugmynd. Í augnablikinu hef ég ekki hugmynd um hvort nýja nóvelluhugmyndin fær að gerjast og skrifast á eftir hinni eða hvort ég ýti þessari til hliðar og byrja á þeirri nýju. Í versta falli verð ég ennþá blaðrandi hér um sögur í smíðum eftir fimm ár og engin bók komin út.“

brynjolfur@frettabladid.is

## Vinstri-slys og varnarleysi?!

Morgunblaðið hefur að undanförnu kynnt landslýð athyglisverða stjórnmálagreiningu. Það gerðist t.d. í nýlegum Staksteinum og svo í ítarlegri útfærslu í Reykjavíkurbréfi um síðustu helgi. Svo virðist sem þetta séu eins konar viðbrögð við niðurstöðu úr formannskjöri Samfylkingarinnar. Ritstjórar Morgunblaðsins hafa á umliðnum misserum sjálfir gert sér far um að tengja ritstjórnarskrif sín og pólitíska stefnu blaðsins við Sjálfstæðisflokkinn og forustu hans – samanber ákvörðun þeirra um að setja áramótagrein Davíðs Oddssonar á viðhafnarstað. Því er ekki óeðlilegt að álykta að í greiningu Morgunblaðsins megi finna vísi að þeirri herstjórnarlist, sem Sjálfstæðisflokkurinn hyggst beita í stjórnmálunum fram til næstu kosninga. Það kemur þó á óvart að þeir leikir sem nú eru valdir í hinni pólitísku refskák eru síður en svo nýir af nálinni. Þvert á móti eru þetta gamlir uppvakningar: meint ógn af vinstristjórnum annars vegar og hermálið hins vegar.

Hefðbundið er að skilgreina sem vinstri-stjórn, þá stjórn sem Sjálfstæðisflokkurinn tekur ekki þátt í. Morgunblaðið hefur nú skilgreint nýja „ógn“, sem augljóslega er sýnu verri en sú fyrri, en það er „hreinræktuð vinstristjórn“. Það er stjórn sem hvorki Sjálfstæðisflokkur né Framsóknarflokkur taka þátt í. Það er m.ö.o. samstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Samkvæmt greiningu Reykjavíkurbréfs er talsverður munur á því hvort um „hreinræktaða“ vinstri-stjórn er að ræða eða bara hefðbundna vinstri-stjórn. Það er vegna þess að í Framsóknarflokknum voru til skamms tíma tveir armar, hægri armur og vinstri armur. Hægri armurinn, að sögn blaðsins, tengdist viðskiptalífinu og SÍS og gaf þessum vinstri-stjórnum það litla jarðsamband sem þær höfðu. Mogga þykir þó ekki mikið hafa komið til þessara stjórna, enda hafi þær verið „misheppnaðar ríkisstjórnir sem skildu eftir sig mikil vandamál, sem aðrir urðu að hreinsa upp,“

Í DAG
ÞJÓÐFÉLAGSGREINING MOGGARITSTJÓRA
BIRGIR GUÐMUNDSSON



*Slagorð um vinstri-hættur og varnarleysi munu þá taka að hljóma á ný. Nýrri pólitískri stöðu verður mætt á stöðnuðum sagnfræðilegum forsendum.*

svo notað sé orðalag Reykjavíkurbréfs. Það er þó merkileg tilviljun að Morgunblaðið skuli gleyma síðustu „vinstri-stjórninni“, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar frá 1989-1991, sem sigraðist á verðbólgunni og lagði grunninn að þjóðarsáttinni! Steingrími er þó ekki alveg gleymt og ekki heldur föður hans, Hermanni Jónassyni, því þeir eru einmitt sagðir hafa verið helstu leiðtogar hins draumórakennda vinstri arms, arms sem blaðið segir raunar vera horfinn úr flokknum núna. „Eftir stendur hægri armurinn og fólk sem er óánægt, ekki vegna óánægju með stefnu flokksins heldur eigin stöðu og skort á frama,“ segja flokkshollir ritstjórar um samstarfsflokkinn. Og ekki nóg með að blaðið telji flokkinn orðinn einfættan framagosaflokk heldur er formaðurinn Halldór Ásgrímsson á síðasta söludegi: „...miðað við þann tíma, sem hann hefur verið virkur í stjórnmálum má gera ráð fyrir að nú sé komið fram á seinni hluta valdatímabils hans í flokknum“.

En hættan við hina hreinu vinstri-stjórn er þó ekki einvörðungu falin í því að þar fari „misheppnuð stjórn sem muni skilja eftir sig mikil vandamál“. Hættan felst ekki síst í utanríkisstefnu slíkrar stjórnar, enda telur Morgunblaðið einsýnt að stjórnarherrar af þessu sauðahúsi muni rjúka til og reka herinn úr landi. Blaðið les landsfundarsamþykktir Samfylkingarinnar þannig að flokkurinn sé tilbúinn til að reka herinn úr landi og allir vita hvert hugur Vg stefnir í þessum málum. Þannig muni þessir tveir flokkar geta sameinast um að skilja landið eftir varnarlaust, sem sé fjarri því að vera uppörvandi hugsun fyrir gamla Alþýðuflokksmenn innan Samfylkingarinnar. Og það er einmitt í þessu samhengi sem það skýrist hvers vegna Morgunblaðið telur ástæðu til að gera lítið úr Framsóknarflokknum og benda auk þess á að vinstrifótinn vanti. Án vinstri armsins er ekki líklegt að Framsóknarmenn taki þátt í vinstra samstarfi, og því ekki heldur um viðspyrnu eða jarðsamband að ræða frá hægri armi flokksins. Morgunblaðið er m.ö.o. að segja okkur að hætta á vinstri-slysum og varnarleysi sé raunveruleg og eina svarið að styðja duglega við bakið á Sjálfstæðisflokknum.

Herstjórnarlistin sem við getum því átt von á frá Sjálfstæðisflokknum á næstu misserum ef þessi stefna gengur fram mun því hljóma kunnuglega í eyrum margra. Slagorð um vinstri-hættur og varnarleysi munu þá taka að hljóma á ný. Nýrri pólitískri stöðu verður mætt á stöðnuðum sagnfræðilegum forsendum. Finnst fólki það hafa heyrt orðræðu Morgunblaðsins áður þá er ekki bara á ferðinni hin merkilega endurtekningarupplifun sem kölluð er „deja vu“. Fólk hefur í raun og veru heyrt þetta áður! ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.17 | 13.26 | 23.37 |
| AKUREYRI | 2.25 | 13.11 | 23.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


*Góðan dag!*

Í dag er föstudagur 3. júní, 154. dagur ársins 2005.

**langur laugardagur**

Nýr gripur á hverjum degi

BLS. 6



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is**

## KRÍLIN




## Smáauglýsingar

*byrja í dag á bls. 4*


**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar


**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



Þröstur Björgvinsson mjólkurfræðingur ber fram rauðvín frekar en mjólk með steikinni og segir að hvort tveggja sé gott í hófi.

# Grillmeistarar í hverjum garði

***Þröstur Björgvinsson, mjólkurfræðingur, hefur gaman af að spreyta sig í eldhúsinu, en langbestur er hann við grillið eins og svo margir kynbræður hans.***

„Ég er nú kannski ekki svo ýkja duglegur í miðri viku, þá sér konan um matseldina, en ég er ansi duglegur þegar eitthvað fínna stendur til," segir Þröstur.

Nú þegar grillvertíðin stendur sem hæst er Þröstur í essinu sínu. Hann leggur líka áherslu á fallega uppdekkað borð og gerir það klárt áður en hann setur sig í grillstellingarnar. Hann segist aðspurður farinn að grilla allt milli himins og jarðar, en fyrir honum standi lambakjötið alltaf upp úr.

„Við grillum kjúkling, fisk, grænmeti og ávexti, en uppáhaldið mitt er hvítlauks- og rósmarinkrydduð lambaprimesteik, sem ég kaupi í Kjötbankanum í Hafnarfirði. Þeir eru algjörir snillingar þar. Þetta grilla ég í sjö og hálfa mínútu á hvorri hlið og læt það svo standa í fimm til sjö mínútur á eftir til að jafna sig. Með kjötinu ber ég fram kartöflusalat, kalda sósu og grillaða nýja sveppi. Sveppirnir eru einfalt og gott meðlæti. Stilkarnir eru skornir af sveppunum, saxaðir og steiktir á pönnu með lauk og hvítlauk. Þá er sýrðum rjóma bætt á pönnuna og allt hrært saman, sveppirnir penslaðir með smjöri og jafningurinn settur inn í holuna á sveppunum, gráðostur ofan á og grillað."

Í eftirrétt segir Þröstur grillaða ávexti langvinsælasta á sínu heimili. „Þá sker ég niður á álbakka banana, epli, jarðarber og hindber og set svo kókósbollur ofan á. Þessu er skellt á grillið í nokkrar mínútur. Rjómaís frá Emmess og góð íssósa með gerir þetta að algjöru lostæti."

Hangir ekki fólk á girðingunni hjá þér í von um að vera boðið í mat?

„Nei, grannarnir eru ekki síður liðtækir við grillið. Það eru grillmeistarar í hverjum garði núorðið," segir Þröstur hlæjandi.

Öðruvísi vörur - öðruvísi búð, fallegar tækifærisgjafir. NÝTT. Eve Taylor frá toppi til táar. Glæsilegt úrval. Opnum í dag nýja vefverslun www.Loi.is Opið mán.-fös. 10-18 lau. 12-16. Ljós og Ilmur ehf Bíldshöfði 12. S. 517 2440






Ótrúlegt verð t.d. stakir jakkar kr. 2.000. Buxur 1.000. Lagersala, Auðbrekku 1. Opið 12-18. S. 564 3477, Jóna.




Eigum tilbúna stiga, hringstiga og handriðaefni á lager. Fura, Beyki og Eik. Handlistar,plast, ryðfrítt, festingar og margt fleira. Stigalagerinn, Dalbrekku 26 Kópavogi.

PIZZA 67

**Megatilboð !!**
Allar pizzur á matseðli á aðeins 1000 kr. og hvítlauksbrauð fylgir frítt með, alla daga þegar sótt er. Opið 16-22 alla daga nema sunnudaga 16-21 og einnig er opið í hádeginu á föstudögum. Pizza 67 Austurveri, Háaleitisbraut 68. S. 800 6767.

vitamin.is

**Vítamin.is og blek.is**
Labrada fæðibótaefni. Ármúla 32, s. 544 8000. Opið mán. til fös. 10 til 18. Laug. 11 til 15.
**2 fyrir 1 af völdum blekhylkjum í Epson prentara.**




**Tilboð!**
Mikið úrval af Granít og marmara handlaugum, verð frá 14.900,- granítflísar verð frá 2.280,- m2. Uppl. í S. 517 0077.



**Playboy bikini**
25% afsláttur af bikinum. Stjörnusól, Fjarðargötu 17. S. 555 7272



**Furniture sale**
Leaving the country, everything must go!! saturday 4th June 2005 at Sæbraut 10, Seltjarnarnes from 9.00AM until 6.00PM. Near new furniture only 18 month old at half price or less. Many items including dining suite, lounge suites, TV's washing mashine, dryer, kitchen appliances, childrens beds and much more.
**Phone Paula on 551 0850 for more information.**

Bílskúrshurðaþjónustan. Bílskúrshurðir og mótorar, varahlutir - viðgerðir. Halldór S. 892 7285.

**Bílskúrssala**
á morgun laugardag kl. 11-16. Nánari uppl. í s. 690 0077, Elva.

Ætlar þú að flísaleggja? Komdu og skoðaðu flísarnar okkar, þær eru á fínu verði. Einnig sturtuklefar á góðu verði. Húsheimar Lækjargötu 34, Hafnarfirði S. 553 4488 www.husheimar.is

Til sölu A-svæðis Iron Maiden miði. Áhugasamir hafi samband anoxyb_87@hotmail.com

Ísskápur 170 cm m/sér frysti á 12 þ., 140 cm á 10 þ. 120 cm og 85 cm á 8 þ. Þríhjól á 2 þ. BMX barnahjól á 2 þ. Einnig varahlutir í ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Óskast keypt

Kaupum gamlan vínil. Músik og Meira. S. 699 4455.

**Gróðurhús**
Óska eftir litlu vel með förnu gróðurhúsi. Símar 565 8893 & 861 8893.

## Heimilistæki

Óska eftir notaðri þvottavél, er til í að borga allt að 25 þ. Vinsal. hringið í s. 691 5040, Magnús Páll.

## Hljóðfæri

Leigjum og seljum hljóðkerfi stór og smá. JBL, Crown, AKG HljóðX. Grensásvegi 12 sími 553 3050.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur




Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Vélar og verkfæri




Til sölu Lawn Boy sláttuvél m/poka (Þór h/f) Öll nýyfirfarin. V. 19 þ. S. 849 4692.

Til sölu 2 loftpressur 250l/m. (þar af 1 þurr) Uppl. í s. 822 8396 og radio@isl.is.

## Til bygginga




**Pallaefni Utanhússklæðning**
Massaranduba, Brasilískur harðviður
Riffluður báðum megin, ýmsar lengdir.
**Innviðir-Valdberg ehf.**
**Smiðjuvegi 36 ( rauð gata)**
**Sími 564-3636**

**Gröfur/Vörubílar.**
Gröfum grunna, útvegum efni. Gröfum fyrir skolp- og frárennslislögnum.
**Upplýsingar í síma 822 2660.**

Óska eftir 20 feta gám, verður að vera góður, helst frystigám. Einnig kemur til greina að kaupa vinnuskúr. Uppl. í síma 696 4772.

## Verslun




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



Ný sending af herlmannaklossum, verð frá kr.3.990, sjáið fleiri vörur og tilboð á www.army.is Erum líka í Kolaportinu um helgar, Army.is




**Kr.5.990**
Opið 10.00-18.00 þriðjud.- föstud. Praxis S. 568 2878 & 691 0808 Síðumúla 13, 108 R. www.praxis.is praxis@praxis.is

## Ýmislegt

Vinsælu heitupottarnir frá Spaform eru komnir. Pottarnir fást afhentir í Þrastarlundi. www.heitirpottar.is, s. 482 2300 & 866 0508 á Egilsstöðum.

Bílskúrssala; allskonar heimilishlutir til sölu s.s. sjónvörp (nýleg), skrifborð, eldhúshlutir, örbylgjuofn, mottur, bækur, barnadót o.fl. S. 554 5603 & 869 2836.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 Vísir FRÉTTABLAÐIÐ 90,9 Vísir

Allt á að seljast.
Enn meiri verðlækkun, komdu strax.
Brimborg, notaðir bílar.
**Brimborg, öruggur staður til að vera á.**

Lokum Hringnum.
**Slysavarnarfélagið Landsbjörg.**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Rafmótorar – gírmótorar
**Fálkinn**

Reimar í bíla
**Fálkinn**

Aukum öryggið við strendur landsins-lokum hringnum .
**Slysavarnafélagið Landsbjörg.**

Taktu notaðan bíl strax í Brimborg.
Enn meiri verðlækkun.
**Brimborg, öruggur staður til að vera á.**

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta.
**Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.**

Það eru brjáluð tilboð á notuðum bílum núna hjá Brimborg.
Allt á að seljast.
Komdu strax.
**Brimborg, öruggur staður til að vera á.**

Kerrur.
**Víkurvagnar**

Hemlahlutir í bíla
**Fálkinn**

Taktu notaðan bíl strax í Brimborg.
Allt á að seljast.
**Brimborg, öruggur staður til að vera á.**

Cirkus Cirkör í júní.
**Borgarleikhúsið.**

Hleðslurafhlöður.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Tryggið ykkur miða á Cirkus Cirkör.
Aðeins fjórar sýningar í júní.
**Borgarleikhúsið.**

Gestaleiksýning Cirkus Cirkör frá fjórtánda til sautjánda júní.
**Borgarleikhúsið.**

Nú færðu heimilisost í kílóastykkjum með 20% afslætti í næstu verslun!
**Osta-og-smjörsalan**

Símaskráin 2005 -gjörðu svo vel.
Þitt eintak bíður þín á sölustöðum Olís, Esso, Shell, hjá Flytjanda eða í verslunum Símans.
Tekið er við gömlu símaskránni þinni á sömu stöðum.
**Síminn.**

Slökkvitæki, Reykskynjarar, Eldvarnateppi.
**Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg**

Cirkus Cirkör einn fremsti nýsirkus Evrópu.
Aðeins fjórar sýningar.
**Borgarleikhúsið.**

Bylgjan kynnir í samvinnu við Concert:
Hildur Vala útgáfutónleikar í Salnum sunnudagskvöldið 5. júní
–örfáir miðar óseldir.
**Miðasala í síma 5-700-400.**

Takk fyrir.
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Tuttugu-og-fimm tímar.
Dansleikhússamkeppni í Borgarleikhúsinu níunda júní.
Einstakur viðburður.
**Borgarleikhúsið.**

Glóðarsteiktur hamborgari
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Mundu happdrættis-gíróseðilinn.
**Happdrætti krabbameinsfélagsins.**

Skapaðu þitt eigið draumasumar.
**IKEA.**

Tilboð á heimilisosti í kílóastykkjum í næstu verslun, 20% afsláttur.
**Osta-og-smjörsalan**

Draumasumar hefst hjá
**IKEA.**

Aukum öryggið við strendur landsins-greiðum heimsenda gíróseðla.
**Slysavarnafélagið Landsbjörg.**

Rafhlöður.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Verum bjartsýn
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Símaskráin 2005 er komin út.
Gjörðu svo vel að ná þér í eintak á sölustöðum Olís, Essó, Shell, hjá Flytjanda eða í verslunum Símans.
Tekið er við gömlu símaskránni þinni á sömu stöðum.
**Síminn.**

Þráðlaus innbrota og viðvörunarkerfi, gott verð.
**Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.**

Hleðslutæki.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Framlengingarspeglar
**Víkurvagnar**

Aukum öryggið við strendur landsins-söfnunarsíminn er 905-5900.
**Slysavarnafélagið Landsbjörg.**

Veðurfar er hugarfar.
**IKEA.**

Lokum hringnum-björgum öllum.
**Slysavarnafélagið Landsbjörg.**




Leyndarmálið í laxveiði nútímans. Leitar mjög vel að laxi www.frances.is

## Hestamennska

**Reiðnámskeið.**
Verða á Varmárbökkum, Mosfellsbæ í sumar. Námskeiðin eru frá mán-fös. frá kl. 10-13, eða frá kl. 14-17. Stubbanámskeið verður vikuna 11.-15. júlí. Skráning í síma 899 6972 & 566 6401 Berglind & Elías.

## Ýmislegt







# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Íbúð til leigu nálægt Háskólanum í Rvk. með öllu innbúi. Leigist helst nema frá 1. júlí '05 út maí '06. S. 849 3987.

Nýjar stórglæsilegar leiguíbúðir með öllum tækjum. Langtímaleiga. 2ja og 3ja herbergja í Hafnarfirði. Sjá heimasíðu Átthaga ehf. www.atthagar.is

3ja herbergja íbúð til leigu á Akureyri. Leigist aðeins reglusömu fólki. Sími 849 2011.

Laust herbergi í 2ja hæða rísíbúð á 101. Leitum eftir léttum og skemmtilegum einstaklingi til að deila íbúð með 2 vinum. 27 ára kk. kokki og kvk nema með 6 ára stúlku. Uppl. í s. 692 8093.

Herb. í miðbæ Rvk. til leigu. Saml. eldh/baðh. Þvottav. Uppl. í síma 866 2745.

Herbergi á sv. 105. Húsgögn, ísskápur, örbylgjuofn. Eldunaraðstaða, þvottavél, Stöð 2, Sýn. Uppl. í s. 898 2866.

## Húsnæði óskast

Fjölskyldu vantar 3ja-4ra herbergja íbúð við Vesturbæjarskóla sem fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. Guðríður, s. 823 7977.

Óska eftir 2ja-3ja herbergja íbúð á svæði 101/105/107/170. Frá 1. júlí. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 820 0537.

Karlmaður óskar eftir herbergi eða stúdíóíbúð, helst miðsvæðis. Sími 691 6896.

Óska eftir snyrtilegri 2ja til 3ja herb. íbúð á höfuðb. sv. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 698 4062.

Reglusamur og reyklaus óskar eftir lítilli íbúð strax, í einn til tvo mánuði, í eða nálægt 101. S. 698 2668.

**Ung reglusamt par vantar íbúð til langtímaleigu frá og með 1. júlí eða 1. ágúst. 3ja herbergja, miðsvæðis í Rvk. Uppl. í s. 552 6107 & 695 6913 e. kl. 17.**

## Sumarbústaðir




**Rimlahlið**
Rimlahlið í vegi, tvær staðlaðar stærðir, 3,66x2,50m, burðargeta 20 tonn, verð kr. 109.000- án vsk./ 4,50x2,55m, burðargeta 40 tonn, verð kr. 246.000- án vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir góðu skrifstofuherbergi á Rvk.sv. Uppl. í s. 691 1508 og 899 1994

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

## Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

Ódýr gisting í Kaupmannahöfn, miðsvæðis, LaVilla Uppl. s:0045 32975530 gsm:0045 28488905 www.lavilla.dk

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**10-11-Select-Shell**
Óskum eftir starfsfólki í fullt starf í sumar á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum.
**Hægt er að sækja um á heimasíðu 10-11. www.10-11.is eða á stöðvunum sjálfum.**

**Framtíðarstarf og sumarafleysingar**
AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf.Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar.Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.
**Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is**

**Næturvörð vantar í sveit**
Hótel Búðir vantar manneskju á næturvaktir í sumar, tilvalið fyrir fyrir fjallageitur eða útivistarfólk. Einnig viljum við bæta við okkur kokki eða nema í afleysingar.
**Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur í síma 435 6700.**

**Select - Suðurfelli.**
Óskum eftir áræðanlegum og duglegum starfsmanni í verslun okkar í Suðurfelli. Um er að ræða hlutastarf til framtíðar. Getur hentað vel með skóla. Lágmarksaldur 18 ár.
**Umsóknum skal skilað á vefnum www.10-11.is eða hjá verslunarstjóra á staðnum.**




**Vantar öflugan verkstjóra**
Ávaxtabíllinn óskar að ráða verkstjóra til að stýra famleiðslu fyrirtækisins á ávaxtabökkum og skyldum vörum. Við leitum að verulega öflugum, geðugum og klárum aðila sem á auðvelt með að taka ákvarðanir. Reynsla af matvælaframleiðslu er góður kostur.
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf nú þegar. Viðeigandi upplýsingar sendist á haukurm@internet.is**

**Rafvirkjar**
Vantar vana rafvirkja. Mikil vinna framundan.
**Upplýsingar í síma 660 1655. Raf og tölvulagnir ehf.**

**Bónusvideó**
Óskar eftir starfsfólki. Aldur 18 ára + í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í síma 868 4477 & 862 5460.

**Glaumbar auglýsir:**
Glaumbar auglýsir eftir vönum barþjónum og aðstoð í sal. Allar nánari upplýsingar á staðnum eftir kl. 19:00 á kvöldin.

**Hrói Höttur Hringbraut**
Óskar eftir pizzabakara í fullt starf/hlutastarf. Góð laun boði fyrir gott fólk. Uppl. í s. 849 4756, Eva.

**Bónus í Mosfellsbæ**
Vantar starfsfólk í fullt starf og hlutastarf. Lágmarksaldur 18 ára. Umsóknum má skila í versluninni og á www.bonus.is

**Ræstingar**
Vantar fólk í 100% vinnu við að þrífa heimili. Allar upplýsingar um störfin gefur Stefán í síma 578-1450 milli 09-17. Nostra ehf

**22-hlutastörf**
Vantar skemmtilegt og duglegt fólk í miðasölu, glös og bar. Uppl. í síma 823 7977 Gauja.

**Sumarafleysingar**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í sumarafleys- ingar í Örfirisey. Verkefni: Móttaka pantana, eldhús og þrif. Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn í síma 550 9937 tölvupóstfang thorsteinn@odr.is

**Bílstjórar**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstörf og sumarafleysingar í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa meiraprófi. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn í síma 550 9937 tölvupóstfang thorsteinn@odr.is

Óskum eftir að ráða vana saumakonu til starfa. Upplýsingar gefur Ásdís í síma 567 0880.

Vantar starfskraft í veiðiverslun , þarf að vera veiðimaður með reynslu í sölumensku. upplýsingar í síma 698 6263

Starfskraftur óskast. Aukavinna 2 í viku á morgnana aðra hverja viku (ca 45 min). Helst búsett í Hafnarf. Uppl. í s. 663 2680.

Kjötvinnsla, kjötskurðarmenn og aðstoðarfólk vantar nú þegar. Nánari uppl. í s. 699 1705. Gæðafæði ehf.

Lafleur útgáfan óskar eftir dugmikilli sölumanneskju í sumar. Uppl. í s. 659 3313.

Óskum eftir starfskrafti í veitingahús. Dagvinna. Uppl. í s. 861 2410.

**Múrvinna!**
Múrklæðning Ehf óskar eftir vönum mönnum í múrvinnu. Mikil vinna framundan. Uppl. í síma 848 2576.

**Sumarvinna**
Óskum eftir duglegum starfskrafti til ýmissa starfa í veiðihúsi í sumar. Uppl. í s. 896 9703.

## Atvinna óskast

Lærður Málari, get bætt við verkum. Flest kemur til greina. S. 897 2945, Kristmundur.

Óska eftir vinnu í sumar við hótelstörf, beitningar eða annað. Húsnæði þarf að fylgja. Helst á norðurlandi. Uppl. í s. 846 1639.

Kennara vantar vinnu í 4 - 6 vikur, er vanur smíða- og málningarv. Sími 898 5054.

Fertugur maður óskar eftir aukavinnu í júní/júlí. í s. 695 4536.

## Viðskiptatækifæri

Hefurðu hugleitt að stunda eigin viðskipti? Skoðaðu www.orvandi.is/upplysingar.htm

# TILKYNNINGAR

## Einkamál






aktu taktu

### Vaktstjóri óskast

Hentar þér að vinna á kvöldin og um helgar? Vilt þú starfa í líflegu vinnuumhverfi á nýja veitingastaðnum okkar í Fellsmúlanum? Um er að ræða *framtíðarstarf* hjá traustu fyrirtæki. Æskilegir eiginleikar: hæfni í mannlegum samskiptum, geta unnið vel undir álagi, þjónustulipurð, jákvæðni og dugnaður. Æskilegur aldur: 20-40 ára. Góð laun í boði. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Upplýsingar veittar alla daga *milli kl. 9 og 15* í síma: 892 0274 (Herwig)

Umsóknareyðublöð á veitingastöðum Aktu Taktu og www.aktutaktu.is

**FoodCo ehf • Bolholti 4 • 105 Reykjavík • www.aktutaktu.is**

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Öskjuhlíð, Keiluhöll.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Keiluhallar í Öskjuhlíð.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að heimilt verði að reisa sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti ásamt tilheyrandi mannvirkjum, s.s. eldsneytistönkum og olíuskiljum neðanjarðar ásamt skyggni yfir dælur, tæknirými fyrir dælubúnað og skilti. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 3. júní til og með 15. júlí 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 15. júlí 2005.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 3. júní 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2600 • MYNDSENDIR 562 3219

UPPBOÐ

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Aðalbraut 61, Raufarhöfn, þingl. eig. Magnús Einarsson og Heiða Ingunn Þorgeirsdóttir, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 6. júní 2005 kl. 12:00.

Duggugerði 9, Kópaskeri, þingl. eig. Kristjana Erna Helgadóttir og Eyþór Margeirsson, gerðarbeiðandi sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 6. júní 2005 kl. 10:45.

Eignarhluti gerðarþola í Syðri-Bakka, Kelduneshreppi, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðendur Edda – útgáfa hf, Olíuverslun Íslands hf og Vífilfell hf, mánudaginn 6. júní 2005 kl. 10:00.

Fjarðarvegur 11, Þórshöfn, þingl. eig. Þórarinn Jakob Þórisson, gerðarbeiðandi nb.is-sparisjóður hf, mánudaginn 6. júní 2005 kl. 13:25.

Höfðabrekka 20, Húsavík, þingl. eig. Albert Guðmundsson heildverslun og Viðskiptanetið hf, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, þriðjudaginn 7. júní 2005 kl. 10:30.

Höfði 5a, Húsavík, þingl. eig. Geiri Péturs ehf. / Sigmundur Guðmundss.hdl., gerðarbeiðendur Ísfell ehf og Landssími Íslands hf,innheimta, þriðjudaginn 7. júní 2005 kl. 10:00.

Röndin 13, 0103, Kópaskeri, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf., mánudaginn 6. júní 2005 kl. 11:00.

**Sýslumaðurinn á Húsavík,
2. júní 2005.**

# KENNARAR

## Varmárskóli auglýsir.

**Varmárskóli í Mosfellsbæ óskar að ráða kennara í eftirtaldar stöður frá og með 1. ágúst 2005.**

**Eðlisfræðikennara** í 9 – 10. bekk, sem einnig getur kennt stærðfræði. Heil staða.

**Íþróttakennara** í heila stöðu í 1.- 10. bekk.

**Kennara í 1. bekk.** Heil staða. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að takast á við þróunarstarf þar sem m.a. verður lögð áhersla á samstarf við elsta bekk leikskólans. Æskilegt að viðkomandi hafi sérstaka þekkingu og/eða reynslu af byrjendakennslu.

**Kennara í lífsleikni og dönsku á unglingastigi.**

**Stundakennara** í spænsku 6 st. á viku.

**Umsóknarfrestur er til 16. júní 2005** og er hægt að senda umsóknir á rafrænu formi. Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu okkar **varmarskoli.is** ásamt ítarlegum upplýsingum um skólastarfið.

Upplýsingar veita: Viktor A. Guðlaugsson skólastjóri og aðstoðarskólastjórarnir Þórhildur Elfarsdóttir og Helga Richter í síma 5250700.

ms

## Bílstjórar með meirapróf

**Mjólkurbú MS/MBF í Reykjavík óskar eftir að ráða 2 bílstjóra til söfnunar og flutnings mjólkur frá framleiðendum til Reykjavíkur.**

Um er að ræða framtíðarstörf hjá traustu fyrirtæki. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf og geta byrjað sem fyrst. Aðsetur bíla er í Borgarnesi.

Nánari upplýsingar veitir dreifingarstjóri í síma 569-2200.

Umsóknir skulu berast til Mjólkurbús MS/MBF í Reykjavík eigi síðar en 8. júní nk. Hægt er að senda umsóknir á netfangið ***starfsmannasvid@msmbf.is*** eða fá sent sérstakt umsóknareyðublað.

TIL LEIGU

# Til leigu

**innkeyrslubil að Hjallahrauni 4, Hafnarfirði.**

Samtals 290 fm þar af ca. 90fm milliloft, auk kaffistofu, móttöku og wc. Allt nýmálað og tilbúið til afhendingar.

**Upplýsingar í síma 898-3420.**



# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

*Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunnamannahreppi og Skeiða-og Gnúpverjahreppi.*

**Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

1 **Haukadalur í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**
Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012.
Í breytingunni felst að reiðleið sem legið hefur meðfram Biskupstungna braut verður færð norður fyrir Laugarfell upp með Laugá og suður með austurhlíðum fellsins að þjóðvegi móts við Haukadal II.

2 **Lækjarhvammur í Laugadal, Bláskógabyggð.**
Tillaga að breytingu aðalskipulags Laugardalshrepps 2000-2012.
Í breytingunni felst að merkt verði efnistökusvæði inn á aðalskipulagsupp drátt 200 metrum norðvestan við bæjarhús Lækjarhvamms.

3 **Minna-Mosfell í Grímsnesi, Grímsnes og Grafningshreppi.**
Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes-og Grafningshrepps 2002-2014. Tillagan gerir ráð fyrir því að 107ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði undir frístundabyggð, þar af eru um 85 ha norðan Biskupstungnabrautar og 22 ha fyrir sunnan. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar sunnan og vestan undir Mosfelli.

**Samkvæmt 1.mgr.25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

4 **Búrfell II í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar sem leysa skal eldra skipulag af hólmi. Svæðið er um 65 ha og er norðan við Búrfellslæk með aðkomu frá Búrfellsvegi. Gert er ráð fyrir 62 lóðum en þær eru 42 í gildandi skipulagi. Stærðir lóða eru frá 5.200 $m^2$ að 9.900 $m^2$. Hámarksstærð bústaða er 180 $m^2$ en er 100 $m^2$ í gildandi skipulagi, mænishæð 6 metrar í stað 5.

5 **Efri Brú í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Brúar. Skipulags svæðið sem er 65 ha að stærð liggur að landi Kaldárhöfða í norðri og að Úlfljótsvatni í vestri. Gert er ráð fyrir 33 frístundalóðum og eru 14 vest an vegarins. Stærðir lóða eru frá 7000$m^2$ að 20.000$m^2$ (2ha). Gert er ráð fyrir sameiginlegu bátaskýli fyrir byggðina með aðgengi að vatni.

6 **Minna-Mosfell í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar. Svæðið er 75 ha að stærð og er við rætur og í hlíðum Mosfells og hallar því til suðurs og vesturs. Gert er ráð fyrir 56 lóðum sem eru 5.700 $m^2$ að 9.600 $m^2$ að stærð.

7 **Vaðnes í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi 8 frístundalóða við Nesveg við Höskuldslæk austarlega í landi Vaðness. Skipulagssvæðið er 8 ha og er gert ráð fyrir 8 lóðum um 1 ha hver með aðkomu frá Nesvegi sem liggur niður með læknum. Tillaga að breytingu aðalskipulags á þessum stað er í kynningu.

8 **Nesjar í Grafningi, Grímsnes-og Grafningshreppi.**
Tillaga að deilskiplagi tveggja frístundalóða við við Réttartjörn við Hestvík í landi Nesja. Lóðirnar eru númer 3 og 5 við Réttartjarnarveg og eru þær 3.500 $m^2$ og 5.800 $m^2$ stórar. Lóðirnar voru afmarkaðar í þinglýsingum fyrir alllöngu síðan. Gert er ráð fyrir allt að 150 $m^2$ frístundabústöðum á hvorri lóð og allt að 25 $m^2$ aukahúsi. Aðkoma er frá vegi sem liggur suðurfyrir tjörnina og upp á ásinn.

9 **Flúðir í Hrunamannahreppi**
Tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar við sunnanverðan Högnastíg og Smiðjustíg auk svæðis ofan við Sunnuhlíð sem hefur aðkomu frá Högnastíg. Deiliskipulag frá árinu 1997 nær að hluta til svæðisins við Högnastíg og Smiðjustíg og leysir tillagan því þá hluta þess skipulags af hólmi sem svæðið nær til. Högnastígur nær samkvæmt tillögunni lengra upp í hlíðar ássins en gert hefur verið ráð fyrir í fyrra skipulagi.
Tillagan gerir ráð fyrir 17 einbýlishúsalóðum og parhúsalóðum eða 23 íbúðum. Af einbýlishúsalóðunum gera 10 ráð fyrir tveggja hæða húsum. Fyrra skipulag gerði ráð fyrir 6 raðhúsalóðum og 2 einbýlahúsalóðum á svæðinu þannig að hér er um umtalsverða aukningu að ræða.
Á svæðinu ofan við Sunnuhlíð er gert ráð fyrir 5 einbýlishúsalóðum og 1 parhúslóð sem standa við stutta botnlangagötu.

10 **Flúðir í Hrunamannahreppi**
Tillaga að deiliskipulagi tveggja einbýlishúsalóða á lóðum númer 3 og 5 við Vesturbrún. Samkvæmt tillögu að aðalskipulagi Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir íbúðabyggð á þessum stað.

**Samkvæmt 1.mgr.26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:**

11 **Helludalur í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**
Tilaga að breytingu deiliskipulags frístundabyggðar. Tillagan gerir ráð fyrir 12 nýjum lóðum á tveimur nýjum svæðum. Svæði 1(4 lóðir) er norðan Stekkjartúnsgils og svæði 2 (8 lóðir) er við veginn heim að Helludal. Stærðir lóða eru frá 4.555 $m^2$ að 6.476.

12 **Neðridalur í Biskupstungu, Bláskógabyggð.**
Tilaga að breytingu deiliskipulags frístundabyggðar.
Gert er ráð fyrir því að lóðum fjölgi um 11 ofan við núverandi svæði. Verða lóðir því 33 eftir breytingu. Stærðir lóða eru frá 6.300$m^2$ til 7.200 $m^2$.

13 **Goðatún úr landi Reykjavalla í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**
Tillaga að breytingu deiliskipulags. Tillagan gerir ráð fyrir því að frístunda lóð vestast í Víkurholti breytist í íbúðarhúslóð auk þess að hún stækkar til suðurs. Skipulagssvæðið stækkar sem þeirri stækkun nemur.
Aðalskipulagsbreyting á þessum stað hefur verið í kynningu þar sem að frístundasvæði víkur fyrir landbúnaðarsvæði á þessum stað.

14 **Úthlíð í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**
Tillaga að breytingu deiliskipulags við Vörðhólsveg.
Í breytingunni felst að aðkoma að lóðunum nr. 4 og 5 við Vörðhólsveg breytist og verður hún frá Guðjónshvammi. Þannig endi Vörð hólsvegur við lóð nr. 2-3.

15 **Úthlíð í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**
Tillaga að breytingu deiliskipulags sunnan og vestan við Mosaskyggni.
Í breytingunni felst:
- 4 nýjar lóðir, 5000 $m^2$ að stærð koma við vestan Djáknavegar á móts við lóðir 1 til 9.
- nýtt svæði kemur vestan við Djáknaveg með 19 lóðum sem standa við göturnar Mosaskyggni, Mosabrúnir og Djáknabrúnir.

Stærðir lóða eru frá 4.800 $m^2$ að 7.400 $m^2$.

16 **Hestur í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshrepppi.**
Tillaga að breytingu deiliskipulagsskilmála.
Í breytingunn felst að hámarksstærð bústaða verðu 150 $m^2$ í stað 80 $m^2$ og hámarkssærð aukahúss verður 25$m^2$ í stað 10-15$m^2$· Tillagan gerir auk þess ráð fyrir ákvæðum sem miða að því að fella hús betur að umhverfi sínu.

17 **Þrastarlundur í Grímsnesi, Grímsnes-og Grafningshrepppi.**
Tillaga að breytingu deiliskipulags þjónustusvæðis UMFÍ.
Tillagan gerir ráð fyrir staðsetningu bensínsjálfsafgreiðslu við bifreiðastæði veitingaskálans. Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir bensínafgeiðslu án þess að hún hafi verið staðsett en með þessari tillögu er það gert.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 3.júní til 1.júlí 2005. Athugasemdum við skipulagstillögurnar skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 15.júlí 2005 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests, telst vera samþykkur þeim.**

**Laugarvatni 27.maí 2005**

**Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu**

# Byggðu á besta stað!

ÍAV

## ÍAV óska eftir tilboðum í sextán einbýlishúsalóðir í einstaklega fallegu og vel staðsettu hverfi við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ






Stækkað svæði



Höfðahverfi í Mosfellsbæ er fallegt hverfi á frábærum stað.

Í Þrastarhöfða nýtur þú friðsældar sveitarinnar en jafnframt er stutt þaðan í alla þjónustu, bæði í miðbæ Mosfellsbæjar og til Reykjavíkur. Skóli og leikskóli eru í hverfinu, rétt við Þrastarhöfðann.

Hverfið býður upp á nánd við náttúruna og hvers kyns útivist, hvort sem það er golf, gönguferðir eða hestamennska sem heillar.




Tilboðum skal skila til ÍAV, Höfðabakka 9, fyrir kl. 12 þann 14. júní nk.

Allar nánari upplýsingar um lóðirnar og skilmála útboðsins er að finna á www.iav.is/gogn/index.htm.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is

# SJÓNARHORN



Þetta hamingjusama par gekk hönd í hönd um einn helgasta stað Íslands, Almannagjá á Þingvöllum. Mynd: Pjetur






## SVIPMYND



**Flúðir í Hrunamannahreppi**

**Flúðir:** Þorp í Hrunamannahreppi í Árnessýslu.

**Íbúafjöldi:** 317 um síðustu áramót.

**Upphafið:** Flúðir byggðust í kring um skólann sem tekinn var í notkun 1929.

**Nafnið:** Í upphafi var staðurinn kallaður Grafarhverfi en skólinn Flúðir og nafn skólans færðist yfir á hverfið.

**Sagan:** Á Flúðum voru ýmsir dýrgripir Landsbókasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands geymdir í heimsstyrjöldinni síðari ef ske kynni að loftárás yrði gerð á Reykjavík.

**Náttúruauðlindir:** Mikill jarðhiti er í nágrenni Flúða.

**Atvinnugreinar:** Svepparækt og grænmetisrækt er mikil enda ylur í jörðu, einnig trésmiðja, hótel, sumarhús og önnur ferðamannaþjónusta.

## Vissir þú ...

...að tré í stórborgum lifa að jafnaði í átta ár?

...að ólífutré getað lifað í allt að 1500 ár?

...að strandlengja Noregs er lengri en strandlengja Bandaríkjanna, jafnvel þótt Noregur sé 27 sinnum minni en Bandaríkin?

...að karlmenn kjósa almennt að hafa svefnherbergið hvítt en konur blátt?

...að vötnin í Finnlandi, landi hinna þúsund vatna, eru 187.888 talsins og eyjar landsins rétt aðeins færri eða 179.584?

...að kinkirðu kolli í Albaníu þá ertu að segja nei, en hristirðu höfuðið þá ertu að segja já?

...að í Japan eru um 200 eldfjöll og landið státar af 10% virkra eldfjalla í veröldinni allri?




BRÉF TIL BLAÐSINS

# *Aðalsafnaðarfundur í Garðasókn*

Í 52. grein laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir orðrétt:

„Aðalsafnaðarfund skal að jafnaði halda fyrir maílok ár hvert o.s.frv.“.

Nú er kominn júní og ekki hefur, svo mér sé kunnugt um, verið boðað til aðalsafnaðarfundar og vaknar því sú spurning hvað valdi, við hvað eru sitjandi sóknarnefndarmenn hræddir?

Þætti mér vænt um að fá svör frá Biskupi Íslands og sóknarnefnd Garðasóknar um hvenær megi búast við fundi þessum.

Formanni sóknarnefndar hefur borist áskorun undirrituð af fjölda sóknarbarna sem óska eftir því að aðalsafnaðarfundurinn verði haldinn sem fyrst. Engin svör og engin viðbrögð hafa fengist við áskorun þessari, þar af leiðandi er þetta eina leiðin sem virðist fær en það er að koma fram með þessa einföldu spurningu á opinberum vettvangi.

Ég vonast til að báðir þessir aðilar sem spurningunni er beint til bregðist skjótt við og veiti afdráttarlaust svar, þar sem brýna nauðsyn ber til að haldinn verði aðalsafnaðarfundur í Garðasókn.

Sé þessi staða, þ.e.a.s. að fresta fundi þessum, einhliða ákvörðun sitjandi safnaðarstjórnar er það einlæg ósk að Biskup Íslands beiti sér fyrir því að fundur þessi fari fram hið fyrsta, og verði boðaður helst í þessari eða næstu viku.

*Þórunn Lúðvíksdóttir.*

AF NETINU

**Fyrstu merki Kárahnjúkavandans**

Í dag mátti lesa a.m.k. tvær fréttir í blöðunum um Kárahnjúkavandann. Hvorug fréttin bar reyndar þá yfirskrift en hann var þó aðalumfjöllunarefni þeirra. Sú fyrri er auðvitað sú skelfilega frétt að núna um mánaðamótin var 140 starfsmönnum sagt upp hjá fjórum fyrirtækjum á landsbyggðinni; á Bíldudal, Akureyri, Reyðarfirði og Stöðvarfirði. [...] Þetta eru bara með fyrstu merkjum um Kárahnjúkavandann. Þetta sýnir hins vegar að einsýn atvinnustefna stjórnvalda er þegar farin að hafa alvarlegar afleiðingar. Fyrirætlan þeirra um að byggja risavaxið álver og virkjun til að bjarga atvinnuástandinu á landsbyggðinni er þegar farin að bitna á öðrum atvinnufyrirtækjum sem leggja upp laupana.

**Katrín Jakobsdóttir – murinn.is**

**Ráðamenn ekki masókistar**

En þrátt fyrir að [Mannréttindastofnun] sé að gera góða hluti er ekki þar með sagt að hún eigi að fá styrki frá ríkinu. Mannréttindi eru aðallega sett til að vernda einstaklinga gegn ofríki stjórnvalda. Ríkisrekin mannréttindi eru því þversögn í sjálfu sér enda verulega óeðlilegt að aðili greiði fyrir baráttuna gegn sjálfum sér. Ástæðurnar fyrir þessu eru einfaldar. Stjórnmála- og embættismenn eru ekki masókistar. Þeir fá enga sérstaka ánægju út úr því að borga einhverju fólki út í bæ fyrir að ráðast á sig og gagnrýna. Af því leiðir að líkurnar á því að einhver hörundsár stjórnmála- eða embættismaður misnoti stöðu sína til að hafa áhrif á gagnrýnina eru það miklar að slíkt fyrirkomulag er ekki trúverðugt.

**Andri Óttarsson – deiglan.com**







# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.061 **+0,48%**

**Fjöldi viðskipta:** 211
**Velta:** 1.001 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | 1,64% | **Og fjarskipti** | -0,50% |
| **Íslandsbanki** | 0,75% | **SÍF** | -0,39% |
| **Actavis** | 0,74% | **Bakkavör** | -0,28% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,60 +0,74% ... Atorka 5,97 +0,51% ... Bakkavör 35,50 -0,28% ... Burðarás 14,65 +0,34% ... FL Group 14,45 +0,35% ... Flaga 4,95 +1,64% ... Íslandsbanki 13,50 +0,75% ... KB banki 531,00 +0,57% ... Kögun 60,70 -0,16% ... Landsbankinn 16,50 +0,61% ... Marel 56,80 +0,53% ... Og fjarskipti 4,02 -0,50% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,80 – ... Össur 77,00 +0,65%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Peningaskápurinn...

### Kynblindur markaður



Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, skrifar leiðara í nýjasta fréttabréfi samtakanna þar sem hann ræðir um launamun kynjanna. Ari gagnrýnir málflutning þeirra sem hæst hafa um launamun kynjanna. „Það sýnist há umræðum um jafnfréttismál hér á landi að margt áhugafólk um launajöfnuð kynjanna hefur tilhneigingu til að hafna tilvist markaðslögmála við launamyndun og virðist halda að einhverjir sem „stjórni atvinnulífinu" geti bara ákveðið hvernig hlutirnir eigi að vera," segir Ari og telur að slíkur málflutningur jafngildi höfnun á markaðslögmálunum. Hann segir enn fremur að það sé engum í hag að viðhafa ósanngjarna mismunun í launamálum því sá sem leyfi sér slíkt í atvinnurekstri tapi fyrir þeim sem lætur málefnaleg sjónarmið ráða för. Markaðurinn sé því kynblindur.

### Öryggi ofarlega í huga

Í leiðaranum segir Ari einnig frá könnun sem gerð var í Danmörku fyrir skemmstu þar sem kannað var viðhorf fólks til vinnu og launa. Þeir sem svöruðu voru flokkaðir í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum fóru þeir sem meta starfsöryggi og gott umhverfi á vinnustað mest. Þeir sem falla í þennan flokk eru kallaðar „öryggistýpur". Þeir sem leggja mesta áherslu á að fá stöðuhækkanir eru kallaðir „framatýpur" og þeir sem leggja mest upp úr því að fá góð laun og mikil hlunnindi eru kallaðir „launatýpur". Könnunin leiddi í ljós að um helmingur kvenna flokkaðist í fyrsta hópinn, um þrjátíu prósent voru framatýpur og um tuttugu prósent voru launatýpur. Karlmenn skiptust hins vegar jafnt á alla flokkana, sem bendir til þess að þeir leggi mun meira upp úr launum heldur konurnar.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Lyf og heilsa** hefur keypt verslun **Össurar** við Suðurlandsbraut og tekið við göngugreiningarstarfseminni sem þar var til húsa.

**Sigurjón Kristjánsson,** aðstoðarforstjóri **Medcare,** hefur sagt starfi sínu lausu. Hann ætlar að ráðast í stofnun nýs frumkvöðlafyrirtækis á sviði svefnrannsókna. Hann lætur af störfum 31. ágúst.

**FTSE**-vísitalan í Lundúnum lækkaði um 0,12 prósent í gær. Í Þýskalandi hækkaði **Dax**-vísitalan um 0,11 prósent. Japönsk hlutabréf lækkuðu í gær og féll **Nikkei**-vísitalan um 0,44 prósent.

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað mikið undanfarna daga og nú í kringum 54 Bandaríkjadali á tunnu.

# Hampiðjan kaupir í HB Granda



**HAMPIÐJAN EYKUR HLUT SINN** Hampiðjan vill eiga um tíu prósent í HB Granda. Náin eignartengsl eru milli félaganna.

Hampiðjan keypti á þriðjudaginn sex milljónir hluta í HB Granda fyrir um fimmtíu milljónir króna. Fyrirtækið á um tíu prósent í HB Granda og er þriðji stærsti hluthafinn á eftir Vogun og KB banka. „Við höfum lengi verið hluthafi í Granda og viljum halda okkur í kringum tíu prósenta eignarhlut," segir Bragi Hannesson, stjórnarformaður Hampiðjunnar. HB Grandi sameinaðist Tanga um síðustu áramót og við það minnkaði hlutur Hampiðjunnar í sameinuðu félagi. Hampiðjan færir eignarhlutinn með hlutdeildaraðferð í bókum sínum.

Stærsti hluthafi HB Granda og Hampiðjunnar er Vogun en í stjórn hennar sitja Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður HB Granda sem á einnig sæti í Hampiðjunni, og Kristján Loftsson, stjórnarmaður í báðum félögum.

Félög tengd þeim hafa verið að kaupa hlutabréf í HB Granda á liðnu ári. Hampiðjan hefur keypt um 1,4 prósent á tæpu ári, Vogun um sex prósent og Ker, sem er að fimm prósentum í eigu Vogunar, um 1,3 prósent. - eþa




## Löggiltur verðbréfamiðlari

- tveggja anna nám til prófs í verðbréfaviðskiptum

Símennt Háskólans í Reykjavík býður tveggja anna nám til prófs í verðbréfaviðskiptum. Um er ræða réttindanám sem skiptist í þrjá hluta skv. reglugerð um próf í verðbréfaviðskiptum nr. 633/2003.

**I. hluti - Lögfræði (60 klst.)**
Grunnatriði lögfræðinnar og réttarreglur á þeim sviðum sem varða störf á fjármagnsmarkaði.
Verð kr. 68.000

**II. hluti - Viðskiptafræði (60 klst.)**
Grundvallarþættir fjármálafræðinnar, vaxtaútreikningar, tímavirði fjármagns, fjármagnskostnaður fyrirtækja, aðferðir við mat á fjárfestingum og greining ársreikninga.
Verð kr. 68.000

**III. hluti - Fjármagnsmarkaður (80 klst.)**
Lög og reglur á fjármagnsmarkaði, tegundir verðbréfa, samval verðbréfa og verðbréfasöfn, fjárvarsla, ráðgjöf o.fl.
Verð kr. 89.000

Hverjum hluta lýkur með prófum en prófgjöld eru ekki innifalin í verði námskeiðs. Verð pr. próf: 9.700 kr.

Námið hefst 14. september nk. og lýkur í apríl 2006. **Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2005.** Fjöldi þátttakenda er takmarkaður.

**Frekari upplýsingar veitir:**
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

www.ru.is/simennt


# Mest hækkun á FL Group og Kögun síðan í október

**Frá 8. október 2004 hafa félögin í úrvalsvísitölunni þróast með æði misjöfnum hætti. Miklar breytingar á FL Group, Kögun og Bakkavör skýra þær hækkanir sem orðið hafa á bréfum félaganna að mati Bjarka Logasonar hjá Landsbankanum.**




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**NÝJU FÉLÖGIN TOGA VÍSITÖLUNA UPP** Þau félög sem ekki voru í Úrvalsvísitölunni í byrjun október hafa hækkað mest allra frá þeim tíma. Hlutabréf hafa hækkað mikið í verði á árinu en sé tímabilið frá upphafi október skoðað hefur ávöxtunin verið slök.

Föstudagurinn áttundi október verður lengi í minnum hafður meðal íslenskra fjárfesta. Þá fór úrvalsvísitalan í 3.947 stig, sem var hæsta gildi frá upphafi, en á mánudeginum eftir missti hún flugið og lækkaði um nítján prósent á fáeinum vikum. Í byrjun apríl náði úrvalsvísitalan að fara yfir 3.947 í fyrsta skipti síðan í október og stendur nú í rúmum fjögur þúsund stigum. Vísitalan í heild hefur því hækkað um tæp 2,9 prósent frá 8. október.

Tvö úrvalsvísitölufélög, FL Group og Kögun, hafa náð áberandi bestri ávöxtun frá 8. október, en bæði skila þau yfir 40 prósent ávöxtun. Þá hefur Bakkavör hækkað um fimmtung. Actavis, Flaga og Össur hafa hins vegar lækkað mest, um fjórðung. Svo vill einmitt til að Actavis og Össur náðu hæsta gildi sínu frá upphafi þennan afdrifaríka föstudag.

Bjarki Logason, hjá greiningardeild Landsbankans, telur að hækkun FL Group, Kögunar og Bakkavarar sé komin til vegna mikilla breytinga á félögunum. FL Group hefur breyst gríðarlega eftir að fyrirtækið tók upp fjárfestingarstarfsemi og hóf að kaupa hlutabréf og flugvélar.

Rekstur Kögunar breyttist talsvert þegar félagið eignaðist Opin Kerfi. „Kögun hafði mikla möguleika til að stækka sem þeir hafa auðvitað gert á undanförnu ári." Bakkavör hefur einnig tekið stakkaskiptum. Félagið hefur eignast Geest að fullu en Bjarki álítur að framlegðarmarkmið, sem stjórnendurnir settu fram þegar framtíðarsýn félagsins var kynnt, hafi haft áhrif á hlutabréfaverðið undanfarna daga.

„Uppgjör Actavis hefur ekki staðið undir væntingum markaðarins síðustu tvo ársfjórðunga," segir hann. „Fjárfestar hafa einnig verið að bíða eftir fréttum af skráningu á breska markaðinn en þau áform hafa verið sett í salt í bili." Sú lækkun sem hefur orðið á bréfum félagsins undanfarið er athyglisverð í ljósi þess að það er að hefja útrás á Bandaríkjamarkað, sem er stærsti lyfjamarkaður í heimi.

„Eftir mjög gott ár í rekstri Össurar á síðasta ári stóð uppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung þessa árs ekki undir væntingum," segir Bjarki að lokum.

**eggert@frettabladid.is**

**VERÐÞRÓUN ÚRVALSVÍSITÖLUFÉLAGA FRÁ 8. OKTÓBER – 2. JÚNÍ**

| | |
|---|---|
| Actavis | -24,4% |
| Atorka | -0,5% |
| Bakkavör | 22,0% |
| Burðarás | -7,3% |
| FL Group | 47,4% |
| FLAGA | -23,3% |
| Íslandsbanki | 14,9% |
| KB banki | 5,8% |
| Landsbankinn | 5,5% |
| Kögun | 41,1% |
| Marel | 2,5% |
| Og fjarskipti | 4,7% |
| Samherji | -10,4% |
| Straumur | 14,6% |
| Össur | -25,6% |

# Spár Íslandsbanka oftast næst hagnaði

**Vegna mistaka við vinnslu fréttar í gær birtist nú leiðréttur samanburður á hagnaði og spám greiningardeilda bankanna.**

Vegna mistaka við vinnslu fréttar í gær var því haldið fram að spár KB banka hefðu oftast verið lengst frá hagnaði fyrirtækja í Úrvalsvísitölunni, það rétta er að Landsbankinn var oftast lengst frá hagnaði.

Í fimm tilvikum var Landsbankinn lengst frá hagnaði og í fjórum tilvikum voru Íslandsbanki og KB banki lengst frá.

Ef skoðað er hvaða banki kemst oftast næst hagnaði í spám sínum stendur Íslandsbanki best að vígi, í sjö tilfellum. KB banki kemst næst hagnaði fjórum sinnum og Landsbankinn tvisvar sinnum.

Rétta taflan er birt núna.

**dogg@frettabladid.is**

**HAGNAÐUR OG SPÁ GREININGARDEILDA BANKANNA**

| | Hagnaður* | Spá Íslandsb. | Spá Landsb. | Spá KB banka |
|---|---|---|---|---|
| Kaupþing Bank | 11.439 | 11.270 | 11.300 | – |
| Landsbanki Íslands | 6.045 | 5.296 | – | 5.070 |
| Burðarás | 4.619 | 5.384 | 4.820 | 4.297 |
| Straumur Fjárfestingarbanki | 4.577 | 3.132 | 5.265 | 4.460 |
| Íslandsbanki | 3.038 | – | 4.385 | 3.470 |
| Samherji | 676 | 438 | | 675 |
| Og fjarskipti | 199 | 223 | 145 | 34 |
| Kögun | 105 | 145 | 255 | 155 |
| FL Group | 25 | -11 | -226 | -341 |
| Actavis Group (í milljónum evra) | 11,1 | 15,2 | 16,9 | 13,8 |
| Bakkavör Group (í milljónum punda) | 4,2 | 4,5 | 3,5 | 3,0 |
| Össur (í milljónum dollara) | 3,2 | 3,6 | 3,8 | 3,8 |
| Marel (í milljónum evra) | 1,8 | 1,8 | 2,0 | 1,9 |

*Í milljónum króna nema annað sé tekið fram


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
LAMISIL®
TERBINAFINE
...einu sinni á dag í eina viku drepur fótsveppinn
Morgunblaðið · 1 apríl
Rannsókn sýnir að fótsveppir eru miklu algengari í karlaklefum sundlauga
Stærri fætur karlmanna gætu haft áhrif
Um 65% sundlaugargesta voru karlar og 26% þeirra voru smituð
Eftir Rúnar Pálmason
Klæjar þig í tærnar?
Gætu það verið fótsveppir?
Fæst án lyfseðils
Lyf & heilsa
10% afsláttur
til 15. apríl
LAMISIL GEL
TERBINAFIN.
LAMISIL
TERBINAFIN. HYDROCHLORID
LAMISIL 1% Creme
TERBINAFIN. HYDROCHLORID
Lyf & heilsa
ARNARSON.TK · LAM-003-010405
Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en Lamisil er borið á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þekji allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu ("lifrarbrúnir blettir"). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.



**FRANZ KAFKA (1883-1924)**
lést þennan dag.

*„Hver uppreisn gufar upp og skilur eftir sig nýtt skrifræði.“*

*- Franz Kafka rithöfundur var fæddur og uppalinn í Prag. Hann skrifaði öll sín verk á þýsku.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Slæmt flugslys á Orly*

Flugvél af gerð Boeing 707 frá flugfélaginu Air France fórst við flugtak á flugvellinum Orly í París þennan dag árð 1962. 130 manns voru um borð og létust allir nema tvær flugfreyjur sem á undraverðan hátt sluppu lítið meiddar.

Flest fórnarlömbin voru bandarísk og þar á meðal voru 121 farþegi félagar í listasambandi Atlantaborgar sem voru á leið heim eftir að hafa skoðað helstu listafjársjóði Evrópu.

Sjónarvottar sögðu að þeim sýndist sem vélin hefði ekki getað komist í loftið. Flugstjórinn reyndi að hætta við flugtak en þá rakst hægri vængur vélarinnar í jörðina þannig að hún endasentist inn í garða og á mannlaust hús. Flugvélin sprakk í loft upp um 50 metra frá enda flugbrautarinnar. Ógurlegur hiti myndaðist í brakinu sem kom í veg fyrir björgunaraðgerðir og einn og hálfur tími leið áður en slökkviliðsmenn gátu komist að þeim látnu.

Við slysið brotnaði stélið af vélinni sem varð þeim tveim flugfreyjum til lífs er þar sátu.

Vélin hafði verið á leið til Atlanta og var öll borgin í uppnámi enda var þetta versta slys fram að þeim tíma þar sem ein flugvél kom við sögu. Í minningu hinna látnu var byggt listasafn.

Síðar kom í ljós að bilunina var hægt að rekja til tæknigalla en þegar flugstjórinn áttaði sig á því var það um seinan.



**3. JÚNÍ 1962** Vélin var af gerðinni Boeing 707.

## MERKISATBURÐIR

- **1844** Síðustu tveir geirfuglarnir í heiminum eru drepnir á syllu við Eldey.
- **1932** Ríkisstjórn Ásgeirs Ásgeirssonar tekur við völdum.
- **1937** Játvarður, fyrrverandi konungur Breta, giftist hinni bandarísku og fráskildu Wallis Simpson.
- **1951** Séra Bjarni Jónsson kveður söfnuð Dómkirkjunnar í Reykjavík.
- **1967** Aretha Franklin fer í fyrsta sinn á topp vinsældalistans í Bandaríkjunum með lagi sínu Respect.
- **1989** Jóhannes Páll páfi II kemur til Íslands. Þetta var fyrsta heimsókn trúarleiðtoga kaþólskra manna til landsins.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

**TÍMAMÓT:** GUNNAR I. BIRGISSON TEKUR VIÐ STARFI BÆJARSTJÓRA Í KÓPAVOGI

# Verður sífellt betra að búa í Kópavogi

Það er góð tilfinning að vera bæjarstjóri Kópavogs að mati Gunnars I. Birgissonar sem tók við lyklavöldum af Hansínu Ástu Björgvinsdóttur í vikunni. Má segja að þau hafi skipt um sæti en Gunnar hefur lengi verið formaður bæjarráðs sem Hansína tekur nú við. Helsta muninn milli þessara tveggja starfa segir Gunnar liggja í því að formennska í bæjarráð sé að mestu unnin í aukavinnu og felist meira í pólitískri vinnu. Bæjarstjórastaðan sé hins vegar fullt starf frá morgni til kvölds. „Ég er pólitískur bæjarstjóri en jafnframt bæjarstjóri allra Kópavogsbúa,“ segir Gunnar, sem mun sakna Alþingis að vissu marki þegar hann lætur af þingmennsku í haust.

Hann segir þó mjög jákvætt að ákvarðanatökur í Kópavogi gangi mun hraðar fyrir sig. Ekki sé sami seinagangur og á Alþingi þar sem allt þurfi að fara í einn grautarpott. „Fyrir kappa eins og mig sem vill að hlutirnir gangi hratt fyrir sig getur það reynt á þolinmæðina,“ segir Gunnar hlæjandi.

Gunnari þykir vænt um Kópavogsbæ. Hann flutti í bæinn árið 1983 og hafði áður búið í Mýrunum í Reykjavík. Hann fékk ekki húsnæði þar þegar hann var að leita og var bent á hús í Kópavogi. Þegar þangað var komið var ekki aftur snúið.

„Kópavogur er skemmtilegt samfélag. Það er ákveðinn drifkraftur sem einkennir það. Miklar framkvæmdir og góður tónn og andi,“ segir Gunnar sem ætlar að halda áfram á svipaðri braut og verið hefur. Spurður hvort hann fái að ráða meira eða minna eftir þessi umskipti hlær hann við og segir að það verði að koma í ljós.

Gunnar sér ekki fram á mikið frí í sumar. Hann segist ekki vera mikill útilegumaður, hins vegar hafi hann gaman af því að fara í sumarbústað sinn í Grímsnesinu og fara í heimsóknir, flakka og skoða landið.

En er alltaf jafn gott að búa í Kópavogi? „Já, og batnar með hverjum deginum,“ segir hinn nýi bæjarstjóri. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**GUNNAR I. BIRGISSON** Kampakátur á nýrri skrifstofu sinni hjá Kópavogsbæ.



†

*Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Steinunnar Þ. O. Nielsen**

**Sigríður C. A. Nielsen,**
**Margrét St. Nielsen, Sveinn Sveinsson**



†

*Ástkær faðir okkar, afi, bróðir, mágur, frændi og vinur,*

**Gunnar Gunnarsson**

Miklubraut 20, Reykjavík,

lést laugardaginn 28. maí.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 7. júní kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en bent er á minningarkort Samhjálpar, Hverfisgötu 42, Reykjavík.

**Guðrún Ósk Gunnarsdóttir og fjölskylda í Ástralíu,**
**Linda Björk Gunnarsdóttir og fjölskylda í Ástralíu,**
**Jóhanna Gunnarsdóttir og fjölskylda í Noregi,**
**Ólafur Gunnarsson og fjölskylda, Hjallavegi 8, Reykjavík,**
**Karl Gunnarsson og fjölskylda, Langagerði 9, Reykjavík,**
**Tryggvi Gunnarsson og fjölskylda, Langagerði 9, Reykjavík**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinbjörn Sigurðsson**

byggingameistari, Miðleiti 7,

sem lést föstudaginn 27. maí, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni mánudaginn 6. júní kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Helga Kristinsdóttir**
**Kristinn Sveinbjörnsson — Valgerður Bjarnadóttir**
**Sigurður Sveinbjörnsson — Dagný Jónasdóttir**
**Árni Sveinbjörnsson — Áslaug Sigurðardóttir**
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson — Auður Jónsdóttir**
**Anna María Sveinbjörnsdóttir — Egill Ingibergsson**
**barnabörn, barnabarnabörn.**

## JARÐARFARIR

- 13.00 **Björn Aðils Kristjánsson**, múrarameistari, Bræðratungu 19, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju.
- 13.00 **Ragnar Guðmundsson** verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.
- 13.00 **Jochum Magnússon**, kennari, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.
- 13.00 **Kristján Þorleifsson**, Hrauntungu 20, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.
- 13.30 **Margrét H. Randversdóttir**, Lindarsíðu 3, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.
- 14.00 **Leifur Einarsson**, frá Geithellum, verður jarðsunginn frá Hofskirkju í Álftafirði.
- 14.00 **Sesselja Ólafsdóttir**, Kirkjuvegi 6, Hvammstanga, verður jarðsungin frá Hvammstangakirkju.
- 15.00 **Oddný Ingimarsdóttir**, fyrrverandi bóksali, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.
- 15.00 **Stefán Haukur Einarsson**, Rekagranda 5, verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu.
- 15.00 **Ragna Ágústsdóttir**, Hátúni 4, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

## ANDLÁT

**Gunnar Gunnarsson**, Miklubraut 20, Reykjavík, lést laugardaginn 28. maí.

**Jónína Benediktsdóttir**, Klapparstíg 12, Reykjavík, lést sunnudaginn 29. maí.

**Guðmundur Bergsteinn** Jóhannsson, Birkigrund 2, Selfossi, lést sunnudaginn 29. maí.

## AFMÆLI

**Indriði Úlfsson** rithöfundur er 73 ára.



**Sverrir Þóroddsson**, ökuþór og flugmaður, er 61 árs í dag.



**Guðbjörn Guðbjörnsson** óperusöngvari er 43 ára.



**Stefán Máni Sigþórsson** rithöfundur er 35 ára.



**Ásgeir Gunnar Ásgeirsson** fótboltakappi er 25 ára.


60 ra

S mundur Kristj nsson

Álfhólsvegi 43a, Kópavogi, verður 60 ára á morgun 4. júní.
Tek á móti á gestum á Hótel Loftleiðum laugardaginn
4. júní milli 15-18.







**Verið örugg í sólinni**
og fáið fallegan lit sem endist lengur. Glæsilegt úrval sólkrema og eftirsólarkrema fyrir andlit og líkama.

**Girnileg sumartilboð:**
Flott taska eða handklæði fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir 5.000 kr. eða meira, þar af 2 sólkrem. Sjá mynd. Fjöldi annarra sumarlegra tilboða í boði.

Útsölustaðir LANCÔME um land allt



## Heyrst hefur ...

... að Snæfellingar séu æfir af reiði eftir að nágrannar þeirra í Skallagrími „stálu" Makedónanum Dimitar Karadjovski fyrir framan nefið á þeim og leiddist það víst ekki mikið. Þetta verður ekki til þess að minnka ríginn og andrúmsloftið sem er á milli þessara nágrannabæja.

# sport

sport@frettabladid.is

KÖRFUKNATTLEIKSMAÐURINN JAKOB ÖRN SIGURÐARSON: Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS

# *Með tvöfalt hærri laun en Woudstra*



Jakob Örn Sigurðarson, sem hefur gert það gott með háskólaliðinu sínu Birmingham Southern undanfarin ár, hefur samið við þýska úrvalsdeildarliðið BayerGiants Leverkusen um að leika með því næsta vetur.

Að sögn umboðsmanns Jakobs, sem er faðir hans Sigurður Hjörleifsson, voru mörg lið í Evrópu á höttunum eftir stráknum. Lið frá Hollandi, Belgíu og Spáni höfðu sett sig í samband við Jakob og lýst yfir áhuga á að fá hann í sínar raðir.

Jakob er fyrsti leikmaðurinn sem liðið fær til sín eftir miklar breytingar sem gerðar voru í kjölfar óviðunandi gengis á síðasta tímabili og er liðið stórhuga fyrir komandi tímabil, enda er Leverkusen lið með mikla sigurhefð.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Sigurði í gær var hann mjög ánægður með samninginn sem hann nældi í fyrir Jakob og sagði að samningur hans væri mjög ásættanlegur og nokkuð hár miðað við fyrsta atvinnumannasamning.

„Jakob fékk mjög góðan samning og er til að mynda með um helmingi hærri laun en Bandaríkjamaðurinn Brandon Woudstra sem verður í þessu liði með honum," sagði Sigurður, en Woudstra þessi lék sem kunnugt er með Njarðvíkingum tímabilið 2003-04.

„Margir furðuðu sig á því af hverju Leverkusen fékk sér ekki bara Bandaríkjamann, en þeir eru tiltölulega ódýrir á miðað við þá evrópsku, en þeir vildu aðeins fá Jakob og engan annan," sagði hinn seigi samningamaður Sigurður að lokum.

### > Við furðum okkur á því ...

... að heimasíða íþrótta- og Ólympíusambands Íslands skuli liggja niðri svo dögum skiptir þá loksins að einhver hafi áhuga á að nýta sér hana. Áhugasamir sem ætluðu að nota hana til að fá fréttir frá Andorra hafa gripið í tómt enda flestir starfsmenn ÍSÍ í Andorra og geta væntanlega lítið gert þaðan.



### > Við hrósum ...

.... KSÍ fyrir að lækka miðaverð á landsleikina gegn Ungverjum og Möltu. Það var kominn tími til að miðaverðið sé í samræmi við það sem í boði er en KSÍ skaut sig eftirminnilega í fótinn fyrir landsleikinn gegn Búlgaríu. Batnandi mönnum er best að lifa.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

31 1 2 **3** 4 5 6

**Föstudagur**

### LEIKIR

- 18.00 **Ísland** og **Ungverjaland** mætast á Víkingsvelli í undankeppni HM U-21 árs.

### SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn.
- 16.50 **Smáþjóðaleikarnir** á RÚV. (3:5). Endursýndur þáttur um þriðja dag Smáþjóðaleikanna í Andorra.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 19.00 **Gillette sportpakkinn** á Sýn. Flottur íþróttaþáttur sem líf er í.
- 19.30 **Motorworld** á Sýn. Hestöfl, ofurhugar og fallegar konur í alvöru þætti fyrir akstursáhugamenn.
- 20.00 **World Supercross** á Sýn.
- 21.00 **HM í póker** á Sýn. HM í Las Vegas. Hver er með besta „pókerfeisið"?
- 21.45 **Smáþjóðaleikarnir** á RÚV. (4:5). Samantekt frá atburðum dagsins í Andorra.
- 23.15 **NBA úrslitakeppni** á Sýn. Endursýndur leikur.

# Við erum sterkari en Ungverjar

**Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari segir að Ísland eigi að leggja Ungverjaland að velli á góðum degi. Hann segir að í versta falli þurfi liðið að fá fjögur stig úr næstu tveimur leikjum en krafan er sex stig.**

**FÓTBOLTI** „Það er alveg ljóst að við þurfum að halda hreinu og sýna karakter í þessum leik. Hlutverk okkar er að ná upp góðri baráttu í liðið, þetta er leikur sem við þurfum að vinna." sagði Ásgeir Sigurvinsson eftir æfingu landsliðsins á Laugardalsvelli í gær. „Okkar besti leikur í riðlakeppninni til þessa var fyrri leikurinn gegn Ungverjalandi þar sem við töpuðum niður góðri stöðu.

Þeir hafa gott lið en mitt mat er að þeir séu veikari en við núna, ég sá þá keppa á móti Frakklandi þar sem þeir áttu slakan fyrri hálfleik. Í hálfleik gerðu þeir fimm breytingar og tóku til að mynda sína reyndustu menn af velli, eins og Zoltan Gera og Imre Szabi. Komu síðan sterkir inn í seinni hálfleik og þar sást að þeir hafa ýmsa leikmenn sem má ekki vanmeta. Þeir hafa ágætis lið en á góðum degi eigum við að vinna þá." sagði Ásgeir í gær. Fyrri leikur þjóðanna í Ungverjalandi endaði með 3-2 sigri heimamanna.

„Krafan er kannski sex stig úr næstu tveimur leikjum. Aðalatriðið fyrir mig er að liðið sýni góða baráttu og eigi góðan leik, að þessir ungu strákar nái að sýna sitt rétta andlit. Eiður Smári er kominn inn en Hermann getur ekki verið með, sem veikir vörnina verulega. Ég hef sagt það að í versta falli þurfum við fjögur stig úr þessum tveimur leikjum." sagði Ásgeir, en aðspurður sagðist hann ekki ætla að hætta þó þessi markmið myndu ekki nást. „Við erum samningsbundnir KSÍ út október þannig að við erum ekkert að hugsa út í það að hætta."

Menn hafa verið að velta því fyrir sér hvort Eiður verði einn í fremstu víglínu í leiknum á laugardag eða jafnvel nær miðsvæðinu. „Eiður hefur verið að spila þarna fyrir aftan sóknarmennina með sínu félagsliði og gert það vel. Við prufuðum hann í þessa stöðu í Englandi en það gekk ekki nægilega vel, það er samt aldrei að vita nema við höfum hann þarna aðeins fyrir aftan fremstu menn." sagði Ásgeir.

Þrír leikmenn sem leika hér heima eru í íslenska hópnum, þar á meðal Helgi Valur Daníelsson hjá Fylki. „Hann er að stimpla sig inn, mjög fjölhæfur strákur sem við höfum fylgst vel með í gegnum tíðina og við getum notað hann bæði í bakverðinum og á miðjunni," sagði Ásgeir Sigurvinsson, landsliðsþjálfari Íslands í knattspyrnu.

**elvar@frettabladid.is**



**LAGT Á RÁÐIN** Þjálfararnir Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson leggja hér á ráðin á æfingu landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.






Aðeins þrír leikmenn í íslenska landsliðinu leika í Landsbankadeildinni:

# Við föllum vel inn í þennan hóp

**FÓTBOLTI** Þeir Tryggvi Guðmundsson úr FH, Kristján Finnbogason úr KR og Helgi Valur Daníelsson úr Fylki eru nokkuð sér á báti í íslenska landsliðinu því þeir eru einu leikmennirnir í hópnum sem leika með knattspyrnuliðum hérlendis. Fréttablaðið spurði þá félaga hvernig tilfinning það væri að vera einu heimamennirnir í hópnum.

„Venjulega eru þetta ekki nema einn eða tveir menn í hópnum sem spila hérna heima og það er bara gaman. Það er mjög góður andi í hópnum og við stefnum á að vinna Ungverjana hérna á laugardaginn. Við sem spilum hérna heima föllum bara vel inn í þennan hóp og erum aðallega spurðir frétta úr íslenska boltanum," sagði Kristján Finnbogason markvörður. Blaðamaður sneri sér því næst að Tryggva Guðmundssyni, sem var að ljúka við annað viðtal á Laugardalsvellinum og þá mátti heyra einn félaga hans kalla hæðnislega úr bakgrunninum „hrokann, hrokann", en svo virtist sem Tryggvi heyrði það ekki.

„Tilfinningin er góð og þótt hópurinn sé nokkuð breyttur síðan ég var hérna síðast er kjarninn sá sami og það er alltaf gaman að hitta strákana aftur," sagði Tryggvi. „Það er alltaf viðurkenning að vera valinn í landsliðið því það gefur til kynna að maður hafi verið að standa sig vel í því sem maður er að gera. Svo verður bara að koma í ljós hvort ég fæ að spila eða ekki, en ég get lofað því að ég legg mig fram ef ég fæ tækifæri," sagði Tryggvi.

En fá þeir engar glósur frá „stjörnunum" sem leika með stærri liðum erlendis?

„Nei, það eru engir kóngastælar í þeim, enda þýðir það ekkert. Við erum að standa okkur hérna heima alveg eins og þeir, þannig að það er ekkert hægt að stríða okkur," sagði Tryggvi léttur í bragði og bætti við að hann myndi gera sitt besta til að komast í tug landsliðsmarka ef hann fengi tækifæri, en hann hefur skorað níu mörk fyrir landsliðið.

„Það er gaman til þess að vita að þeir Ásgeir og Logi eru að fylgjast vel með því sem er að gerast hérna heima fyrst þeir velja okkur þrjá í hópinn," sagði Helgi Valur. „Að mörgu leyti er þetta bara eins og að koma aftur á æfingu með yngra landsliðinu, því þetta eru margir sömu strákar og maður hefur verið að spila með í gegnum árin".

En hvernig er að vera að spila með stóru löxunum? „Maður var nú kannski dálítið smeykur svona fyrst þegar maður kom inn í þetta, en um leið og maður byrjaði að spila var þetta fljótt að fara." **- bb**



**HRESSIR Í DALNUM** „Íslendingarnir" í landsliðshópnum - Helgi Valur Daníelsson, Tryggvi Guðmundsson og Kristján Finnbogason - voru léttir á því í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



BOLTAVAKTIN Ný þjónusta fyrir boltafíkla.

Frímiðar á landsleikina:

## Vísir býður á völlinn

**FÓTBOLTI** Í tilefni af opnun Boltavaktarinnar á vísi.is býður Vísir notendum sínum fjóra tvennumiða á landsleiki Íslands við Ungverjaland og Möltu.

Það eina sem þarf að gera er að fara inn á visi.is, svara laufléttri spurningu úr Boltavaktinni og þá kemst fólk í pott sem síðar verður dregið úr. Fyrir þá sem ekki komast á völlinn er bent á að hægt verður að fylgjast með leiknum í beinni á boltavakt Vísis.

ÍBV fær liðsstyrk úr Firðinum:

## Heimir Snær til Eyja

**FÓTBOLTI** Botnlið ÍBV í Landsbankadeildinni hefur bætt við sig leikmanni en Heimir Snær Guðmundsson fer til liðsins á lánssamningi frá FH og verður út þetta sumar. Heimir verður 21 árs um miðjan mánuðinn en hann var fyrirliði 2. flokks FH sem fór taplaus í gegnum Íslandsmótið 2003.

Heimir er miðjumaður en einnig er vel hægt að nota hann í hægri bakverði. Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, var ekki í vafa um að þetta væri liðsstyrkur fyrir ÍBV. „Ég þekki þennan strák vel og það er klárt mál að hann styrkir okkur. “

- egm

# Fjögur gull í frjálsum í gær

**Þriðji keppnisdagur Smáþjóðaleikanna skilaði af sér 17 íslenskum verðlaunum, 8 í frjálsum og 7 í sundi og júdóstelpurnar unnu auk þess liðakeppnina.**

**SMÁÞJÓÐALEIKAR** Íslenska íþróttafólkið hélt áfram að safna að sér verðlaunum á þriðja keppnisdegi Smáþjóðaleikanna. Ísland vann alls 17 verðlaun í gær og hafa því 18 gull og alls 49 verðlaun komið í hlut Íslendinga á leikunum.

Það gekk vel á frjálsíþróttavellinum í gær og fjögur íslensk gull litu dagsins ljós. Björgvin Víkingsson vann glæsilegan sigur í 400 metra grindahlaupi og varð þar á undan tveimur Kýpverjum. Þórey Edda Elísdóttir vann öruggan sigur í stangarstökki, stökk 30 sentímetrum hærra en silfurhafinn frá Kýpur og átti auk þess þrjár góðar tilraunir við eigið Norðurlandamet. Óðinn Björn Þorsteinsson vann gull þegar hann kastaði kúlunni 17,15 metra og vann með miklum yfirburðum en Jón Arnar Magnússon varð í fjórða sæti. Þetta eru önnur verðlaun Óðins á leikunum, hann hlaut silfur í kringlukasti í fyrradag. Jón Arnar vann síðan brons þegar hann stökk 7,30 metra í langstökki og Vilborg Jóhannsdóttir vann silfur í sleggjukasti.

Ásdís Hjálmsdóttir var aðeins fimm sentimetrum frá fimm daga gömlu Íslandsmeti sínu í spótkasti þegar hann vann gull í gær en í öðru sæti varð Vigdís Guðjónsdóttir. Þetta voru önnur verðlaun Ásdísar en hún vann brons í kúluvarpi á þriðjudaginn. Hin 15 ára gamla Íris Anna Skúladóttir vann einnig sín önnur verðlaun þegar hún bætti bronsverðlaunum í 1.500 metra hlaupi við gullið sem hún vann svo eftirminnilega í fyrrakvöld.

Ragnheiður Ragnarsdóttir vann eina gullið í einstaklingskeppni sundsins í gær þegar hún vann 50 metra skriðsundið. Ísland vann silfur (Erla Dögg Haraldsdóttir) og brons (Helena Ósk Ívarsdóttir) í 200 metra bringusundi kvenna, Jakob Jóhann Sveinsson vann silfur í 200 metra bringusundi, strákasveitin vann silfur í 4x100 metra fjórsundi og þá vann Sigrún Brá Sverrisdóttir brons í 200 metra skriðsundi.



SLÓ KÝPURBÚNUM VIÐ Kýpurbúar hafa verið mjög sterkir í Andorra en réðu þó ekkert við Björgvin Víkingsson í 400 metra grindahlaupinu.



TVÖ GULL Í GÆR Ragnheiður Ragnarsdóttir vann tvö gull í gær, í 50 metra skriðsundi og svo með íslensku sveitinni í 4 x 100 metra fjórsundi.

### Íslandsmet hjá Önju

Hitt gull dagsins vann kvennasveit í 4x100 metra fjórsundi en Anja Ríkey Jakobsdóttir gerði sér lítið fyrir og bætt þar íslandsmetið í 100 metra baksundi í fyrsta sprettium. Anja synti á 1.05.29 mínútum og bætti gamla metið um 19/100 úr sekúndu.

Kvennalandsliðið í júdó vann gull í liðakeppninni en strákarnir urðu að sætta sig við fjórða sætið. Kvennasveitin skipa þær Gígja Guðbrandsdóttir og Margrét Bjarnadóttir en Margrét vann þarna sitt annað gull á leikunum.

Kvennalandsliðið í körfubolta varð að sætta sig við silfur eftir 48-57 tap fyrir Lúxemborg í úrslitaleik. Birna Valgarðsdóttir var stigahæst með 19 stig og Helena Sverrisdóttir skoraði 11 stig. Karlaliðið vann sinn annan leik, nú nauman 73-69 sigur á Lúxemborg. Sigurður Þorvaldsson var stigahæstur með 14 stig.

-ooj



SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON Gengur til liðs við þýska úrvalsdeildarfélagið Minden í sumar.

Framtíð Snorra Steins ráðin:

## Mun semja við Minden

**HANDBOLTI** Snorri Steinn Guðjónsson, landsliðsmaður í handknattleik, hefur náð munnlegu samkomulagi við þýska liðið Minden og mun líklegast skrifa undir tveggja ára saming við liðið á allra næstu dögum.

Mörg lið sýndu honum áhuga eftir að ljóst varð að Grosswallstadt ætlaði ekki að framlengja samning hans en hans vilji var að vera áfram í Þýskalandi. Topplið í Þýskalandi sýndi honum áhuga en fékk svo annan mann í staðinn og því varð ekkert af því að hann færi þangað. Minden var í vandræðum í þýsku deildinni á nýliðnu tímabili og endaði í 16. sæti af 18 liðum, nú á samt að rétta úr kútnum og má reikna með að fleiri leikmenn muni ganga til liðs við félagið á næstu dögum.

- egm



# „Gull, silfur og brons"
## -stærstu fjölmiðlar landsins.*




Íslendingar 12-80 ára




**Fréttablaðið er stærsti fjölmiðill landsins.**

Yfir 90% landsmanna lesa blaðið yfir vikuna. Þetta er í annað sinn á hálfu ári sem Fréttablaðið tekur þetta sæti af Ríkissjónvarpinu. Stöð 2 er í þriðja sæti og helsti keppinautur Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði , Morgunblaðið, er nokkuð á eftir í 5. sæti

FRÉTTABLAÐIÐ

-stærsti fjölmiðillinn

*Uppsöfnuð dekkun vikunnar


# STUÐ MILLI STRÍÐA | Tilraun til tiltektar

**SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR** GEYMIR GAMLA MIÐA.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég fékk þá frábæru hugmynd á dögunum að taka til í skúffum og skápum. Ég hófst handa á skápnum sem hefur verið fullur af dularfullu dóti um árabil. Ég byrjaði af miklum krafti og rótaði öllu út. Þessi athöfn tók um það bil fimm mínútur. Eftirleikurinn var hins vegar ekki jafn auðveldur. Mér finnst nefnilega miklu erfiðara að henda dóti en að sanka því að mér. Gamlir bíómiðar geta haft sitt gildi og miða með skemmtilegum orðsendingum tími ég ekki að setja í ruslafötuna. Svo eru það afmæliskort og jólakort. Mér finnst alltaf svo samviskulaust að henda korti sem einhver hefur haft fyrir að kaupa og skrifa á. Svona eins og mér sé alveg sama um viðkomandi. Þessi stefna gengur vitanlega ekki alveg upp – því ekki vil ég búa í haug.

Lengi vel gat ég leyft mér þennan lúxus, að henda aldrei neinu. Á æskuheimili mínu mátti lengi bæta við einum kassa en þegar foreldrar mínir fluttu neyddist ég til að taka á honum stóra mínum og henda ýmiss konar dóti sem þar leyndist. Dúkkulísunum mínum þar á meðal og verður að segjast að ég hef hálfgert samviskubit yfir því. Barbídótið mitt fékk hins vegar að vera. Sömuleiðis brot af því besta úr skólagöngunni. Vandlega skreyttar vinnubækur úr barnaskóla, eitt og annað úr menntaskóla og háskólaglósur. Ég náði ekki að fara í gegnum allt og þurfti því á endanum að setja óskilgreint dót í kassa sem ég ætla að skoða síðar – ekki get ég hent því án þess að hafa lagt á það faglegt mat. Þessi stefna skýrir ef til vill hvers vegna geymslan er orðin full þrátt fyrir einungis árs búskap.

En aftur að skápnum. Mér tókst að taka til í hluta hans. Haugurinn sem eftir var fékk svo að fara aftur inn í skáp. Ég hef fullan hug á að taka til í honum síðar. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





25 ÁRA
STARFSAFMÆLI
BUBBA
MORTHENS
AUKATÓNLEIKAR
Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU
7. JÚNÍ
Símapantanir alla virka daga
frá kl 10:00 í síma 551-1200
Þökkum frábærar viðtökur!
6. júní kl. 20.00 - uppselt
6. júní kl. 22.30 - uppselt
7. júní kl. 19.00 - uppselt
7. júní kl. 22.00 - aukatónleikar
VIÐ GRÓTTU
FJÖLLIN HAFA VAKAÐ
JAKKALAKKAR
BLINDSKER
KVEÐJA
STÚLKAN SEM STARIR Á HAFIÐ
Bubbi ást
bubbi
paradís
Tvær nýjar plötur frá Bubba!
Útgáfudagur 6. júní
sena

**Kl. 20.00**
*Víóluhátíðin mikla, sem hófst í gærkvöldi, heldur áfram með víóluleikum í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð. Þar leikur Garth Knox ásamt víóluleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Málar út um allt

Bergur Thorberg kaffimálari verður heldur betur á ferðinni núna um helgina. Klukkan sautján í dag opnar hann sýningu á myndum sínum í Eden í Hveragerði, en klukkutíma síðar verður hann mættur á menningarhátíðina í Grand Rokk sem verður sett klukkan 18.
Á laugardag og sunnudag tekur hann þátt í hátíðinni Sjómaðurinn síkáti í Grindavík, þar sem hann málar myndir í gríð og erg frá hádegi og fram undir kvöldmatarleytið, en skýst svo á Grand Rokk á milli til að mála.
Bergur málar gjarnan með kaffi í staðinn fyrir málningu og hefur jafnan myndirnar á hvolfi meðan hann málar.
„Það er búið að vera þannig í sextán ár," segir Bergur.
„Svo sest ég gjarnan niður hvar sem er til að mála og spjalla, það er svo ríkur þáttur í minni list. Þetta eru augnabliksmyndir sem maður þarf að vera fljótur að vinna. Menn segja mér að ég sé að mála mína lífssögu."



### EKKI MISSA AF…

... sýningu þýska leikstjórans og listamannsins **Christoph Schlingensief** í Klink og Bank, Brautarholti 1. Sýningin stendur fram á sunnudag og er opin milli klukkan 13 og 18.

... franska sirkusnum **Cirque** á Hafnarbakkanum, sem verður með sýningar klukkan tuttugu á laugardags-, sunnudags- og mánudagskvöld.

... síðustu tónleikum **Pacifica** kvartettsins hér á landi, sem verða á Ísafirði á laugardaginn.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**DÍNAMÍT**
**NÆST SÍÐASTA SÝNING Í KVÖLD!**

**Stóra sviðið kl. 20.00**

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
9. sýn. í kvöld fös. 3/6 **örfá sæti laus**, 10. sýn. lau. 11/6 **nokkur sæti laus**. **Síðustu sýningar.**

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*
Lau. 4/6 **örfá sæti laus**, fös. 10/6 **nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 5/6 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**. **Síðasta sýning í vor.**

**Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**RAMBÓ 7** - *Jón Atli Jónasson*
Fös. 3/6 **nokkur sæti laus**, lau. 4/6 **nokkur sæti laus**, fös. 10/6.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**





**KFL GROUP** 27 listamenn hafa komið sér fyrir í Gamla kaupfélagshúsinu í Hafnarfirði og opna þar sýningu með látum í kvöld klukkan 20.

# Eins og kýr að vori

Gamla kaupfélagshúsið við Strandgötuna í Hafnarfirði vaknar heldur betur til lífsins í kvöld þegar 27 myndlistarmenn opna þar sýningu.
Lúðrasveit Hafnarfjarðar tekur á móti gestum og hljómsveitirnar Glampar og Úlpa ætla að leika nokkur lög. Einnig ætla dansararnir Valgerður Rúnarsdóttir og Halla Ólafsdóttir að sýna spunadansverk.

Sýningin er liður í listamenningarhátíðinni Björtum dögum í Hafnarfirði, en hópurinn sem sýnir verk sín kallar sig KFL Group að hætti stórfyrirtækja nútímans sem horfa langt út fyrir landsteinana.
„Listamenn verða líka að fá að vera með sína útrás," segir Ólöf Björg Björnsdóttir, sem titlar sig kaupfélagsstýru. „Við köllum okkur Kaupfélag listamanna, það er einhvern veginn við hæfi á þessum stað."
Ólöf hefur haft aðstöðu í gamla Kaupfélagshúsinu í vetur, bæði til að vinna að verkum sínum og halda sýningar. Á næstunni verður húsnæðinu breytt í íbúðir og fannst Ólöfu og félögum hennar tilvalið að efna til veglegrar sýningar og skemmtilegrar uppákomu, svona í kveðjuskyni.
Auk Ólafar eiga verk á sýningunni þau Margrét M. Norðdahl, Jóhanna Helga Þorkelsdóttir, Kolbrá Bragadóttir, Kristín Helga Káradóttir, Helga Óskarsdóttir, Hlín Gylfadóttir, Guðmundur Thoroddsen, Halla Dögg Sigurðardóttir, Þórunn Inga Gísladóttir, Karen Ósk Sigurðardóttir, Baldur Geir Bragason, Þuríður Sigurðardóttir, Elín Anna Þórisdóttir, Elísabet Ólka Guðmundsdóttir, Guðbjörg Hákonardóttir, Röðull Reyr Kárason, Hulda Vilhjálmsdóttir, Hlaðgerður Íris Björnsdóttir, Maria Elisabeth Wechner, Rósa Sigrún Jónsdóttir, Hafsteinn Michael, Móeiður Helgadóttir, Egill Ingibergsson, Halldór Hrafn, Ásdís Spanó og Arndís Gísladóttir.
„Þetta er svolítið eins og völundarhús með vídeó, skúlptúrum, málverkum og innsetningum. Við erum bara eins og kýrnar sem sleppa út, búin að skvetta rassinum upp um alla veggi og loft og gólf og meira að segja út í næsta nágrenni, því eitt af verkunum fer út úr húsinu." ■


**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**99% UNKNOWN - Sirkussýning**
*CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ*
Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Fö 17/6 kl 20 *Aðeins þessar sýningar*

**25 TÍMAR**
*Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON.* Fi 9/6 kl 20 - 2.500,-
*Einstakur viðburður*

**ÞUMALÍNA**
*Frá Sólheimaleikhúsinu*
Í kvöld kl 20 - 1.000,-

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Lau 4/6 kl 14 **UPPS.**, Su 5/6 kl 14 - **UPPS.**, Su 12/6 kl 14 **UPPS**, Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14 - **UPPS.**, Su 26/6 kl 14

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20, Lau 4/6 kl 20, Su 5/6 kl 20, Fi 9/6 kl 20, Fö 10/6 - **UPPS.**, kl 20, Lau 11/6 kl 20, Þri 14/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20
*Aðeins 2 sýningarhelgar eftir*

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu
www.borgarleikhus.isMiðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar



Senukúnstnerinn í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið kynnir:
**Móðir mín ♋ Dóttir mín**
eftir Ingibjörgu Reynisdóttur
Leikstjóri: Eline McKay - Tónlist: Ragnheiður Gröndal

| | | |
|---|---|---|
| Föstudaginn | 3 júní, | Kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 4 júní, | Kl. 20:00 |
| Sunnudaginn | 5 júní, | Kl. 20:00 |
| Fimmtudaginn | 16 júní, | Kl. 20:00 |

Miðasala í Hafnarfjarðarleikhúsinu.
Opið alla virka daga frá kl. 16-19 og 16-20 sýningardaga
Sími í miðasölu 555-2222, Miðaverð 1.600 kr.





## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

31 1 2 **3** 4 5 6

### Föstudagur

### TÓNLEIKAR



- 17.00 Hljómsveitin **NilFisk** leikur nokkur lög í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.
- 20.00 Víóluleikarinn **Garth Knox** kemur fram ásamt víóluleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum Listahátíðar í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð. Frumflutt ný verk eftir Daníel Bjarnason, Hafliða Hallgrímsson og Garth Knox.
- 20.00 **Jakobínarína, Mammút** og **Big Kahuna** verða með tónleika á Kaffi Hljómlind.
- 22.00 **Jeff Who, Skakkamanage, Singapore Sling** og **Rass** koma fram á tónleikum á Grand Rokk.
- **Sálin hans Jóns míns** leikur á tónleikum á Nasa við Austurvöll.

### SKEMMTANIR

- **Atli skemmtanalögga** og **Áki pain** á Pravda.
- Hljómsveitin **Úlfarnir** verður með dansleik í Klúbbnum við Gullinbrú.
- **Óli Palli** á Sjallanum, Akureyri.
- Hljómsveitin **Tilþrif** skemmtir í Vélsmiðjunni á Akureyri.

### SÝNINGAR

- Nú stendur yfir sýning á verkum **Oddrúnar Pétursdóttur** á Kaffi Nauthól í Nauthólsvík. Sýningin stendur til 1. júlí.
- Opnuð hefur verið sumarsýning í **Listasafni Sigurjóns Ólafssonar** sem nefnist **Aðföng, gjafir og lykilverk** eftir Sigurjón Ólafsson. Á sýningunni eru um tveir tugir skúlptúra sem safnið hefur eignast undanfarinn áratug, þar á meðal verk sem hafa ekki komið fyrir almennings sjónir áður.

### BJARTIR DAGAR

- 19.30 Djasskvöld verður á Gamla Bókasafninu í Hafnarfirði með **Kristjönu Stefánsdóttur, Stórsveit tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Djangó bandi, Norton, FÍH-samspili** og **UHU**.
- 20.00 **KFL group** sýnir í Gamla Kaupfélagshúsinu, Strandgötu 28, Hafnarfirði. Auk myndverka eftir hátt í þrjátíu myndlistarmenn koma fram hljómsveitirnar **Glampar** og **Úlpa. Lúðrasveit Hafnarfjarðar** tekur á móti gestum og dansararnir **Valgerður Rúnarsdóttir** og **Halla Ólafsdóttir** sýna spunadansverk.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




























*„Torture you? That's a good idea. I like that.“*



Mr. Blonde sýnir af sér hrikalegan fautaskap þegar hann heldur lögreglumanni í gíslingu í myndinni Reservoir Dogs sem vakti verulega athygli á leikstjóranum, Quentin Tarantino. Lögreglumaðurinn asnaðist til þess að gefa honum þá flugu í kollinn að píning væri góð hugmynd. Lagið Stuck in the Middle With You kemur töluvert við sögu í þessu atriði.

# bíó

bio@frettabladid.is

# *Harðjaxlinn Rourke lifnar við*

Harðjaxlinn **Mickey Rourke** sýndi heldur betur á sér mjúka hlið þegar hann var viðstaddur frumsýningu kvikmyndarinnar *Sin City*. Hann átti erfitt með halda tárunum aftur enda hefur ferill þessa leikara ekki beint verið beinn og breiður. **Rourke** átti við fíkniefnavandræði að stríða þegar stjarna hans var um það bil að verða sem stærst og sú fíkn gerði nánast út af við hann. Hann átti enn fremur erfitt með að hemja skapið sitt og lamdi konuna sína eins og harðfisk. Öll þessi atriði leiddu til þess að kvikmyndaverin vildu ekki sjá andlitið á honum nálægt kvikmyndum sínum.



**MICKEY ROURKE** Er loksins kominn aftur í sviðsljósið og ætlar sér stóra hluti í framtíðinni.

Það var ekki fyrr en **Robert Rodriguez** ákvað að fá hann til þess að leika *Marv* í *Sin City* að eitthvað virðist vera að rofa til hjá þessum annars ágæta leikara.

**Rourke** vakti fyrst einhverja athygli í kvikmyndinni *Body Heat* þegar hann lék undir stjórn hins virta **Lawrence Kasdan**. Í kjölfarið bauðst honum hlutverk í *Rumble Fish* sem **Francis Ford Coppola** leikstýrði og varð sú mynd til þess að skjóta honum upp á stjörnuhimininn sem svölum einfara er fór sínar eigin leiðir.

Það hefur ætíð verið Akkilesarhæll **Rourkes** að hann virðist hafa einstakt lag á að velja sér lélegar myndir þrátt fyrir ótvíræða leiklistarhæfileika. Honum tókst þó að vekja athygli aftur á sér þegar hann fékk **Kim Basinger** til þess að fækka fyrir sig fötum og éta allskyns mat í **9 1/2 week**. Hann lék síðan *Harry R. Angel* í *Angel Heart* og í kvikmyndinni *Barfly* en síðan varla sögunna meir. Þær myndir sem fylgdu í kjölfarið voru hroðalegar B-myndir og ferill **Rourkes** fór fljótlega að sökkva dýpra niður. Hann gerðist atvinnuboxari árið 1992. Þeim ferli lauk eftir að hann hafði rotað andstæðinga sín tólf bardaga í röð.

**Rourke** virðist hafa lært af biturri reynslu og ætlar sér ekki að falla í þá gryfju að fylgja eftir góðri mynd með einhverju skelfilegu. Hann leikur í nýjustu mynd **Tony Scott,** sem ber heitið *Domino*.

## FRUMSÝNDAR/ FORSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)

**A Lot Like Love**



| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 5,0 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 39% / rotin |
| Metacritic.com | 6,5 / 10 |



**Sin City**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 8,3 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 78% / fersk |
| Metacritic.com | 7,4 / 10 |


# Golfmót

Kirkjubólsvöllur - Sandgerði (GSG)

## Fiskbúðin Vör open

5.júní, sjómannadagurinn

Höggleikur með og án forgjafar

1. verðlaun að verðmæti 64.000,- kr

2. verðlaun að verðmæti 29.950,- kr

3. verðlaun að verðmæti 15.970,- kr

Nándarverðlaun á 2/11að verðmæti 6.000,- kr og fyrir holu í höggi að verðmæti 150.000,-

Ekki hægt að vinna með og án

Nánari upplýsingar á www.golf.is

Fiskbúðin Vör — Fiskikóngurinn —

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70







**BRUCE WILLIS SEM HARTIGAN** Hartigan er fyrrverandi lögreglumaður sem er hundeltur af fyrrum félögum sínum fyrir glæp sem hann framdi ekki.

# Skuggasund Syndabælisins

Eftir langa bið, mikla umfjöllun og geigvænlega spennu er loksins komið að því að íslenskir aðdáendur Sin City fái að sjá myndina. Forsýningar verða á myndinni í þremur kvikmyndahúsum um helgina. Í kvöld verður myndin sýnd í Smárabíó klukkan ellefu um kvöldið, á morgun færist sýningin yfir í Laugarásbíó og verður þá sýnd klukkan tíu um kvöldið og loks verður síðasta sýningin á sunnudaginn í Regnboganum klukkan átta. Það þarf vart að taka það fram að myndin er stranglega bönnuð innan sextán ára.

Mikið hefur verið rætt og ritað um Syndabælið enda þykir leikstjóranum Robert Rodriguez takast einstaklega vel upp að fanga anda samnefndra myndasagna Franks Miller enda unnu þeir náið saman að gerð myndarinnar og Miller er titlaður sem leikstjóri hennar ásamt Rodriguez. Þá er beitt við hana nýrri tækni sem kvikmyndaspekingar vestra segja að eigi eftir að breyta kvikmyndaheiminum. Leikarar myndarinnar hittust varla og eyddu tiltölulega stuttum tíma á tökustað. Hún er öll tekin fyrir framan grænt tjald sem síðan er notað til þess að hanna umhverfið í tölvu. Þetta gerði hlutverk leikaranna mun auðveldara og skýrir að einhverju leyti allan þann stjörnufans sem finna má í henni.

Sin City segir þrjár sögur en miðdepill hennar er Marv, leikinn snilldarlega af Mickey Rourke, sem heldur af stað í mikla hefndarför eftir að kona sem hann svaf hjá einu sinni er drepinn. Þá kemur einnig við sögu ljósmyndari sem drepur lögreglumann og neyðist til að fela það og fyrrverandi lögreglumaður sem er hundeltur fyrir glæp sem hann framdi ekki.

Gífurlegur fjöldi stórleikara leggur myndinni lið ásamt áðurnefndum Rourke. Bæði Clive Owen og Bruce Willis fara með stór hlutverk í myndinni auk þokkagyðjunnar Jessicu Alba, Elijah Wood og Benico del Toro. ■

# Eitthvað í líkingu við ást

Það er ungstirnið Ashton Kutcher sem leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni A Lot Like Love ásamt Amöndu Peet. Myndin segir frá Oliver og Emily, sem hittust í flugi frá Los Angeles til New York fyrir sjö árum. Í því flugi verða þau þess fullviss að þau gætu ekki verið ólíkari hvort öðru. Engu að síður hafa þau verið að rekast hvort á annað síðan þá og verða því smám saman góðir vinir. Þau geta deilt með hvort öðru væntingum sínum og vonbrigðum en aldrei virðast þau tvö smella saman.

Amor lætur þó ekki á sér standa og eftir sjö ár gera þau sér grein fyrir því að það sem þau hafa líkist kannski einhverju sem kalla má ást. Söguþráðurinn í A Lot Like Love minnir eilítið á When Harry Met Sally, þar sem Billy Crystal og Meg Ryan rekast hvort á annað með reglulegu millibili en eru sannfærð að þau eigi ekki saman.



**KUTCHER OG PEET** Emily og Oliver hittust í flugvél fyrir sjö árum. Örlögin virðast draga þau saman þó sjálf geri þau sér ekki grein fyrir því alveg strax.

Leikstjóri myndarinnar er Nigel Cole, sem meðal annars gerði Saving Grace og Calendar Girls. Ashton Kutcher þarf vart að kynna en hann hefur notið feikilegra vinsælda með þáttunum sínum Punk'd þar sem stjörnurnar eru gabbaðar með faldri myndavél. Þar að auki hefur samband hans og Demi Moore vakið athygli, ekki síst fyrir langlífi þess.

Amanda Peet er ein af upprennandi stjörnum Hollywood. Hún lék aðdáanda Bruce Willis í Whole Nine Yards og er um þessar mundir að leika í nýjustu mynd þeirra George Clooney og Matt Damon, Syriana. ■



# Tilbúnir til afhendingar

## í dag hjá Master í Glæsibæ

Eigum fyrirliggjandi nýja Mercedes Benz ML 350 & ML 500 model 2006 til afhendingar strax í dag

Komdu í reynsluakstur
Upplifðu nýjan & breyttan M - Class frá Mercedes Benz

MASTER

Master ehf, Glæsibæ
Álfheimum 74
104 Reykjavík
sími 540 2200
www.masterbill.is

Mercedes-Benz

Þjónustuaðili Master er
RÆSIR HF






# Almenningur hluti af listsköpun Sigga

Fjöllistahópurinn Siggi er einn af þeim hópum sem munu starfa á vegum Hins hússins í sumar í Skapandi sumarstarfi. Siggi er skipaður fjórum strákum og tveimur stelpum sem eru sautján og átján ára. Nafnið Siggi er frekar óvenjulegt fyrir listahóp því oft eru þeir með mjög flókin og útpæld nöfn. „Við viljum frekar að hópurinn geri nafnið flott en að nafnið geri hópinn flottan,“ segir Úlfur einn af liðsmönnum Sigga. Þau koma öll hvert úr sinni áttinni í listum og ætla einmitt að láta það vera styrkleika sinn. Þau ætla að hafa þemavikur þar sem lögð er áhersla á einhverja listgrein og þannig læra hvert af öðru svo að allir geti tekið þátt. Þau ætla meira að segja að tvinna almenningi inn í starfið og geta vegfarendur átt von á að lenda inni í miðju verki hjá þeim í sumar. Fyrsta vikan, sem hófst 1. júní, er helguð kökum og ljóðagerð. Krakkarnir ætla að baka kökur og gefa gestum og gangandi og svo ætla þau að láta tómar stílabækur inn á kaffihús þar sem kaffihúsagestir geta tjáð tilfinningar sínar í ljóðum, máli og myndum. Í lok sumarsins stefna þau svo að því að gefa út Ljóðabók Reykjavíkur með þeim ljóðum sem safnast í þessar stílabækur. „Markmið okkar er að gera Reykjavík að skemmtilegri stað,“ segir Úlfur og verða uppákomur þeirra afar fjölbreyttar allt frá tónleikum og dansi til gjörninga og myndlistar. Þetta er aðeins fyrsta vikan af átta svo það er greinilega margt spennandi framundan í Reykjavíkurborg í sumar.

soleyk@frettabladid.is



**SIGGI** Úlfur, Gulla, Anton, Sindri, Geiri og Steinunn standa á bak við fjöllistahópinn.

# Djús, dj-ar og gömul föt

Arna Borgþórsdóttir og Elma Lísa Gunnarsdóttir eru umsjónarmenn flóamarkaðsins í Sirkus-portinu. Markaðurinn hóf göngu sína síðasta sumar og fóru viðtökurnar fram úr björtustu vonum. Í gegnum tíðina hafa þær verið miklir aðdáendur flóamarkaða og verið ötular við að halda markaði í heimahúsum, Kolaportinu og Sirkus. Oft hefur æsingurinn verið svo mikill að þær hafa hreinlega selt utan af sér spjarirnar. Á flóamarkaðnum í sumar munu Arna og Elma Lísa leggja áherslu á fjölbreytt úrval svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi eins og föt, plötur, glingur, skart og dót úr geymslunni.

Þegar þær stöllur eru spurðar út í eigin fatastíl segjast þær vera mjög ólíkar.

„Elma fæddist í second-hand fötum, en ég var í íþróttagallanum til tvítugs, en eftir það fór allt að gerast,“ segir Arna og brosir. Elma Lísa á einn vegglegasta og frumlegasta fataskáp landsins. Hún mun selja fötin sín á Sirkusmarkaðnum meðan Arna ætlar að djúsa ávexti ofan í gesti og gangandi.

„Sumarið leggst rosalega vel í okkur. Þetta verður algert stuð og við verðum með óvæntar uppákomur á laugardögum, dj-a, hljómsveitir og margt fleira. Við hvetjum alla til að mæta og eins ef fólk vill hreinsa út úr fataskápum og geymslum hjá sér þá getur það leigt af okkur bás á góðu verði. Áhugasamir geta sent línu á floamarkadur@elv.is,“ segir Arna.

martamaria@frettabladid.is



**ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR OG ARNA BORGÞÓRSDÓTTIR** Verða í miklu stuði á flóamarkaði Sirkuss í sumar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nicky Hilton, litla systir Parisar Hilton er nú orðin besta vinkona Nicole Richie, þótt Nicole og Paris séu orðnar svarnar óvinkonur. Nicky og Nicole hafa sést æ oftar saman úti á lífinu undanfarið og mætt hönd í hönd í hvert partíið á eftir öðru. Paris er ekki par ánægð með þetta fyrirkomulag en hefur fundið staðgengil fyrir Nicole í dóttur Rods Stewart, Kiberley. Það sem flækir málin þó enn frekar er að Nicky Hilton þolir ekki Kiberley.



Þokkadísin Denise Richards, sem komin er átta mánuði á leið, hefur skipað eiginmanni sínum Charlie Sheen að fara í hjónabandsráðgjöf, jafnvel þótt hún sjái enga leið til sátta. Parið hætti saman með hvelli fyrir tveimur mánuðum vegna afar slæmrar hegðunar Charlies. Sheen, sem lofaði öllu fögru þegar hann giftist Denise, gat ekki haldið sér frá fíkniefnum og vændiskonum og er að sögn djúpt sokkinn í sukkið aftur. Denise veit að þar sem þau eiga eitt barn saman og annað á leiðinni muni þau verða tengd alla ævi. Hún er ævareið og vonar að ráðgjöfin geti kennt þeim að lifa saman í sátt og samlyndi þótt hjónabandið sé á enda. Hún krefst þess að hann taki líf sitt algjörlega í gegn því hún vill ekki að hann verði börnunum slæm fyrirmynd.





Liam Gallagher er alltaf óvæginn þegar hann opnar á sér munninn. Þegar hann frétti að hljómsveitin U2 horfi á tónleika sína á upptöku eftir að þeir koma af sviðinu sagði hann: „Þeir eru nú meiri hálfvitarnir, hafa þeir ekkert betra að gera? Ég myndi frekar fara á gott fyllerí“. Liam fannst það ekki vera mjög í anda rokksins að fara heim eftir hverja einustu tónleika og rannsaka hvað hefði verið vel gert og hvað mætti betur fara. „Sitja þeir saman og segja: “Ó Edge, þetta var glæsilegt gítarsóló hjá þér í kvöld,“ spyr Liam.



Samband Britney Spears og Kevins Federline komst næstum því ekki á flug vegna þess að nokkrum dögum eftir að þau kynntust hótaði hún að berja hann. Britney var að lýsa því að allar konur gætu tekið menn í bakaríið því þeir væru bara litlir mömmustrákar inni við beinið. Þetta kemur fram í nýjum raunveruleikaþætti þeirra hjóna og segist Britney sjá eftir þessum ummælum. Hún segist vera mjög skapstór og þarna hafi hún verið hrædd við að leyfa sjálfri sér að falla fyrir Kevin.



Fótboltastjörnurnar David Beckham, Zinedine Zidane og Ronaldo hafa allir samþykkt að koma fram í fyrstu myndinni sem gerð hefur verið um knattspyrnufélagið Real Madrid. Heimildarmyndin, Real, The Movie mun sýna myndir af stjörnunum í sjúkraþjálfum og á æfingum.






Salsa
stemningin
er hjá okkur!
Komdu og vertu með
Opið til 03 um helgar
El Racó Bistro & Bar
Corona Extra



MADONNA Hefur fengið blessun rabbínans síns til að taka þátt í góðgerðartónleikunum.



STING Er í fyrsta sinn í samstarfi við poppdrottninguna Madonnu.

# Sögulegt samstarf Madonnu og Sting

Ofurstjörnurnar Madonna og Sting ætla að troða upp saman á Live 8 tónleikunum í London í sumar. Þetta samstarf mun verða skráð á spjöld poppsögunnar sem eitt hinna merkustu og er fullkomin viðbót við þessa risatónleika. Eitt lag sem stjörnurnar eru sagðar ætla að taka saman er lagið Imagine sem John Lennon gerði ódauðlegt. „Þau voru fyrst að hugsa um að taka Bítlalag en ákváðu að að taka Imagine,“ sagði heimildarmaður. Madonna þurfti að hafa samráð við rabbínann sinn um lagaval, en hún er eins og flestir vita Kabbalahtrúar, sem er hluti af gyðingdómi. Þrátt fyrir þetta samstarf munu stjörnurnar líka koma fram hvort í sínu lagi, þar sem Sting ætlar að spila fyrir hádegi en Madonna um eftirmiðdaginn. Þau munu svo sameina krafta sína í lok stórtónleikanna. Annað stórt samstarf sem er líklegt til að myndast fyrir þessa tónleika er á milli Robbie Williams og fyrrverandi Guns 'n' Roses rokkarans Slash, en þeir eiga það sameiginlegt að vera fæddir nálægt stórbænum Stoke-on-Trent. Þetta eru greinilega eftirsóttustu tónleikar sumarsins því stjörnurnar berjast um sæti í dagskránni. Hljómsveitarmeðlimir The Who hafa grátbeðið Bob Geldof um að fá að taka þátt og Kryddpíurnar eru öskureiðar yfir því að fá ekki að vera með. ■

Höfum opnað lagersölu að Laugarvegi 13.
Skór fyrir alla fjölskylduna
4 verð
990-1990
2990-3990
Opið
Virka daga 12-18
Laugardaga 10-17
EURO SKO



DURAN DURAN Meðlimir Duran Duran þurftu ekki að grátbiðja um að taka þátt í Live 8

# Duran Duran frá Reykjavík til Rómarborgar

Nú hefur komið í ljós að hljómsveitin sívinsæla Duran Duran mun taka þátt í Live 8-stórtónleikunum. Þeir stíga á svið í Róm, en tónleikarnir verða samtímis í fimm borgum, París, Róm, Fíladelfíu, Lundúnum og Berlín. Duran Duran heldur tónleika í Egilshöll 30. júní og verða því aðeins þremur dögum síðar á sviðinu í Róm eða 2. júlí. Það verður ókeypis inn á alla tónleikana en þeir eiga að vekja athygli á fátækt og skuldum þriðja heimsins. Það þykir gríðarlegur heiður að fá að taka þátt í þessum tónleikum og reynsluboltinn Elton John segist stoltur af því að fá að vera í hópi þeirra virtu listamanna sem koma fram. „Þetta er rjóminn af tónlistarmönnum heimsins í dag,“ sagði Elton. Það eru þó ekki allir jafn spenntir fyrir tónleikunum því hagfræðingar hafa tjáð áhyggjur sínar. Þeir óttast að þótt markmið tónleikanna sé gott þá muni það ekki skila sér til þeirra sem þurfa á því að halda, því þróunarhjálp sé afar viðkvæmt mál. ■



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýr raunveruleikaþáttur **Britney Spears** og eiginmanns hennar **Kevins Federline** þykir algjör hörmung. Söngkonan, sem ekki alls fyrir löngu var ein af valdamestu stjörnum heims, þykir hafa stórskaðað ímynd sína með ósmekklegum yfirlýsingum um kynlíf og lífsstíl þeirra hjóna. „Þetta er eins og að horfa á eitthvað fallegt rotna smátt og smátt,“ sagði þekkt fjölmiðlakona vestanhafs. Britney, sem undanfarin ár hefur verið eitt helsta átrúnaðargoð ungra stúlkna, hefur á tiltölulega stuttum tíma valdið aðdáendum sínum óteljandi vonbrigðum með ósmekklegri hegðun.



Leikarinn **Christian Slater** var handtekinn í New York á þriðjudaginn vegna meintrar kynferðislegrar áreitni. Ónafngreind kona heldur því fram að hann hafi ráðist á sig úti á götu. „Hann greip í afturenda konunnar þegar hún var á gangi,“ sagði lögreglumaður. Slater var undir áhrifum vímuefna þegar meint atvik átti sér stað og var færður í handjárnum inn í lögreglubíl. „Ég gerði ekki neitt,“ sagði Slater við handtökuna en hann er í haldi lögreglunnar á Manhattan. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem leikarinn kemst í kast við lögin en hann hefur verið sakfelldur fyrir fíkniefnamisferli og ofbeldisbrot.



Jennifer **Aniston** hefur hent öllum rúmfötum sem hún og **Brad Pitt** keyptu saman. Parinu hefur ekki tekist að sætta ágreining sinn en þau skildu að borði og sæng í byrjun árs. Hún er einnig sögð hafa losað sig við öll þau dýru undirföt sem Brad gaf henni því minningarnar séu of sárar. „Jennifer vill losa sig við allt sem tengist Brad. Hún ætlar bara að eiga nokkra ómetanlega skartgripi, en annað mun hún selja eða gefa,“ sagði vinkona stjörnunnar. Jennifer sótti um skilnað frá Brad en mikill leyndardómur ríkir yfir ástæðum skilnaðarins. Sú ástæða sem þykir líklegust er að Brad hafi fallið fyrir **Angelinu Jolie** við gerð myndarinnar *Mr. and Mrs. Smith*. Þau hafa sést mikið saman undanfarið en neita þó að um ástarsamband sé að ræða.




Viðurkennd virkni

Bogense sápan



Nuddsápan sem stinnir og grennir líkamann

Vinnur á appelsínuhúð

Fæst í apótekum






Er þitt heimili öruggt?

Leyfðu okkur að vaka yfir þér

Fáðu þér heimagæslukerfi frá Öryggismiðstöð Íslands fyrir 30. júlí og þú getur valið á milli tveggja glæsilegra kaupauka. Vertu áhyggjulaus í fríinu, viss um að Öryggismiðstöðin hefur auga með þínu heimili á meðan.

Heimagæslan innifelur eftirfarandi:



Verndaðu heimili þitt fyrir óboðnum gestum!

- Innbrotaviðvörun.
- Næturgæslu.
- Brunaviðvörun.
- Þráðlausa skynjara.
- Útkallsþjónustu öryggisvarða.
- Uppsetning á kerfi.
- Fjarstýringu.



KAUPAUKI 1.




KAUPAUKI 2.
öryggi í bílinn

Hringdu núna!
Við erum ávallt á vaktinni
530 2400

Einnig gefst núverandi viðskiptavinum kostur á að kaupa verðmætaskápinn og slökkvitækið ásamt öryggispúðanum á sérstöku tilboði. Hafið samband við sölufulltrúa okkar í síma 530-2400.

ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Borgartúni 31 · 105 Reykjavík · Sími 530 2400 · Fax 530 2401 · www.oryggi.is

Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir • Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður

hausverk / SÍA / 5037













# McGregor léttist um 13 kíló á dansinum

Ewan McGregor er nú að leika í sínum fyrsta söngleik, Gæjar og píur (Guys and Dolls), á West End í London. „Ég hefði aldrei ímyndað mér að vera í söngleik á sviði. Mér hafði bara aldrei dottið það í hug. En ég er mjög ánægður að þetta kom upp því ég hef aldrei skemmt mér betur – þetta er frábært,“ sagði McGregor. Fyrsta sýningin gekk að hans sögn vel, en ætla má að mikil pressa hafi verið á leikaranum að standa sig í stykkinu, sérstaklega þegar stjörnur á borð við Natalie Portman og Andrew Lloyd Webber voru í áhorfendahópnum. McGregor hefur einbeitt sér að kvikmyndaleik undanfarið og ekki leikið á sviði í sex ár og er hann feginn tilbreytingunni. „Gerð kvikmynda getur verið alveg ótrúlega þreytandi. Það er erfitt að halda athygli og fókus. En það sem er svo frábært í leikhúsinu er að við gerum þetta saman,“ sagði leikarinn. „Þetta er frábær sýning, gaman fyrir okkur að sýna hana. Hún er svo vel skrifuð.“ McGregor, sem er þekktur fyrir leik sinn í Trainspotting og Star Wars, er fótafimur enda lék hann og dansaði í Moulin Rouge. Hann ákvað samt að fara í nokkra danstíma og hafði dansinn góð áhrif á hann, því hann léttist um 13 kíló á æfingunum. ■



**EWAN MCGREGOR** Í söngleiknum leikur McGregor fjárhættuspilara. McGregor tekur fyrir að hann nálgist sjarma Marlon Brando, sem lék sama hlutverk í bíómynd eftir söngleiknum.

# Mættur á Gaukinn

Mikil danstónlistarveisla verður á Gauknum í kvöld þegar sjálfur Thomas Heckmann mætir á svæðið og flytur sín frægustu lög. Koma hans hingað til lands þykir stórviðburður í techno-heiminum, og ekki dregur úr eftirvæntingunni þegar kempur á borð við Exox, Bjössa brunahana, Dj. Aldísi og Hermigervil koma einnig fram.

Heckmann hefur starfað undir fjölmörgum nöfnum og má þar nefna Exit 100, Age, Drax, Silent Breed og Electro Nation.

Fjölmörg laga hans hafa orðið vinsæl, en þekktasta lag hans er án vafa Amphetamine, sem hann gaf út undir nafninu Drax. Þetta lag varð strax „anthem“ í augum allra aðdáenda harðrar techno- og trance-tónlistar og hefur verið það síðan. ■









**HUDSON WAYNE** Sveitin hefur fengið nýjan meðlim til liðs við sig.

# Hudson hitar upp fyrir Antony

Íslenska sveitin Hudson Wayne hitar upp fyrir Antony and The Johnsons á Nasa hinn 11. júlí. Hudson Wayne mun kynna nýjan liðsmann á tónleikunum en Ólöf Arnalds hefur gengið til liðs við sveitina. Hún hefur leikið með sveitum á borð við Nix Nolte, Slowblow og Múm.

Miðasala á tónleika Antony and The Johnsons er hafin í 12 tónum og á midi.is. Miðinn kostar 4.250 krónur og hafa þegar um 300 miðar selst í forsölu. ■







■ **MÁL MICHAEL JACKSON**



**MICHAEL JACKSON-RÉTTARHÖLDIN**
Þessir evrópsku aðdáendur eru greinilega sannfærðir um sakleysi Jacksons.

# Lokaræður fluttar

Eftir þrjá mánuði eru Michael Jackson-réttarhöldin senn á enda. Lokaræður verjenda Jacksons og saksóknara voru fluttar í gær og í dag kemur kviðdómurinn saman. Kviðdómendur gætu þó ákveðið að fresta fundarhöldum fram í næstu viku og því er ljóst að biðin eftir úrskurðinum verður eitthvað lengri. Dómarinn í málinu hefur sagt kviðdómendum að ef þeir geti ekki sakfellt Jackson geti þeir dregið úr sakargiftum. Þannig gæti kviðdómurinn komist að þeirri niðurstöðu að söngvarinn væri ekki sekur um að misnota unglingsstrákinn Gavin Arvizo en sent Jackson í árs fangelsi fyrir að gefa honum áfengi. ■

# Skákdagar í Kringlunni

Hrókurinn stendur fyrir skákdögum fyrir framan verslun Pennans á annarri hæð í Kringlunni um helgina. Þar munu Henrik Danielsen stórmeistari og skólastjóri Hróksins, og Hrafn Jökulsson, formaður félagsins, tefla við gesti og gangandi. Þá mun stórmeistarinn einnig útskýra leyndardóma manntaflsins.

Hátíðin hefst klukkan 16.00 á föstudag en klukkan 13.00 laugardag og sunnudag. ■













**KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!**




AÐEINS 395 kr.

Hér &nú




## VIÐ TÆKIÐ | Húrra fyrir forsetanum

**LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR ELSKAR DAVID PALMER.**

Mér fannst eins og ég hefði nýeignast barn síðastliðinn sunnudag. Slík var frelsis- og sælutilfinningin sem hríslaðist um mig þegar herra David Palmer tók upp símtólið í 24 og sagðist ætla að leggja baráttunni við hryðjuverkin lið. JESSS!! Hann er kominn aftur!

Ég trúði því varla þegar það gerðist. En það gerðist samt. Þetta var maður búinn að ganga með í maganum alla þáttaröðina. Alltaf að bíða eftir að besti forseti Bandaríkjanna sneri aftur og bjargaði málunum. Og á sunnudagskvöldið gerðist það. Og ég svaf rótt um nóttina. En vaknaði næsta dag með spennuhnút í maganum. Það er ekki hægt að ætlast til þess að maður bíði í viku eftir næsta þætti!

Mér finnst David Palmer ein besta persóna sem hefur litið dagsins ljós í sjónvarpi í langan tíma. Hann er staðfastur, sjarmerandi og öruggur með sig og gefur fólki tækifæri. Svo ekki sé minnst á að hann er svartur. Einhvern veginn er svart fólk oft málað sem ofursvart fólk í gettóinu, glæpamenn eða fátæklingar í sjónvarpi. Algjörar steréotýpur. En David Palmer hefur breytt því öllu. Fyrsti svarti forseti Bandaríkjanna. Hvernig getur maður ekki elskað hann?! David Palmer er búinn að gera allt og það kemur ekki á óvart að eini maðurinn sem Mike Novik treystir fyrir mikilvægum ákvörðunum sé hann. Þegar núverandi forseti er alveg eins og bavíani sem var tekinn úr trénu sínu og skellt í djúpu laugina – samt ekki þáttinn, sem betur fer. Ég treysti á það að David Palmer verði aftur vígður í embætti! Húrra fyrir forsetanum!



**DAVID PALMER** Grrr. Þvílíkur sjarmi!



▶ 23.40 *Bíó*

**SAVE THE LAST DANCE Sara Johnson er upprennandi dansmey sem kynnist nýjum dansstílum í nýjum skóla.**



▶ 20.30 *Söngur*

**ÞAÐ VAR LAGIÐ Söngvararnir sem koma fram í kvöld eru Magni, Kristján Gíslason, Stefán Stefánsson og Davíð Ólafsson.**



▶ 21.30 *Raunveruleiki*

**MTV CRIBS Nýr þáttur frá sjónvarpsstöðinni MTV þar sem áhorfendur sjá inn til fræga fólksins.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.50** Smáþjóðaleikarnir 2005 (3:5) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Bitti nú! (9:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (3:26)** (Teen Titans)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Ljónatemjarinn** (Lejontämjaren) Sænsk ævintýramynd frá 2003. Simon er níu ára og verður fyrir því að eldri strákur kúgar hann í skólanum. Mamma hans kynnist manni og Simon kemst að því að þar er á ferð pabbi kúgarans.
**21.45 Smáþjóðaleikarnir 2005 (4:5)** Samantekt frá keppni á Smáþjóðaleikunum í Andorra.
**22.00 Raddir** (Some Voices) Bresk bíómynd frá 2000 um geðklofasjúkling sem gerir usla á veitingahúsi bróður síns. Leikstjóri er Simon Cellan Jones og meðal leikenda eru Daniel Craig, David Morrissey, Kelly Macdonald og Julie Graham. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

▶ **23.40** Síðasti dans **1.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** 60 Minutes II 2004 **13.45** Perfect Strangers (69:150) **14.10** Bernie Mac 2 (12:22) (e) **14.35** The Guardian (13:22) **15.15** Jag (7:24) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00 Joey (15:24)** (Joey)
▶ **20.30 Það var lagið** Nýr íslenskur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem söngurinn er í aðalhlutverki.
**21.25 Two and a Half Men (6:24)** (Tveir og hálfur maður) Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnsaldri.
**21.50 Osbournes 3(a) (5:10)** (Osbourne-fjölskyldan)
**22.15 Real Cancun** (Vorferðalagið) Kvikmynd um það sem raunverulega gerist þegar bandarískir námsmenn fara í sitt árlega vorferðalag (Spring Break). Hér er fylgst með hópi hressra krakka sem halda á vit ævintýranna í Cancun í Mexíkó. Leikstjóri er Rick de Oliveira en myndin er frá árinu 2003. 2003. Bönnuð börnum.

**23.50** Fear (Stranglega bönnuð börnum) **1.25** The Invisible Circus (Bönnuð börnum) **2.55** Fréttir og Ísland í dag **4.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers – 3. þáttaröð

**18.30 Queer Eye for the Straight Guy (e)**
**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.45 Still Standing (e)**
**20.10 Ripley's Believe it or not! – NÝTT!** Í Ripley's Believe it or Not! er ferðast um víða veröld og fjallað um sérstaka og óvenjulega einstaklinga og aðstæður.
**21.00 Pimp My Ride** Þættir frá MTV sjónvarpsstöðinni um hvernig er hægt að breyta örgustu bíldruslum í næstum því stórkostlegar glæsikerrur!
▶ **21.30 MTV Cribs – NÝTT!** Í þáttunum bjóða stjörnurnar fólki að skoða heimili sín hátt og lágt og upplýsa áhorfendur um hvað þær dunda sér við heimavið.
**22.00 Djúpa laugin 2** Gunnhildur og Helgi para fólk saman í beinni útsendingu í þessum stefnumótaþætti.
**22.50 Sjáumst með Silvíu Nótt – NÝTT (e)**

**23.20** The Bachelor (e) **0.05** Dead Like Me – upphitun (e) **0.50** Tvöfaldur Jay Leno **2.30** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Hearts in Atlantis (B. börnum) **8.00** Jerry Maguire **10.15** Company Man **12.00** Cats & Dogs **14.00** Jerry Maguire **16.15** Company Man **18.00** Cats & Dogs **20.00** Hearts in Atlantis (B. börnum) **22.00** Equilibrium (Strangl. b. börnum) **0.00** Crouching Tiger, Hidden Dragon (B. börnum) **2.00** Have Plenty (Strangl. b. börnum) **4.00** Equilibrium (Strangl. b. börnum)

### OMEGA

**7.00** J. Meyer **7.30** B. Hinn **8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna og tilveruna **9.00** Maríusystur **9.30** Blandað efni **10.00** J. Meyer **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverustund (e) **13.00** J. Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** J. Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Vatnaskil **21.00** Mack Lyon **21.30** Acts Full Gospel **22.00** J. Meyer **22.30** Blandað efni 23.00 CBN fréttastofan **0.00** Miðnæturhróp

### AKSJÓN

**7.15** Korter

### ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**16.30** Football: World Cup Germany **18.30** Football: U-21 Festival Toulon France **20.30** Football: Top 24 Clubs **21.00** Tennis: Grand Slam Tournament French Open **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Rally: World Championship Turkey **22.45** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Born and Bred **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Angelmouse **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** Stitch Up **15.00** Cash in the Attic **15.30** Home Front in the Garden **16.00** Safe as Houses **17.00** Tony and Giorgio **17.30** Mersey Beat **18.30** Mastermind **19.00** The Blackadder **19.35** 3 Non-Blondes **20.05** Alistair McGowan's Big Impression **20.30** Top of the Pops **21.00** Lenny's Big Atlantic Adventure **22.00** The Cazalets **23.00** Battlefield Britain **0.00** Hitch **1.00** Spain Means Business **1.30** Japanese Language and People **2.00** The Money Programme

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** The World's Most Powerful Dam **13.00** Golden Gate **14.00** North Sea Wall **15.00** Channel Tunnel **16.00** The World's Longest Bridge **17.00** The Tallest Towers **18.00** The World's Most Powerful Dam **19.00** Golden Baboons **20.00** The Truth About Killing **22.00** Shipwreck Detectives **23.00** Air Crash Investigation **0.00** Riddles of the Dead

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Cell Dogs **13.00** Animal Precinct **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Young and Wild **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Cell Dogs **19.00** Animal Precinct **20.00** Miami Animal Police **21.00** Venom ER **22.00** Journey of the Giant **23.00** Sharks of the Deep Blue **0.00** The African King **1.00** Savage Paradise **2.00** The Crocodile Hunter Diaries

**DISCOVERY**
**12.00** Extreme Machines **13.00** Killer Tanks **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** John Wilson's Fishing Safari **16.00** Super Structures **17.00** Aircrash **18.00** Mythbusters **19.00** American Casino **20.00** Scene of the Crime **21.00** Impossible Heists **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Europe's Secret Armies

**MTV**
**12.00** Cribs **12.30** The Fabulous Life of **13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80's **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** Rise & Rise Of **20.00** Fabulous Life Of... **20.30** Best of Motley Crue **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Africa on a Plate **12.40** Race to the Altar **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Spicy Sex Files **20.45** What Men Want **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Crime Stories **23.10** Entertaining With James **23.40** Cheaters **0.25** Anything I Can Do **0.55** Weekend Warriors

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** The E! True Hollywood Story **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The Entertainer **16.00** 101 Most Awesome Moments in... **17.00** Dr. 90210 **18.00** E! News **18.30** Extreme Close-Up **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** High Price of Fame **21.00** Gastineau Girls **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** E! News **23.30** Behind the Scenes **0.00** The E! True Hollywood Story **1.00** 101 Most Awesome Moments in...

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.00** The Wizard of Loneliness **13.50** Masquerade **15.30** Dr. Blood's Coffin **17.00** The Facts of Life **18.45** A Twist of Sand **20.15** The Shatterbrain **22.00** Night Fighters **23.30** Ski School **1.00** Roadhouse 66 **2.35** Crossplot

**TCM**
**19.00** Diner **20.50** The Hunger **22.25** Signpost to Murder **23.40** Captain Sindbad **1.05** Above Suspicion **2.35** 'G' Men

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**MTV CRIBS** Skjár Einn **kl. 21.30.**

### Heimili fræga fólksins

***Enginn þáttastjórnandi er í MTV Cribs.***

Þátturinn MTV Cribs hefur göngu sína á Skjá einum í kvöld, en það er þáttur frá sjónvarpsstöðinni MTV, rétt eins og Pimp My Ride sem eru sýndir klukkan 21.00 á föstudagskvöldum. Í MTV Cribs fær tökulið sjónvarpsstöðvarinnar að kíkja heim til fræga fólksins og skoða heimili þeirra. Stjörnurnar segja áhorfendum þáttanna frá öllu í húsinu sínu, hvert sé uppáhaldshornið þeirra og hvað er í ísskápnum þeirra. Einnig sýnir fræga fólkið okkur heima í stofu hvernig bíl, eða bíla, það á og margt fleira.



Brot úr MTV Cribs.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I once fought two days with an arrow through my testicle.“**

**Svar:** Godfrey frá Ibelin úr kvikmyndinni Kingdom of Heaven árið 2005.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið **13.01** Hrafnaþing **14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu.. **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e. **23.00** Úrval úr Allt & sumt **0.00** Hrafnaþing e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Uppá teningnum **14.03** Smásaga, Í sælli sumarblíðu **14.35** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Lifandi blús **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Andblær frá Ipanema

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**23.15** *Íþróttir*

**ÚRSLITAKEPPNI NBA Tveir leikir; annars vegar Miami Heat og Detroit Pistons og hins vegar Phoenix Suns og San Antonio Spurs.–**

## SÝN

**7.00** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00 Gillette-sportpakkinn**
**19.30 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**20.00 World Supercross** (Sky Dome) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250 rsm) í aðalhlutverkum. Keppt er víðsvegar um Bandaríkin og tvisvar á keppnistímabilinu bregða vélhjólakapparnir sér til Evrópu. Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda enda sýna menn svakaleg tilþrif.
**21.00 World Poker Tour 2** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins.
**22.30 David Letterman**

**23.15** NBA (Miami – Detroit)

## POPP TÍVÍ

**19.00** Sjáðu (e) **21.00** Íslenski popplistinn

### HALLMARK

**12.45** Voyage Of The Unicorn **14.15** The Red Sneakers **16.00** Early Edition **16.45** Mercy Mission: The Rescue of Flight 771 **18.30** The Colt **20.00** Law & Order Vii **20.45** The Devil's Arithmetic **22.30** The Mapmaker **0.00** Law & Order Vii **0.45** The Colt **2.15** The Devil's Arithmetic

### BBC FOOD

**12.00** A Cook's Tour **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Naked Chef **13.30** Paradise Kitchen **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **15.30** Ready Steady Cook **16.00** The Rankin Challenge **16.30** Wild Harvest **17.00** Chef at Large **17.30** Douglas Chew Cooks Asia **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Naked Chef **19.30** Wild and Fresh **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Coconut Coast **21.30** Ready Steady Cook

### DR1

**13.20** Haven i Hune **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Hokus Krokus **14.30** Hammerslag **15.00** Shin Chan **15.10** Scooby Doo **15.30** Plan B **16.00** Fredagsbio **16.10** Lauras stjerne **16.20** Mira og Marie **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** Klienten **21.25** Lady Jayne: lejemorder

### SV1

**12.35** Fader Ted **13.00** Sommardebatt **14.00** Rapport **14.05** Helt historiskt **14.35** Johan Galtung **15.30** 50 år med ekologiskt lantbruk **16.00** Hästfolk **16.30** Emil i Lönneberga **16.55** Gula giraffens djurhistorier **17.00** Creepschool **17.30** Rapport **18.00** Sommarkrysset **19.00** Sammansvärjningen **21.10** Rapport **21.20** Kulturnyheterna **21.30** Ulveson och Herngren **22.00** En sommarsaga **23.50** Sändning från SVT24





## HRÓSIÐ

*... fær íslenska sundfólkið á Smáþjóðaleikunum í Andorra sem hefur staðið sig frábærlega. Þau hafa landað hverju gullinu á fætur öðru og tekist að sanna enn og aftur að Íslendingar eru fremstir meðal jafningja.*



**Lárétt:** 1 bliknar, 6 kasta upp, 7 eignast, 8 tveir eins, 9 fæða, 10 gerast, 12 eins um i, 14 ennþá, 15 nes, 16 leit, 17 virti, 18 hró.
**Lóðrétt:** 1 komin í heiminn, 2 tímabil, 3 tónn, 4 ómögulega, 5 sláa, 9 hagnað, 11 orm, 13 glaði, 14 hestur, 17 skóli.

**Lausn:**

**Lárétt:** 1 fölnar, 6 æla, 7 fá, 8 dd, 9 ala, 10 ske, 12 kík, 14 enn, 15 tá, 16 sá, 17 mat, 18 skar.
**Lóðrétt:** 1 fædd, 2 öld, 3 la, 4 afleita, 5 ráa, 9 akk, 11 snák, 13 kátt, 14 ess, 17 mr.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Gunnar I. Birgisson.
2. Á Selfossi.
3. Við Ungverjaland.






REYKJAVÍKURNÆTUR > **HARPA PÉTURSDÓTTIR** RÁÐLEGGUR FÓLKI AÐ LEGGJA NÚMER EKKI Á MINNIÐ

# *Aldrei staupa og stimpla!*

Ég heyrði frasa í bíómynd um daginn sem festist í hausnum á mér eins og vont lag í útvarpinu. Setningin var: „Never drink and dial!" sem myndi þýðast yfir á íslensku sem „Aldrei staupa og stimpla!"

Þetta hefði átt að vera búið að segja mér fyrir löngu! Einu sinni hafði ég verið að skemmta mér á ákveðnum stað í Reykjavíkurborg. Daginn eftir vakna ég hin ánægðasta með útkomu helgarinnar. En sú ánægja varði aðeins þangað til að ég fletti í gegnum skilaboðin sem ég hafði sent kvöldið áður. Þá rakst ég á eitt sem ég hafði sent ákveðnum manni sem ég átti yfir höfuð alls ekki að vera að senda skilaboð og ég hafði ekki verið í neinum sms-sendingum við fyrr um kvöldið. Í skilaboðinu stóð: „Ok gott að heyra,,, Ég hef aftus satus á alter kb-kaupara. You're lucky." Þá helltist stingurinn yfir mig eins og heil tengdafjölskylda og ég féll í djúpa eftirsjá.

Allir sem hafa verið „single" eftir að gsm-sms-menningin hóf sitt skeið þekkja tilfinninguna að vakna morguninn eftir djamm. Eitt af fyrstu verkum þynnkudagsins er að bursta í sér tennurnar og skoða „sent items" eða „send skilaboð" gærkvöldsins. Sú athöfn er mjög ákveðin; þá er best að setja sig í góða stellingu eins og undir sæng eða allavega með eitthvað nálægt sem maður getur breitt yfir sig þegar bjánabólurnar byrja að spretta. Svo er líka voða gott að hafa eitt stykki góða vinkonu við höndina sem er sniðug og hjálpar þér að breyta bömmernum í hláturskast. Síðan er síminn tekinn í hönd og ferlið hefst. Þá eru skilaboð djammkvöldsins tekin í einni runu og það er algerlega bannað að stoppa, nema þá rétt aðeins til að hlæja að stafsetningu, málfari og símanúmeravali. Svo þegar öll herlegheitin eru yfirstaðin er klárlega næst í stöðunni að ýta fast á „eyða öllum skilaboðum"!

Reyndir menn hafa komið með lausn á vandkvæðum þessa augnabliks sem allir einstæðingar kvíða. Sú lausn er að byrja daginn á því að velja strax „eyða öllum skilaboðum", án þess að svo mikið sem líta öðru auganu á þau.



Hér með ætla ég að koma með betra ráð fyrir alla sem eru heitir fyrir einhverjum og vilja með öllu móti halda andlitinu. Besta ráðið er að leggja aldrei númerið á minnið, skrifa það á miða og líma á ísskápinn áður en haldið er á djammið og eyða manneskjunni út úr símaskránni í gemsanum. Þá verður óhjákvæmilegi „daginneftirbömmerinn" hjákvæmilegur. Svo mæli ég með því að símafyrirtæki landsins taki sér fyrirtæki sömu tegundar annarra Evrópulanda til fyrirmyndar og bjóði upp á jafn góða þjónustu og þau, sem er að læsa hringingum í ákveðin númer tímabundið. Trúið mér, það bjargar helginni!



**STEFÁN MEÐ VISTMÖNNUM** Frá vinstri: Þorsteinn Hansson, Stefán Einar Stefánsson, Matthía Jónsdóttir og Kristján Jóhannsson.

STEFÁN EINAR STEFÁNSSON: 22 ÁRA SKEMMTANASTJÓRI Á HRAFNISTU

# Æskulýðsfulltrúi á elliheimili

Stefán Einar Stefánsson er 22 ára guðfræðinemi sem hefur umsjón með félagsstarfi vistmanna á Hrafnistu í Laugarásnum. Þetta er nokkuð óvenjulegt starf fyrir svo ungan mann og segir hann að einn forráðamanna heimilisins hafi sagt við sig: „Þú ert nú svolítið skrítinn." Stefán segist alveg geta tekið undir það og að hann sé kannski ekki eins og flestir tvítugir krakkar. „Ég er ævaforn í hugsun og hef mikinn áhuga á þjóðfræði og íslenskri sögu. Þar eru íbúar Hrafnistu ótæmandi viskubrunnar enda margir fæddir fyrir frostaveturinn mikla." Þetta hófst með því að eftir að hafa farið í kokkteilboð með félagi guðfræðinema á Hrafnistu til að kynna sér starfsemina ákvað Stefán að koma þangað aftur á páskaföstunni og lesa upp úr Passíusálmunum, ásamt því að segja frá lífshlaupi Hallgríms Péturssonar á nýstárlegan hátt. Upp úr því höfðu stjórnendur heimilisins samband við Stefán með það í huga að hann tæki að sér þetta starf. „Ég hafði ekki unnið neitt svipað starf áður en bjó þó hjá ömmu minni í 6 ár. Ég sat allnokkra fundi með stjórnendum áður en þeir réðu mig því þeir tóku sér tíma í að vega mig og meta, enda mikilvægt starf." Stefán segir að honum finnist þetta mikið skemmtilegra en að vinna með börnum, sem flestir skólafélagar hans í guðfræðinni taki þátt í.

Stefán segir starfið vera mjög fjölbreytt. „Við byrjum daginn á upplestri úr blöðunum og svo lesum við einnig upp úr skáldsögum eða ævisögum. Við erum nýkomin úr messu úr Grafarvoginum og svo höldum við sjómannadaginn mjög hátíðlegan." Á sjómannadaginn verður opið hús á Hrafnistu og sýning á handverki íbúa. Svo er næst á dagskrá að fara í dagsferð með Kiwanisönnum upp í Hvalfjörð og á Akranes. „Við höldum líka ofsalega skemmtileg bjórkvöld einu sinni í mánuði, með harmonikkuleik og dansi." Stefáni líður mjög vel og er ánægður í starfinu. „Ég læri meira af þessu fólki en í nokkrum skóla og þau hafa svo margt að gefa. Þau horfa á lífið frá sjónarhorni reynslu en ekki tilfinninga og búa því yfir meiri visku og æðruleysi en yngra fólk."

**soleyk@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Snæfríður Ingadóttir,** fyrrum ritstjóri Iceland Express, hefur störf á mánudaginn sem ritstjóri Dægurmálaútvarps Rásar 2. Hún mun taka við af **Sigtryggi Magnasyni** sem eins og kunnugt er hefur tekið við ritstjórn blaðsins Sirkus ásamt **Önnu Margréti Björnsson**, en blaðið er gefið út á vegum 365. Ekki er ljóst hversu lengi Snæfríður mun dvelja í Útvarpshúsinu en hún mun að minnsta kosti stýra Dægurmálaútvarpinu fram eftir sumri. Hún getur því verið þakklát fyrir að hafa fundið vespuna sína enda er löng leið frá miðbænum og upp í Efstaleiti. Þess má einnig geta að Snæfríður og Sigtryggur unnu eitt sinn saman á gamla DV.



**Alfreð Þorsteinsson**, stjórnarformaður Orkuveitunnar, stendur í stórræðum sem aldrei fyrr. Eins og fram hefur komið skipuleggur Alfreð allt að 600 sumarhúsa land í landi Úlfljótsvatns. Alfreð hefur áður stýrt Orkuveitunni í ýmsar framkvæmdir sem ekki hefur verið sátt um þ.á.m. starfsemi Línu.Nets. Einn þeirra sem tengjast hinu nýja félagi Orkuveitunnar og Klasa, dótturfélags Íslandsbanka, er **Ragnar Atli Guðmundsson**. Hann er skráður framkvæmdastjóri Klasa en hann hefur áður komið að verkefnum fyrir Orkuveituna þar sem hann sat í fjölda ára í stjórn Línu.Nets.




SIGIN GRÁSLEPPA, STÓR HUMAR

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga frá 10-14.30


# Ljóti andarunginn ljómar skærast

Í tilefni þess að eitt þekktasta kennileiti Breiðholtsins fer í gegnum mikla andlitslyftingu um þessar mundir, birtist í gær á þessari síðu viðtal við Sigtrygg Valgeir Jónsson, húsvörð í Asparfelli Efra-Breiðholtsins, en það láðist að birta mynd af blokkinni sjálfri í nýju litunum. Þótt blokkin sé ein af stærri byggingum borgarinnar og áberandi útvörður Efra-Breiðholts í austri, er ekki alveg víst að landsmenn hafi allir áttað sig á því um hvaða hús sé að ræða og því birtum við viðeigandi mynd af þessum fagra andarunga, sem margir hafa elskað að hnýta í og kalla ljótasta mannvirki höfuðborgarinnar. Hins vegar er enn og aftur bent á að Fellahverfið var nefnt meðal fegurstu staða lýðveldisins í nýlegri skoðanakönnun Fréttablaðsins núna í maí.

Aspar- og Æsufell voru sannkölluð framtíðarsýn þegar þær blokkir voru byggðar upp úr 1970, með sérstökum frystihólfum fyrir íbúðirnar í sameign blokkarinnar, forláta þvottahúsum fyrir hverja hæð og sérútbúnum leiguherbergjum með baðherbergjum, sem enn í dag ná ekki að anna eftirspurn; rómað útsýni yfir borgina, flóann, jökulinn og Esjuna, svo fátt sé upptalið úr gluggum þessa mikla mannvirkis. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SIGTRYGGUR VALGEIR JÓNSSON HÚSVÖRÐUR Í ASPARFELLI** Stendur stoltur fyrir utan fjölmennustu blokk landsins sem nú fer í nýju fötin.

# Forhlustun

## alla helgina á tonlist.is

**COLDPLAY X&Y**
**Þriðja plata Chris Martin og félaga í Coldplay kemur út mánudaginn 6. júní. Platan hefur nú þegar fengið frábærar viðtökur gagnrýnenda um allan heim en Tonlist.is býður þér einstakt tækifæri til að hlusta á alla plötuna um helgina áður en hún kemur í verslanir.**

**Einstakt tækifæri fyrir alla til að hlusta á 3 magnaðar plötur áður en þær koma út!**

**Alla helgina á tonlist.is!**







**BUBBI**
**Ást /...í 6 skrefa fjarlægð frá paradís**

**Nýju plöturnar hans Bubba koma út mánudaginn 6. júní en þú getur hlustað á báðar plöturnar á Tonlist.is um helgina áður en þær koma í verslanir!**

**Sendu Bubba póst á bubbi@tonlist.is og segðu honum hvernig þér fannst plöturnar!**



sena D3 **TONLIST.IS**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR


## Af einyrkjum og öryrkjum

Það er nú annars aldeilis bjart yfir landinu okkar sæla. Sem betur fer þarf maður ekkert að missa svefn yfir því að þar sé neitt að. Grundvallaratvinnugreinarnar smám saman að halla sér (hvort eð er of mikið slím og slor til þess að svona smartri þjóð sé ekki sama), ferðaiðnaðurinn í uppnámi (sem er í lagi vegna þess að hann er að mestu stundaður af einyrkjum). Og allir að verða öryrkjar.

**EN** krónan er sterk. Hvað má sárlasinni þjóð sem horfir á sína mjólkurkusu leidda til slátrunar ekki vera sama þótt allt fari fjandans til, ef krónan hennar er sterk og útlendingar sjá um puðið.

**ÞAÐ** er líka alveg sama hversu miklir öryrkjar við verðum, við munum alltaf eiga fallegustu konurnar, sterkustu mennina, hreinasta vatnið, flottustu arfleifðina. Við erum svo æðisleg að við getum leyft okkur að fjölga öryrkjum um fjörutíu prósent á fimm árum, ef okkur sýnist.

**HUNDRAÐ** og fjörutíu atvinnulausir á landsbyggðinni á einu bretti. Sé kjarnafjölskylda á bak við hvern atvinnuleysingja, erum við að tala um á milli fimm og sex hundruð manns sem standa skyndilega uppi óbjargálna. Allar siðmenntaðar þjóðir, eins og við, vitum hvaða andlegu afleiðingar það hefur. Atvinnuleysi þýðir vonleysi, sem er ávísun á langvinna andlega slæmsku. Fjölskyldur splundrast, foreldrar missa fótanna, börn tapa áttum. Sem er bara gott, vegna þess að þá komumst við nær heimsmetinu í öryrkjaframleiðslu.

**EF** við teljum einyrkjana í ferðaþjónustunni með, færumst við enn hraðar nær heimsmetinu. Þetta er bara eitthvert fólk sem hefur lagt allt sitt undir til þess að byggð megi haldast á landsbyggðinni – að áeggjan stjórnvalda, sem hafa lagt til einhverjar krónur til styrktar framtakinu, rétt eins og um árið þegar refabú var svarið, síðan minkabú, fiskeldi, skógrækt, bændagisting.

**ÖRYRKJAFRAMLEIÐSLUSTEFNAN** hefur varað svo lengi að við erum farin að trúa því að allt sé gott ef krónan er sterk. Kunnum ekki lengur við að gera kröfu um að fá að halda mannlegri reisn. ■





…þá lögum við okkur að þínum þörfum!

**Vildarþjónusta Sparisjóðsins**

er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sérsniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta sparisjóði eða á **www.spar.is**.

- Lán án ábyrgðarmanna og afsláttur af lántökugjöldum
- Frítt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Sérkjör hjá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins
- Endurgreiðsla persónutrygginga
- Frábær tilboð hjá Og Vodafone, Plúsferðum og Úrval Útsýn

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir þig og þína*

*Gildir í Gull- og Eðalþjónustu

**Sexfaldur sigurvegari** | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | **spar.is**

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Innritun fyrir sumarönn 23. maí - 6. júní á www.fa.is**

**Skólameistari**